













# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

9. apríl 2005 – 94. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 vísir

## LAUGARDAGUR



**FALSAÐAR HAPPAÞRENNUR TIL LÖGREGLU** Fölsun á happaþrennum er leið sem óprúttnir reyna til að svíkja út fjármuni. Þrjár slíkar falsanir hafa verið kærðar til lögreglunnar í Reykjavík. **Sjá síðu 2**

**RÁÐHERRAR ÓSAMMÁLA UM HLUTVERK ÍBÚÐALÁNASJÓÐS** Árni Magnússon segir umræðu um breytingu á hlutverki Íbúðalánasjóðs ekki vera tímabæra. Hann segir að Geir H. Haarde eigi að útskýra frekar orð sín. **Sjá síðu 2**

**SYKURSÝKI Á MEÐGÖNGU STÓREYKST** Konum sem greinst hafa með sykursýki á meðgöngu hefur fjölgað gífurlega á síðustu árum. Hún eykur hættu á sykurföllum, gulu og axlarklemmu hjá nýburum. Um 40 prósent kvenna sem fá meðgöngusykursýki þurfa að nota insúlín. **Sjá síðu 4**

### VEÐRIÐ Í DAG




**MILT VEÐUR** Síst austan til þar sem hiti verður við frostmark. Rigning eða skúrir víðast hvar en snjókoma eða slydda norðaustan og austan til. **Sjá síðu 4**

### DAGURINN Í DAG



**VORHÁTÍÐ KFUM OG KFUK** Vorhátíð KFUM og KFUK verður haldin í Vetrargarðinum í Smáralind í dag frá klukkan 12. Boðið verður upp á fjölbreytt skemmtiatriði, þar á meðal hinar landskunnu hljómsveitir Nylon og Búdrýgindi, samhliða því sem starfsemi félaganna og einstakra deilda verður kynnt.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Kvikmyndir | 38 | Myndlist | 36 |
| Tónlist | 36 | Íþróttir | 30 |
| Leikhús | 36 | Sjónvarp | 40 |

**77%**

fólks í úthverfum lesa Fréttablaðið daglega.*

Ekki missa af fólkinu í stærstu hverfunum.

*Gallup febrúar 2005

FRÉTTABLAÐIÐ



AP MYND

**KIRKJULEIÐTOGAR KVEÐJA PÁFA** Leiðtogar kirkjudeilda Austurkirkjunnar blessa líkkistu Jóhannesar Páls II við útförina á Péturstorginu í gær. Rauðklæddir kardínálar kaþólsku kirkjunnar fylgjast með.

# Ein fjölmennasta útför sögunnar

**Milljónir manna fylgdust með útför Jóhannesar Páls II páfa í gær. Margir líkfylgdargesta kölluðu eftir því að hann yrði tekinn í dýrlingatölu.**

**PÁFAGARÐUR, AP** Í einni fjölmennustu útför sem nokkru sinni hefur farið fram í mannkynssögunni var Jóhannes Páll II páfi lagður til hinstu hvílu meðal forvera sinna í Péturskirkjunni í Róm í gær. Milljónir manna syrgðu páfa úti um allan heim og margir fylgdust með útförinni í beinni sjónvarpsútsendingu, hér á landi sem annars staðar.

Hundruð þúsunda kaþólskra pílagríma kölluðu eftir því á Péturstorginu að Jóhannes Páll verði tekinn í dýrlingatölu.

„Ég er hér ekki aðeins til að biðja fyrir honum, heldur líka til að biðja til hans, því ég álít hann vera dýrling,“ hefur AP-fréttastofan eftir Therese Ivers, 24 ára stúlku frá Kaliforníu, sem hélt bandaríska fánanum á lofti í mannmergðinni.

Þýski kardínálinn Joseph Ratzinger, sem var náinn samstarfsmaður páfa og er einn hugsanlegra arftaka hans, flutti tilfinningaþrungna líkræðu þar sem rakinn var ferill Jóhannesar Páls frá verkamannstilveru í Póllandi stríðsáranna til andlegs leiðtoga þess eins milljarðs manna sem tilheyra kaþólsku kirkjunni. Ratzinger þurfti um tíu sinnum að gera hlé á ræðunni vegna lófataks útfarargesta. Útfararmessan tók tvo og hálfan tíma.

Fyrirmennin frá öllum heimshornum sem voru við útförina endurspegluðu þá miklu breidd trúarbragða og menningarheima sem Jóhannes Páll leitaði eftir samræðu við í nafni friðar, skilnings og virðingar í páfatíð sinni, sem spannaði alls 26 og hálft ár. Þessi fjölbreytni setti sterkan svip á líkfylgdina: Biskupar rétttrúnaðarkirkjunnar í síðum kuflum, rabbínar með jarmúlkur og arabar með köflótta höfuðklúta, Mið-Asíumenn með lambaskinnshúfur og vestrænir leiðtogar í jakkafötum. Alls voru fulltrúar 138 þjóðlanda viðstaddir. Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra var við útförina fyrir Íslands hönd.

„Þetta hefur verið stórkostlegur dagur fyrir mig,“ sagði Halldór í samtali við Fréttablaðið eftir útförina. „Ég hefði aldrei trúað að það væri hægt að koma saman öllum þessum fjölda á sama stað, bæði fulltrúum ríkja og fólki hvaðanæva að.

Ég hitti páfann tvisvar, fyrst 1986 með Vigdísi forseta og síðan er hann kom til Íslands 1989. Hann hafði mikil áhrif á mig þannig að ég upplifði þessa athöfn af mikilli tilfinningu,“ sagði Halldór. „Mér fannst stórkostlegt hvernig fólkið tók þátt í þessari útför. Mér fannst dálítið undarlegt að heyra þetta klapp inn á milli, ég hef aldrei heyrt það fyrr í jarðarför. En það var leið fólksins til að láta álit sitt og tilfinningar í ljós.“

**sjá bls. 2 og 10**
**- aa**

Heimsmarkaðsverð á olíu:
## Enn lækkar olíuverð

**NEW YORK, AP** Heimsmarkaðsverð á olíu lækkaði í gær, fimmta daginn í röð. Við lokun markaða hafði verðið á olíufatinu lækkað um fjóra Bandaríkjadali frá því í byrjun vikunnar.

„Þetta var löngu tímabær leiðrétting,“ hefur AP-fréttastofan eftir Mike Fitzpatrick, miðlara við Fimat USA Inc. í New York.

Á mánudag fór verðið á markaði í New York í 58 dali en var komið niður í 53,3 dali við lokun í gærkvöldi. Á Lundúnamarkaðnum lækkaði verðið um nærri heilan dal í gær, niður í 52,90.

Markaðssérfræðingar segja þó að verðlækkanir vikunnar þýði ekki að hækkanabylgjan sé yfirstaðin. Á New York-markaði er verðið nú 43 prósentum hærra en fyrir ári. ■

Karl og Camilla:
## Brúðkaup eftir jarðarför

**BRETLAND, AP** Kominn beint úr jarðarför páfa gengur Karl Bretaprins í dag að eiga Camillu Parker Bowles í borgaralegri hjónavígslu í Windsor vestur af Lundúnum. Sjónvarpað verður frá kirkjulegri blessunarathöfn í kapellu Windsor-kastala í framhaldi af vígslunni.



**BRÚÐKAUPI FAGNAÐ** Minjagripir í búðarglugga í Windsor.

Karl prins hefur ekki átt sjö dagana sæla í breskum fjölmiðlum að undanförnu og í gær bættist eitt atvikið við sem var illa tekið heima fyrir. Í útför páfa, sem varð til þess að brúðkaupinu var frestað um einn dag, varð Karli á að taka í hönd Roberts Mugabe, forseta Zimbabwe, sem mættur var í útförina fram hjá ferðabanni Evrópusambandsins. **Sjá bls. 42**

SÓFASETT




ROSWELL 3+2
79.980
verð áður 119.980

**ROSWELL** Sófasett 3+2, fæst í camel og white smoke áklæði.

HÚSGAGNAHÖLLIN
Bíldshöfða 20 • Reykjavík • sími 585 7200

Rauðhærði rokkarinn:
*Eiríkur Hauksson er kominn á Klakann*
SÍÐA 24 ▶



Rainier er fallinn frá:
*Furstinn sem gekk að eiga ævintýraprinsessuna*
SÍÐA 28 ▶





## SPURNING DAGSINS

*Maggi, er kílóborgarinn næstur?*

**Já, um leið og það tekst að baka nógu stórt hamborgarabrauð.**

Magnús Garðarsson veitingamaður, betur þekktur sem Maggi mangó, býður upp á hálfs kílós hamborgara í Mangógrilli í Grafarvoginum, en slíkur borgari inniheldur meira en ráðlagðan dagskammt hitaeininga fyrir venjulegt fólk.

Útför páfa:

# Pólverjar tóku sér frí

**PÓLVERJAR** Gera má ráð fyrir að meginþorri allra Pólverja á Íslandi hafi tekið sér frí frá störfum í gær til að geta fylgst með sjónvarpsútsendingum frá útför Jóhannesar Páls páfa annars.

Alls búa um 1850 Pólverjar á Íslandi og eru þeir dreifðir um allt land. Á Suðureyri við Súgandafjörð búa um 30 Pólverjar og tóku þeir sér allir frí frá vinnu í gær til að fylgjast með útförinni og syrgja páfa. Ekki komu þeir þó saman í kirkju bæjarins eins og fréttir hermdu heldur komu menn saman í heimahúsum þar sem hægt var að ná gervihnattaútsendingum frá Póllandi.

Á Stöðvarfirði kom upp smámisklíð milli stjórnenda hjá fiskvinnslu Samherja á staðnum og níu Pólverja sem þar vinna, en Pólverjunum var í fyrstu meinað um frí til að fylgjast með útför páfa. Ástæðan var sú að starfsemi vinnslunnar myndi að mestu lamast við þetta, enda Pólverjarnir ríflega þriðjungur starfsmanna.

Málið leystist þó í mesta bróðerni með aðstoð góðra manna og fengu Pólverjarnir að horfa á útsendinguna frá Róm og sneru aftur til vinnu eftir hádegið. - sþs



**PÁFI SYRGÐUR**
Pólverjar um allan heim syrgja fyrsta pólska páfann, þar á meðal þessi sem var við sálumessu í Kraká.

Formaður Landssambands kúabænda:

# Skilyrðing vaxta

**KÚABÆNDUR** Þórólfur Sveinsson, formaður Landssambands kúabænda, telur koma til greina að setja skilyrði um að vextir á lánum kúabænda hjá Lánasjóði landbúnaðarins verði ekki hækkaðir upp fyrir ákveðið mark fyrstu árin eftir sölu skuldabréfanna og að skuldararnir geti fært skuldabréfin annað ef þeir telja vextina ekki nógu hagstæða.

Fyrirsjáanlegt er að Lánasjóður landbúnaðarins verði lagður niður og kröfur hans á hendur bændum verði seldar. Fyrirhuguð niðurlagning var til umræðu á þingi búnaðarbænda á Selfossi. - ghs





AUÐUN GEORG ÓLAFSSON

Markús Örn Antonsson:

# Hafnaði samningi

**RÍKISÚTVARPIÐ** Útvarpið skýrði frá því í gær að Markús Örn Antonsson útvarpsstjóri hefur hafnað beiðni lögmanns Auðuns Georgs Ólafssonar um viðræður um starfslokasamning við Ríkisútvarpið. Þegar Auðun Georg sagði sig frá starfi fréttastjóra fréttastofu Útvarpsins hafði hann ekki undirritað ráðningarsamning.

Að höfðu samráði við Kristján Þorbergsson, lögmann Ríkisútvarpsins, ákvað Markús Örn að hafna beiðninni.

Eyvindur G. Gunnarsson, lögmaður Auðuns Georgs segir að farið hafi verið fram á viðræður um starfslok. Í sínum huga sé það klárt að Auðun eigi rétt á bótum og uppsagnarfresti í vinnuréttulegum skilningi, en úr því þetta varð niðurstaðan ætli Auðun að láta þetta gott heita. - ss

Davíð Oddsson:

# Í veikindaleyfi

**STJÓRNMÁL** Davíð Oddsson lagðist inn á sjúkrahús í gær til eftirmeðferðar vegna þeirra sjúkdóma sem voru meðhöndlaðir síðastliðið sumar og haust. Hann verður nokkra daga á sjúkrahúsi og mun svo hvílast á heimili sínu. Hann er væntanlegur aftur til starfa eftir níu til tíu daga. ■

# Falsaðar happaþrennur til lögreglu

**Fölsun á happaþrennum er ein leið sem óprúttnir reyna til að svíkja út fjármuni. Þrjár slíkar falsanir voru nýlega kærðar til lögreglunnar í Reykjavík. Mest er um að reynt sé að svíkja út fimm þúsund króna vinninga.**

**LÖGREGLUMÁL** Fölsun á happaþrennum hefur verið kærð til lögreglunnar í Reykjavík, sem er með málið í rannsókn.

Eigandi söluturns sem Fréttablaðið ræddi við sagði að mörgum sinnum hefði verið reynt að framvísa fölsuðum happaþrennum í söluturninum hjá sér. Nýverið hefði það tekist og viðkomandi fengið greiddar út peningaupphæðir. Afgreiðslustúlkurnar hefðu nýverið hafið störf og ekki verið nógu vel á varðbergi.

„Þetta hefur verið gert með því að upphæð hefur verið tekin af einni happaþrennu og límd á aðra til að fá þrjár samsvarandi tölur og þar með vinning. Það er mikið reynt við fimm þúsund krónurnar.“

Hann sagði að í þeim þremur tilvikum sem starfsfólkið hefði greitt út falsaðar happaþrennur hefði verið um fimm þúsund krónur að ræða í hvert sinn. Málið hefði farið til lögreglu, en grunur léki á hver hefði verið að verki. Hann kvaðst hafa sett upp viðvörunarskilti í söluturninum hjá sér, þar sem starfsfólk væri varað við tilraunum til falsana.

„Ég hef verið með happaþrennurnar til að styðja málefnið, því það er lítið upp úr þeim að hafa,“ sagði eigandinn, sem kvaðst vera farinn að hugsa sig tvisvar um eftir falsanirnar. Hann sagði þó að Happdrætti HÍ hefði tekið á sig skellinn í þetta sinn þótt söluturninn væri ábyrgur. Söluaðilar fengju svo lítið fyrir sinn snúð að það hefði tekið tæpt ár að vinna



**FALSANIR**
Nokkuð hefur verið um að reynt sé að falsa happaþrennur til að svíkja út peninga. Falsararnir hafa þó ekki reynt við stórar upphæðir svo vitað sé.

þetta tap upp ef Happdrættið hefði ekki hlaupið undir bagga.

Steinunn Björnsdóttir deildarstjóri í Happdrætti HÍ staðfesti að fölsunin á happaþrennum hefði verið kærð til lögreglu, en hún sagði það sjaldgæft að fólk reyndi þetta og enn fátíðara að það tækist.

„Við erum alltaf að ræða þetta við fólk á sölustöðunum,“ sagði hún,“ þannig að það á að vera vakandi fyrir þessum hlutum. Við höfum ekki orðið mikið vör við tilraunir af þessu tagi í gegnum tíðina. En fólk reynir þetta.“

jss@frettabladid.is



**ENDANLEGA SKILIN**
Alexandra og Jóakim fengu skilnaðarvottorðið í hendur í gær.

Jóakim og Alexandra:

# Lögskilnaður staðfestur

**DANMÖRK, AP** Lögskilnaður Jóakims Danaprins og Alexöndru prinsessu var í gær staðfestur af konunglegum dómstól. Þar með lauk lögformlega tíu ára hjónabandi þeirra, en þetta er fyrsti skilnaðurinn í dönsku konungsfjölskyldunni í nærri 160 ár. Sá síðasti átti sér stað árið 1846, er Friðrik sjöundi skildi við prinsessuna Karolínu Charlottu Marianne af Mecklenburg-Strelitz.

Hjónin skildu að borði og sæng í október en minnst hálft ár þurfti að líða áður en lögskilnaðurinn gat tekið gildi. Þau deila forræði yfir sonunum tveimur, Nikolai og Felix. ■

## UTANRÍKISÞJÓNUSTA

**TRÚNAÐARBRÉF AFHENT** Tómas Ingi Olrich sendiherra afhenti í gær Dr. Jorge Fernando Branco de Sampaio, forseta Portúgal, trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Íslands með aðsetur í París. Í fréttatilkynningu kemur fram að Tómas Ingi hafi átt fund með Portúgalforseta að afhendingu lokinni og hafi þeir rætt góð samskipti ríkjanna.


Alltaf skynsamlegt

ÓB

ódýrt bensín

14 stöðvar!

www.ob.is


Íbúðalánasjóður:

# Ráðherrar ósammála um hlutverk Íbúðalánasjóðs

**ÍBÚÐALÁNASJÓÐUR** „Þegar menn tala um að Íbúðalánasjóður eigi að einbeita sér að einhvers konar félagslegum lánum þá finnst mér skorta upplýsingar um hvað menn eiga við með þessu“, segir Árni Magnússon félagsmálaráðherra.

Þetta eru svör Árna við þeim ummælum Geirs H. Haarde fjármálaráðherra á ráðstefnu Sambands banka og verðbréfafyrirtækja. Þar sagði Geir að framvindan á íbúðalánamarkaðnum vekti upp spurningar um eðlilega verkaskiptingu milli Íbúðalánasjóðs og bankanna. Eru þessi ummæli í takt við þá þróun sem bankarnir hafa sagt að væri eðlileg.

Telur Geir eðlilegt að hlutur sjóðsins beinist í framtíðinni í meira mæli að félagslegum þáttum og þeim landshlutum sem markaðurinn sýnir minni áhuga.

Árni segist alls ekki útiloka það að hlutverk Íbúðalánasjóðs muni breytast í framtíðinni en telur þessa umræðu ekki tímabæra.

„Í mínum huga snýst þetta um eitt lykilatriði og um það mun ég standa vörð, að okkur ber skylda til þess, að fólk hvar sem það er, eigi þess kost að koma sér þaki yfir höfuðið fyrir sem hagkvæmast verð, segir Árni Magnússon. - sþs

FRÉTTABLAÐIÐ/E. ÓL



**ÁRNI MAGNÚSSON**
Félagsmálaráðherra og fjármálaráðherra eru ekki sammála um framtíðarhlutverk Íbúðalánasjóðs.



Emeleruð grillgrind og hitagrind

## Gasgrill, Omega 200 EX

Grillflötur 50x36 sm, 6.2 Kw, tvískiptur brennari, emeleruð grillgrind, hitagrind, hliðarborð neistakveikja, þrýstijafnari, hraunsteinar.
3000235

**14.900**



## Gasyljari, ryðfrír




- Útvíður (kónískur) brennari, sem kemur í veg fyrir "kalda bletti", þar eð hitinn endurvarpast beint frá innfelldri ryðfrírri skál á ytra net, sem gefur betri virkni og sparar gas.
- Hitarinn er á hjólum sem auðveldar flutning.

Fyrir veröndina eða sólpallinn, 13 KW brennari, hitar vel til hliða. Rafeindakveikja og hitastillir. Hæð 228 sm. Tekur venjulegt gashylki.
2999717

**23.900**



## Gasgrill, Outback Trooper EX

Grillflötur 48x50 sm, 7.87 Kw, tveir brennarar úr steypujárni, hjálmur með postulínsemeleringu grill og grillgrind er húðað með postulínsemeleringu sem gefur góða vörn gegn háum hita og ryði, auðþrífanlegur lekabakki, hitamælir á hlíf.
3000236

**29.900**



## Gasgrill, Outback Hunter EX

Grillflötur 60x50 sm, 11,8 Kw, 3 brennarar úr steypujárni. Hjálmur með postulínsemeleringu, grill og grillgrind húðað með postulínsemeleringu sem gefur góða vörn gegn háum hita og ryði. Auðþrífanlegur lekabakki, hitamælir á hlíf, aðfellanleg hitagrind, hraunsteinar.
3000237

**37.900**

Grillyfirbreiðslur í úrvali

OUTBACK®



## Reiðhjól, 24"

Shimano TY 21 gíra, dempari að framan og aftan. Álstell með diskabremsum að framan, V bremsur að aftan
3899941

**17.900**



Einnig til í bláu

## Reiðhjól, 20"

**Fit 2001**, 6 gíra grip shift, dempari að framan og aftan.
3899949

**13.900**

# Vertu klár

## ...fyrir vorið

**HÚSASMIÐJAN**
...ekkert mál

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 8.4.2005

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 61,27 | 61,57 |
| Sterlingspund | GBP | 114,57 | 115,13 |
| Evra | EUR | 78,62 | 79,06 |
| Dönsk króna | DKK | 10,55 | 10,62 |
| Norsk króna | NOK | 9,62 | 9,68 |
| Sænsk króna | SEK | 8,59 | 8,64 |
| Japanskt jen | JPY | 0,56 | 0,57 |
| SDR | XDR | 91,94 | 92,48 |

*Gengisvísitala krónunnar*

**108,56 -0,07%**

Heimild: Seðlabanki Íslands

Kosningabaráttan í Bretlandi:

# Áhyggjur af gjaldþroti

**BRETLAND, AP** Breska ríkisstjórnin lagði á það áherslu í gær að hún væri að gera allt sem í hennar valdi stæði til að afstýra gjaldþroti MG Rover bílaverksmiðjanna, í von um að afstýra með því að kjósendur refsuðu henni fyrir meint aðgerðarleysi í þingkosningunum 5. maí.

Um 6.000 störf eru í hættu í Rover-bílaverksmiðjunni í Longbridge í Mið-Englandi, en kjördæmin á því svæði eru vettvangur harðvítugrar baráttu um þingsætin. Bæði Íhaldsflokkurinn og Frjálslyndi flokkurinn gera sér vonir um að vinna þar sæti af Verkamannaflokki Tony Blair.

Stjórnin hefur sett efnahagsmál á oddinn í kosningabaráttunni; hún hreykir sér af lítilli verðbólgu, minna atvinnuleysi og lágu vaxtastigi. Ekki var ljóst hve mikinn pólitískan mat stjórnarandstöðuflokkarnir kynnu að gera sér úr vandamálum MG Rover. En endanlegt gjaldþrot síðasta breska fyrirtækisins sem fjöldaframleiðir bíla gæti vakið neyðarlegar spurningar um stöðu bresks iðnaðar. ■



**REYNA AÐ BJARGA ROVER**
Tony Blair forsætisráðherra og Gordon Brown fjármálaráðherra fóru í gær á fund verkalýðsfélags í Birmingham sem flestir verkamenn Rover eru félagar í.

RÚV á Austurlandi:

## Fimm sækja um

**FJÖLMIÐLAR** Fimm umsækjendur eru um starf forstöðumanns svæðisútvarps RÚV á Austurlandi, sem auglýst var nýlega.

Tveir eru starfandi fréttamenn RÚV á Austurlandi, þau Ásgrímur Ingi Arngrímsson og Edda Óttarsdóttir. Aðrir umsækjendur eru Ágúst Ólafsson, ráðgjafi á Egilsstöðum, Pétur Már Guðjónsson, dagskrárgerðarmaður á Akureyri og Sigurður Mar Halldórsson, ritstjóri héraðsfréttablaðsins Eystrahorns á Hornafirði.

Gert er ráð fyrir að útvarpsstjóri ráði í stöðuna í byrjun maí að fenginni umsögn útvarpsráðs.

**- sþs**

Formaður Landssambands kúabænda:

## Starfsemi Mjólku í lagi

**KÚABÆNDUR** Þórólfur Sveinsson, formaður Landssambands kúabænda, telur að starfsemi og tilvist Mjólku, sem hyggst starfa utan við greiðslumarkskerfið, grafi ekki undan kerfinu hjá kúabændum. Aðrir kúabændur hafa lýst yfir áhyggjum, þar sem þeir kúabændur sem skipta við Mjólku þurfa ekki að hafa mjólkurkvóta til að framleiða mjólk. Við stofnun Mjólku sögðu forsvarsmenn fyrirtækisins að ein ástæða fyrir stofnun mjólkursamlagsins væri hátt leiguverð á mjólkurkvóta. Því væri í raun hagstæðara að standa utan kerfisins.

„Ég velti því einmitt upp í ræðu minni í dag hvort þetta sé stórt og afdrifaríkt mál fyrir okkur og mér finnst frekar ólíklegt að það verði. En auðvitað er þetta að gerast hratt þannig að auðvitað hefur maður ekki allar forsendur til að meta það,“ segir hann. **- ghs**

# Sykursýki á meðgöngu stóreykst

**Konum sem greinst hafa með sykursýki á meðgöngu hefur fjölgað gífurlega á síðustu árum. Hún eykur hættu á sykurföllum, gulu og axlarklemmu hjá nýburum. Um 40 prósent kvenna sem fá meðgöngusykursýki þurfa að nota insúlín.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Konum sem greinast hafa með meðgöngusykursýki hefur fjölgað gífurlega hér á landi á undanförnum árum, að sögn Örnu Guðmundsdóttur læknis á göngudeild sykursjúkra á Landspítala – háskólasjúkrahúsi.

„Samtals voru 17 konur í eftirliti hjá okkur, vegna meðgöngusykursýki árið 1998,“ sagði Arna. „Sú tala var komin yfir 140 árið 2003.

Ástæðan fyrir þessari aukningu felst meðal annars í aukinni leit að þessum fylgikvilla meðgöngunnar. Þá er offita vaxandi og það hefur komið í ljós að aðeins lítill hluti þessara kvenna er í kjörþyngd. Þessar konur eru yfir meðalaldri kvenna sem fæða börn á Íslandi og oftar en ekki eru þær fjölbyrjur. Meðgöngusykursýkin greinist oftast á síðari hluta meðgöngu, eða að meðaltali þegar konan er gengin 29 vikur með.“

Arna sagði, að nú færu allar barnshafandi konur sem hefðu einhvern áhættuþátt í svokallað sykurþolpróf. Ef það staðfesti sykursýki væri hafin meðferðin sem fælist í kolvetnasnauðu mataræði. Ef hún dygði ekki væri gripið til þess að gefa viðkomandi insúlín undir húð. Um 40 prósent þeirra sem fengju meðgöngusykursýki þyrftu slíka insúlínmeðferð.

„Menn greinir enn á um hvort rétt er að kembileita hjá öllum barnshafandi konum,“ sagði Arna. „En enn sem komið er höfum við haldið okkur við prófun hjá konum með áhættuþætti svo sem þyngd móður, sykursýki í ættarsögu, sykur í þvagi, fyrri ungburafæðingu, andvana fæðingu eða fósturgalla. Við höfum nýlega lokið við að skoða frekar hópinn sem greindist með meðgöngusykursýki 2002 – 2003 Þar kemur í ljós að meðalþyngd barnanna er 3.693 grömm (14,7 merkur) sem er svipað og þyngd íslenskra nýbura almennt. Við sáum einnig að konur sem hafa greinst með meðgöngusykursýki eru mun oftar gangsettar en aðrar og eru oftar skornar keisaraskurði. Nú erum við að athuga fylgikvilla meðal nýburanna og ætlum að bera það saman við það sem gerist hjá nýburum almennt.“

Arna sagði, að meðgöngusykursýki gengi yfirleitt til baka hjá konum þegar þær væru búnar að fæða og fylgjan væri komin. Þó væru þær sem hana fengju í töluverðri hættu að fá sykursýki af tegund 2 innan fárra ára. Það væri eitt af því sem væri til athugunar nú.

**jss@frettabladid.is**



**HÆTTA Í MEÐGÖNGU**
Meðgöngusykursýki eykur hættu á sykurföllum, gulu og axlarklemmu hjá nýburanum, auk þess sem þungburafæðingar eru algengari.

**MEÐGÖNGUSYKURSÝKI**






**NÝ PRINSESSA FÆDD**
Hjónin Ari Behn og Martha Lovísa Noregsprinsessa eignuðust dóttur í gær sem fékk nafnið Leah Isadora.

Noregur:

## Ný prinsessa

**NOREGUR, AP** Martha Lovísa Noregsprinsessa og eiginmaður hennar, rithöfundurinn Ari Behn, eignuðust í gær dóttur sem gefið hefur verið nafnið Leah Isadora.

Að því er segir í tilkynningu frá norsku hirðinni kom stúlkan í heiminn á orlofssetri hjónanna á eyju suður af Fredrikstad í Suður-Noregi. „Móður og barni heilsast vel,“ segir í tilkynningunni. Fyrra barn þeirra hjóna, prinsessan Maud Angelica, verður tveggja ára í lok mánaðarins. ■

Nonnabækurnar:

## Die Zeit lofar Nonna

**BÓKMENNTIR** Nýlega birtist í þýska vikuritinu Die Zeit nokkuð ítarleg og lofsamleg grein um rithöfundinn Jón Sveinsson, Nonna, bæinn hans Akureyri og fleira tengt Íslandi. Ulrich Greiner, menningarritstjóri Die Zeit, las Nonnabækurnar í æsku og heillaðist af landi og þjóð. Þegar hann kom til Íslands til að kynna sér Food and Fun hátíðina í Reykjavík gerði hann sér ferð til Akureyrar til að skoða æskuslóðir Nonna og afrakstur ferðarinnar hefur nú birst í Die Zeit. **- kk**




## Veðrið

**ÚRKOMUSÖM HELGI**
Í dag munu hlýindin ná yfir meginhluta landsins. Aðeins Austurland verður við frostmark í dag en þar hlýnar á morgun. Þannig að á morgun ættu allir að njóta þíðunnar. En það verður úrkomusamt og það er sá böggull sem fylgir skammrifi. **ÞETTA ÞÝÐIR** að þvotturinn verður ekki þurrkaður úti þessa helgina og ekki hentar veðrið til að bóna bílinn. Þá verður garðvinnan óskemmtileg og syfjan sækir að mörgum. Hvernig ætli veðrið sé í Orlando??



Kveðja,
Sigurður Ragnarsson,
veðurfræðingur

### Í dag




### Á morgun




Víðast nokkur vindur.

### Mánudagur




Vaxandi norðanátt og kólnandi veður.

### Veðrið úti í heimi í dag

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 7°C léttskýjað | París | 9°C skýjað | Míanó | 12°C léttskýjað |
| Osló | 6°C léttskýjað | Berlín | 11°C skýjað | New York | 14°C heiðskírt |
| Stokkhólmur | 10°C léttskýjað | Amsterdam | 7°C skýjað | San Fransisco | 17°C léttskýjað |
| London | 9°C skýjað | Madrid | 12°C léttskýjað | Orlando | 28°C léttskýjað |

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.


Stórar stærðir
í úrvali
DONNA design
Bolur
margir litir
st. S-XL
TILBOÐ
1.499kr
Verð áður 1.999,-
DONNA design
Stretch gallabuxur
dökkbláar,
ljósbláar
st. 28-35
2.999kr
Bolur
margir litir
st. 2XL-5XL
1.999kr
Buxur
dökk blár,
drapp
st. 2XL-5XL
3.999kr
Bolur
grænn,
ljós blár
st. 44-54
1.999kr
Stretch gallabuxur
dökkbláar,
ljósbláar
st. 20-30
TILBOÐ
2.999kr
Verð áður 3.999,-
Bolur
margir litir
st. 2XL-4XL
1.999kr
Buxur
dökk blár,
drapp
st. 2XL-5XL
3.999kr
Bolur
hvítur,
bleikur,
grænn
st. L-3XL
1.499kr
Jakki
dökk blár,
hvítur
st. 38-48
3.999kr
Jakki
dökk blár,
grádrapp
st. 2XL-5XL
4.999kr
Flíspeysa
margir litir
st. S-XL
2.499kr
Buxur
svartar
st. 16-26
2.999kr
Minnum einnig á
Evans
í Smáralind og Kringlu
Gildir til 22. apríl eða á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla
PÓSTVERSLUN
www.hagkaup.is
grænt númer
800 6680
sími
568 2255
HAGKAUPA




## KJÖRKASSINN

*Á Auðun Georg að fá starfslokasamning? ?*

**Niðurstöður gærdagsins á visir.is**

| | |
|---|---|
| Já | 27,83% |
| Nei | 72,17% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ætlarðu að fylgjast með brúðkaupi Karls Bretaprins og Kamillu?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

visir

Langri sögu girðingar á Sjónarhóli að ljúka:

# Miltisbrandur girtur af

**HEILBRIGÐISMÁL** Verið er að leggja síðustu hönd á miltisbrandsgirðinguna á Sjónarhóli á Vatnsleysuströnd. Þar með er búið að girða af svæðið sem hrossin, er drápust úr miltisbrandi í lok síðasta árs, gengu á.

Saga þessarar girðingar er orðin löng og ströng. Upphaflega átti að reisa hana fyrir jól, samkvæmt stjórnsýsluskipun landbúnaðarráðuneytisins, sem lagði til efni og mannafla. Landeigendur voru óánægðir með fyrirhugaða legu hennar og leituðu til lögfræðinga. Miklar og langvarandi umræður fóru fram á milli þeirra og Gunnars Arnar Guðmundssonar héraðsdýralæknis sem hafði málið á sínum höndum. Vegna þessa varð að stöðva vinnu við girðinguna hvað eftir annað. Að síðustu þraut þolinmæðina í landbúnaðarráðuneytinu, þegar samningaleiðin þótti fullreynd, og þaðan kom tilskipun um að nú skyldi girt. Verktakar gengu þá í verkið og sér nú loksins fyrir endann á því, tæpum þremur mánuðum eftir að því átti að vera lokið.

- jss



**MILTISBRANDSGIRÐING**
Verktakar voru að leggja síðustu hönd á vinnuna við miltisbrandsgirðinguna á Sjónarhóli á Vatnsleysuströnd þegar þessi mynd var tekin.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**LANDFYLLING VIÐ SUNDAHÖFN**
Verið er að byggja aðstöðu fyrir Granda til að landa við frystihúsið. Fiskmarkaðurinn flytur einnig úr austurhöfninni á vesturhöfnina.

Reykjavíkurhöfn:

# Tónlistarhús undirbúið

**FRAMKVÆMDIR** Verið er að byggja nýjan hafnarbakka við Sundahöfn.

Vignir Albertsson, skipulagsfulltrúi hjá Faxaflóahöfnum, segir að lokið sé við byggingu fyrsta áfanga hafnarbakka við frystihús Granda: „Síðan er verið að gera landfyllingu á bak við fyrstihúsið til stækkunar á athafnarsvæði Granda.“

Vignir segir unnið eftir skipulagi: „Gert er ráð fyrir að í samræmi við byggingu tónlistarhúss og ráðstefnumiðstöðvar í austurhöfninni þurfi að flytja fisklöndun og annað slíkt í vesturhöfnina.“

- gag

# Tugþúsundir skammta bóluefnis þarf til forvarna

**Ríkisstjórnin tekur fljótlega ákvörðun um hversu miklar lyfjabirgðir verða keyptar til forvarna og meðferðar við hugsanlegum heimsfaraldri inflúensu eða fuglaflensunnar. Búast má við að varabirgðir verði auknar svo að dugi fyrir allt að 30 prósent Íslendinga.**

**HEIMSFARALDUR** Ríkisstjórnin tekur síðar í mánuðinum ákvörðun um hversu miklar lyfjabirgðir verða keyptar til landsins til forvarna og meðferðar við væntanlegum heimsfaraldri inflúensu eða fuglaflensunnar. Búast má við að varabirgðir verði auknar verulega, jafnvel svo að dugi fyrir allt að 25-30 prósent Íslendinga en nú eru til um tíu þúsund skammtar.

Norðmenn og Finnar hafa tekið ákvörðun um að vera með lyfjabirgðahald fyrir 25-30 prósent þjóðarinnar en Danir og Svíar hafa ekki enn tekið endanlega afstöðu. Bretar hafa ákveðið að vera með lyfjabirgðir fyrir 30 prósent þjóðarinnar. Ef Íslendingar ákveða að taka svipaða stefnu þá er ljóst að fjölga þarf lyfjaskömmtunum úr tíu þúsund upp í allt að 100 þúsund.

„Menn ætla að auka viðbúnaðarstigið,“ segir Haraldur Briem sóttvarnalæknir. „Ég get ekki sagt hér og nú hvernig því verður háttað því að það er ekki búið að ákveða það en það er verið að hugsa mikið um það þessa dagana.“



**BÓLUSETT VIÐ FLENSU**
Haraldur Briem sóttvarnalæknir segir að lyfjabirgðir til forvarna og meðferðar við hugsanlegum heimsfaraldri verði líklega auknar en ekki hefur verið ákveðið hversu mikið það verður.

Keyptir voru sjö þúsund meðferðarskammtar í varabirgðahald Íslendinga í fyrra. Fyrir voru þrjú þúsund meðferðarskammtar til taks þannig að heilbrigðisyfirvöld eiga nú skammta fyrir tíu þúsund manns. Þetta hrekkur þó skammt ef faraldur breiðist út.

„Það hefur verið inni í myndinni að auka þetta magn. Við erum einkum með hugann við sjálfan heimsfaraldur inflúensu sem getur komið hvenær sem er og með hvaða hætti sem er. Við getum líka átt von á fuglaflensu og þá þarf að verja þá sem starfa í kjúklingabúunum og lóga og farga kjúklingunum“ segir Haraldur.

Sóttvarnalæknir mun leggja fyrir tillögu um lyfjakaupin fyrir heilbrigðisráðherra sem síðan mun fá umsögn sóttvarnaráðs. Ríkisstjórnin tekur endanlega ákvörðun um magn og fjármögnun. Haraldur segir matsatriði hvað menn telji brýnt að hafa miklar birgðir. Hann kveðst ekki geta gefið upp hver kostnaðurinn verði. En þetta sé ekki ódýrt.

ghs@frettabladid.is




**FRÁ NUUK**
Nýi Demókrataflokkurinn fékk sex menn kjörna í bæjarstjórn höfuðstaðar Grænlands.

Sveitarstjórnarkosningar á Grænlandi:

# Sviptingar á hægri vængnum

**GRÆNLAND** Í sveitarstjórnarkosningum sem fram fóru á Grænlandi í vikunni breyttist skipting atkvæða milli vinstri- og hægriflokka sáralítið, en miklar sviptingar urðu á hægri vængnum.

Demókratarnir, borgaralegur flokkur sem bauð fram í fyrsta sinn, hlaut 13 prósent atkvæða, en fylgið tók hann að mestu frá öðrum flokkum á hægri vængnum. Atassut, sem lengi hefur verið stærsti borgaralegi flokkurinn á Grænlandi, fékk alls um 19 prósent atkvæða, en það er 5 prósentum minna en í síðustu kosningum. Frambjóðendabandalagið (Kandidatforbundet) missti helming fylgis síns, svo það fór úr 8 prósentum í fjögur. Frá þessu er greint á fréttavef grænlenska útvarpsins, KNR.

Demókratarnir fengu sex menn kjörna í bæjarstjórn Nuuk og er þar nú næststærsti flokkurinn.

Á vinstri vængnum urðu ekki miklar breytingar. Jafnaðarmannaflokkurinn Siumut hélt stöðu sinni sem stærsti flokkurinn, með alls um 41 prósent atkvæða. Það er 3,5 prósentum minna en síðast. Inuit Atagatigiit fékk 23 prósent atkvæða, sem þýðir 2,3 prósentustiga fylgistap.

- aa

Ferðaþjónustan:

# Minni áhugi á Íslandi

**FERÐAMÁL** Samtök ferðaþjónustunnar lýstu á aðalfundi áhyggjum af því að tregðu væri farið að gæta í eftirspurn eftir ferðum til Íslands. Var talað um að hátt gengi krónunnar drægi úr áhuga erlendra ferðamanna til að ferðast til landsins.

Jafnfram var bent á að þrátt fyrir að rúmlega 362 þúsund ferðamenn hafi komið til landsins á síðasta ári, 13 prósentum fleiri en árinu á undan, hafi gjaldeyristekjurnar aðeins vaxið um fimm prósent.

Samtökin lýstu yfir vonbrigðum með að á sama tíma og gengi krónunnar drægi úr eftirpurn eftir ferðum til Íslands skuli draga úr opinberum framlögum til markaðsmála í ferðaþjónustu.

- gag

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**BIFREIÐ Á GARÐVEGG** Sendiferðabíll hafnaði á garðvegg í mikilli hálku laust fyrir sjö í gærmorgun á Sauðárkróki. Ökumaður var einn í bílnum og varð ekki meint af. Eignartjónið er hins vegar mikið og varð dráttarbíll að fjarlægja sendiferðabílinn burt af staðnum. Ökumaðurinn hæfði ljósastaur áður en hann endaði á garðveggnum. Litlu munaði að hann lenti á öðrum bíl.

NET SÓL
Takmarkað framboð bókaðu strax
Portúgal
8.000 kr. aukaafsláttur á mann.
31. maí, 21. júní, 18. júlí og 15. ágúst
á Brisa Sol eða Club Albufeira.
Verð frá:
38.190 kr.*
á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með 2 svefnherb.
á Club Albufeira í 7 nætur 31. maí
Fleiri eða færri? Finndu verð á þinni ferð og kynntu þér frábær tilboð til Krítar, Costa del Sol eða Mallorca á www.urvalutsyn.is
*Innifalið: Flug gisting í 7 nætur, flugvallarskattar og íslensk fararstjórn. Verð m.v. að bókað sé á netinu. Ef bókað er á skrifstofu eða símleiðis bætist við 2.000 kr. bókunar- og þjónustugjald á mann.
www.urvalutsyn.is
ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS URV 24539 04/2004
Bókaðu á netinu, það borgar sig.




# FULLT AF RÓSUM

**Ný heimasíða opnuð í dag - www.blomaval.is**



10 túlipanar
**799 kr.**

blómaval
HEILLANDI HEIMUR

Reykjavík • Kópavogi • Akureyri
Selfoss • Reykjanesbær
www.blomaval.is



## VEISTU SVARIÐ?

1 Íbúar hvaða sveitarfélags munu ekki kjósa um sameiningu sveitarfélaga í Eyjafirði?

2 Hvar er hægt að fá hálfs kílós hamborgara?

3 Hvaða kvikmyndahátíð hófst í vikunni?

SVÖRIN ERU Á BLS. 54

Umferðarstofa:

# Alvarlegum slysum fækkaði um 20 prósent

**UMFERÐARMÁL** „Þarna er um að ræða marga samhangandi þætti sem valda því að þessi árangur næst,“ segir Birgir Hákonarson, framkvæmdastjóri umferðaröryggissviðs Umferðarstofu. Í gær var kynnt skýrsla um umferðaslys á Íslandi á síðasta ári, en þar kemur fram að talsverður árangur hefur náðst í fækkun slysa og óhappa frá fyrra ári.

Í skýrslunni kemur fram að á Íslandi verða flest banaslys í umferðinni á Norðurlöndunum sé miðað við höfðatölu en tala látinna í umferð hérlendis hefur staðið í stað milli ára. Árangur hefur þó náðst að mati Umferðarstofu en slösuðum í umferðinni fækkaði 2004 þrátt fyrir að fjöldi umferðaróhappa væri talsvert meiri en árið áður.

Sérstaklega þykir árangurinn góður hvað börn í umferðinni varðar. Aðeins 28 börn slösuðust á síðasta ári samanborið við 40 árið 2003 og 49 talsins að meðaltali undanfarin tíu ár.

Birgir segir árangurinn góðan og telur að markviss áróður Umferðarstofu hafi haft mikið að segja en fleiri þættir komi þó til. „Meðal þeirra þátta sem gert hafa fækkun slysa mögulega eru betri og bætt umferðarmannvirki, stórhertur áróður og betri bílar meðal annars.“

- aöe




FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**KYNNINGARFUNDUR UMFERÐARSTOFU**
Teknar hafa verið saman slysatölur fyrir síðasta ár en þar kemur í ljós að slösuðum í umferðinni hérlendis á síðasta ári fækkaði mikið milli ára.

Meðferð á Vogi:

## Forfallna vantar úrræði

**MEÐFERÐ** Alls hafa 502 núlifandi landsmenn komið oftar en tíu sinnum til meðferðar á meðferðarsjúkrahúsinu Vogi. Eru það tæplega þrjú prósent allra sem þangað hafa sótt.

Þórarinn Tyrfingsson, yfirlæknir á Vogi, segir úrræði fyrir sjúklingana vanta: „Félagsmála- og heilbrigðisyfirvöld þurfa að taka höndum saman um að finna heildstætt, skipulagt úrræði.“

Þórarinn segir stóran hluta sjúklinganna vera með ómeðhöndlaða og erfiða geðsjúkdóma. Þeir eigi fullt erindi inn á Vog í afeitrun en að tíu daga meðferð lokinni taki ekkert við.

- gag

Forsetahjónin:

## Akureyri sótt heim

**FORSETAHEIMSÓKN** Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, og forsetafrúin, Dorrit Moussaieff, verða í opinberri heimsókn á Akureyri á mánudag og þriðjudag en á miðvikudag sækja forsetahjónin íbúa Eyjafjarðarsveitar heim. Munu þau heimsækja fyrirtæki, skóla og stofnanir. Þetta verður í fyrsta sinn sem núverandi forseti kemur í opinbera heimsókn til Akureyrar og Eyjafjarðarsveitar.

- kk

# Gamalt fólk lamið og bitið

**Allir öldrunarlæknar á landinu hafa séð dæmi um ofbeldi gagnvart sjúklingum sínum, bæði líkamlegt og andlegt. Algengast sé að reynt sé að hafa af þeim fé og að aldrað fólk sé vanrækt. Öldrunarlæknir segir að fólk þurfi að átta sig á að líkamlegu ofbeldi linni ekki þótt eftirlaunaaldri sé náð.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Rannsóknir erlendis sýna að þrír til fimm af hverjum hundrað öldruðum verða fyrir ofbeldi. Það kom fram á ráðstefnu um ofbeldi gegn öldruðum sem haldin var á Akureyri.

Ólafur Þór Gunnarsson, lyf- og öldrunarlæknir á Landspítala-háskólasjúkrahúsi, segir alla öldrunarlækna á landinu hafa séð dæmi um ofbeldi gegn ölduðum: „Bæði þar sem um er að ræða vanrækslu og jafnvel líkamlegt ofbeldi og sannarlega oft þar sem fólk misnotar sér aðstöðu sína til að hafa fé af gömlu fólki.“

Ólafur segir ofbeldið fjórflokkað. „Því er skipt upp í líkamlegt ofbeldi, andlegt ofbeldi, vanrækslu og fjárhagslega misbeitingu.“ Hann segir algengast að reynt sé að hafa fé af fólki. Haft sé í hótunum eða reynt að ná því með klækjum. Þar fari bæði óskyldir og ættingar fram.

„Við sjáum einnig dæmi um vanrækslu. Oftast er hún ekki meðvituð heldur hefur umönnunaraðili ekki aðgang að þeim úrræðum sem þurfa. Við sjáum líka dæmi um andlegt ofbeldi. Talað er niður til fólks eða það lagt í einelti. Einnig hittum við eldra fólk sem hefur verið lamið, hrint, slegið til eða bitið,“ segir Ólafur.

Kristjana Sigmundsdóttir, félagsráðgjafi í útskriftaröldrunarteymi hjá Landsspítala háskólasjúkrahúsi, segir umræðuna um ofbeldi gegn öldruðum einu bestu forvörnina. Viðhorfið gagnvart öldruðum þurfi að breytast.

„Taka þarf á forræðishyggjunni sem ríkt hefur gagnvart öldruðum og þessari þunnu himnu umönnunnar og ofbeldis,“ segir Kristjana: „Ef við ættum okkur draum hefðum við eitthvert teymi eða stöð þangað sem fólk gæti leitað og tilkynnt um ofbeldi sem ekki er tilkynnt til lögreglu. Við gætum þá tekið á því.“

Ólafur segir eldra fólk ekki lenda oftar í ofbeldi en fólk á öðrum aldri: „Menn hugsa oft ekki út í það en þegar fólk hefur búið við aðstæður þar sem ofbeldi hefur viðgengist hættir það ekki þó að einhver fari á eftirlaunaaldur.“

Rætt verður um ofbeldið í Hádegisútvarpi Talstöðvarinnar á mánudag.

gag@frettabladid.is



**OFBELDI GEGN ÖLDRUÐUM**
Lyf- og öldrunarlæknir segir alla lækna í faginu hafa séð dæmi um ofbeldi gagnvart öldruðum.

Góður vitnisburður um grunnskóla- og meðferðarstarf:

## Færri ungmenni þurfa hjálp vegna vímuefna

**MEÐFERÐ** Fólki yngra en nítján ára fækkar á meðferðarsjúkrahúsinu Vogi. Toppnum var náð árið 2002 þegar 294 ungmenni fóru í meðferð. Í fyrra voru þau 237 og fækkaði um nítján á milli ára. Fjórtán ára piltur var yngstur þeirra sem fór í meðferð í fyrra.



**ÞÓRARINN TYRFINGSSON**
Yfirlæknir á Vogi

Þórarinn Tyrfingsson, yfirlæknir á SÁÁ, segir færri innlagnir ungmenna sýna að grunnskólar sinni börnunum betur en áður. Meðferðarstarf sé einnig að skila árangri. Það sjáist á því að færri ungmenni þurfi að koma oftar en einu sinni í meðferð: „Ef okkur tekst að minnka þann hóp sem er í neyslu smitar hann minna út frá sér.“

Auk umrædds fjórtán ára pilts fóru sex fimmtán ára stúlkur og sjö strákar í meðferð. Sextán ára stúlkur voru 17 og 21 strákur. Ungmenni í meðferð á aldrinum sautján að tvítugu voru 175 talsins.

- gag

**FJÖLDI UNGRA EINSTAKLINGA Á SJÚKRAHÚSINU VOGI 1991 TIL 2004**




Heimild: Gagnagrunnur SÁÁ

Ókeypis hemla- og höggdeyfaskoðun fyrir



eigendur.

ASKJA býður Mercedes-Benz eigendum upp á ókeypis prófun á hemlabúnaði og höggdeyfum alla laugardaga í apríl og maí. Í nýjum og glæsilegum húsakynnum ÖSKJU er meðal annars fullkomin skoðunarstöð þar sem á skömmum tíma er hægt að meta ástand bifreiða. Þannig má bregðast fljótt við sé þörf á viðgerð eða viðhaldi.

**Tilboð á smurþjónustu og hemlaviðgerðum. Opið í dag frá kl. 9–13.**

Mercedes-Benz

ASKJA · Laugavegi 170 · 105 Reykjavík · Sími 590 2100 · www.askja.is



# Fjölskyldu- og dýrahátíð VÍS

– í Reiðhöllinni í Víðidal, sunnudaginn 10. apríl kl. 13–17.

**Krakkar, hundar, kettir og hestar sletta saman úr klaufunum!**

## Hundskemmtileg hátíð

VÍS býður til fjölskyldu- og dýrahátíðar þar sem hestar, hundar og kettir verða til sýnis. Dagskrá hátíðarinnar er blanda af skemmtun fyrir alla fjölskylduna og fræðslu um flest sem lýtur að dýrahaldi og ræktun. Gert er ráð fyrir að skemmtidagskráin sem tekur um tvær klukkustundir verði flutt tvisvar, fyrst kl. 13.00 og síðan aftur kl. 15.00.

## Ókeypis ráðgjöf

Gestir hátíðarinnar geta nálgast upplýsingar um dýratryggingar frá VÍS. Dýralæknir verður á svæðinu og svarar spurningum, aðrir dýrasérfræðingar veita upplýsingar um umhirðu dýra og margt, margt fleira.

## Nylon og hundurinn Tangó

Stúlknabandið Nylon mun stíga á svið og skemmta gestum.
Þá munu Daníel Ingi Smárason knapi og hundurinn Tangó sýna listir sínar.

## Ungir (og verðandi) knapar

Á hátíðinni er frábært tækifæri fyrir börn til að kynnast hestamennsku, teymt verður undir þeim sem vilja.

VÍS Agria Dýravernd



Þóroddur frá Þóroddsstöðum, einn besti stóðhestur landsins verður í Víðidalnum.

**Allir velkomnir í Víðidal með VÍS!**
**Enginn aðgangseyrir**

Vátryggingafélag Íslands hf. · Ármúla 3 · 108 Reykjavík · Sími 560 5000 · www.vis.is

# Páfinn lagður til hinstu hvílu

**Um 200 þúsund manns voru í líkfylgd Jóhannesar Páls páfa II í Vatíkaninu í gær en um fjórar milljónir pílagríma komu til Rómar til að votta honum hinstu virðingu. Hundruðir milljóna manna um allan heim fylgdust með útförinni í beinni sjónvarpsútsendingu.**





**FYRIRMENNI VOTTA PÁFA VIRÐINGU SÍNA** Fjöldi þjóðarleiðtoga var saman kominn við útförina. Hér er líkkista páfa borin framhjá nokkrum þeirra. Næst kistunni standa spænsku og dönsku konungshjónin. Í efri röð má sjá Jacques Chirac Frakklandsforseta, George Bush eldri og bandarísku forsetahjónin Lauru og George W. Bush.



**VINDASAMUR DAGUR** Kardínálarnir þurftu að halda í hempurnar þar sem vindsveipir feyktu þeim til.





**Í GRAFHVELFINGUNNI** Á þessum myndum sem dagblað Páfagarðs, L'Osservatore Romano, lét í té sést hvar líkkistu páfa er komið fyrir í grafhvelfingunni undir gólfi Péturskirkjunnar. Fjöldinn allur af gengnum páfum og konungum hvíla í þessum hvelfingum undir kirkjugólfinu.



**SJALDGÆF SJÓN** Verðbréfamiðlarar í Kauphöllinni í New York gerðu hlé á vinnu sinni þegar sjónvarpsútsending frá jarðarför páfans stóð sem hæst.



**FANGAR Í GDANSK** Pólverjar víða um heim minntust páfans. Í fangelsi í hafnarborginni Gdansk fengu fangarnir að fylgjast með útförinni í beinni útsendingu í sjónvarpinu.



**MIKILL VIÐBÚNAÐUR** F-16-orrustuþotur ítalska flughersins gættu lofthelginnar yfir Róm í gær. Einkaþotu sem flogið var í átt að Róm eftir útförina var gert að lenda á herflugvelli, þar sem leyniþjónustuupplýsingar komu fram um að sprengja kynni að vera um borð í henni. Ekkert grunsamlegt fannst hins vegar við leit í henni.





**PÓLSKI FÁNINN ÁBERANDI Á PÉTURSTORGINU** Um 200 þúsund manns komu saman á Péturstorginu til að votta Jóhannesi Páli páfa II virðingu sína. Á eftir höfðu borgarstarfsmenn í nógu að snúast við að taka til eftir mannfjöldann.



# VORSÝNING GARÐHEIMA

Garðheimar eru komnir í vorbúning: laugardag og sunnudag frá kl. 12.00 – 18.00 sýnum við nýjungar verðum með fræðslu – kynningar – skemmtun –og að sjálfsögðu **fjöldi tilboða!**

- Komið og prófið kurlarana!
- Fræðist um endurvinnslu og vorverkin í garðinum!
- Skoðið moldartegundir!
- Lærið um áburðargjöf og sérstök vandamál!
- Nýjar spennandi sígrænar plöntur!
- Sjáið sýnikennslu í föndri!
- Börnin fá að sá fræi í pott!
- ofl. ofl.

## TILBOÐ

Fullt af tilboðum, m.a.:



BEGONIA **495kr**



HIMALAJAEINIR **1.280kr**



GREINAKLPPUR **1.250**

LIMGERÐIS-KLIPPUR **1.250**

HANDKLIPPUR **495**

## Vortilboð



á garðhúsgögnum um helgina

## Kynning

á Weber grillunum vinsælu um helgina!





DECO ART FÖNDURLITIR **180kr stk.**



ALLIR VORLAUKAR **40% afsláttur**

KYNNING OG FRÆÐSLA Á VEGUM GAÐRYRKJUFÉLAGS ÍSLADS

GARÐHEIMAR

BEIN ÚTSENDING Á RÁS 2 LAUGARDAG FRÁ 13.00 TIL 16.00

Stekkjarbakka 4-6 - 109 Reykjavík - Sími 540 3300 - Fax 540 3301 - gardheimar@gardheimar.is - www.gardheimar.is

# skoðun

SJÓNARMIÐ
JÓN KALDAL

Fjölmiðlanefnd allra flokka telur fjölmiðlamarkaðinn hafa breyst hratt á undanförnu ári.

## Ný fjölmiðlalög á hverju ári?

Skýrsla fjölmiðlanefndar allra stjórnmálaflokka er á köflum býsna skondin aflestrar. Í inngangi hennar kemur til dæmis fyrir þessi málsgrein: „Ljóst er að fjölmiðlamarkaðurinn er að taka hröðum breytingum vegna stafrænnar tækni og því er fjölmiðlalandslagið talsvert öðruvísi nú en þegar fyrri greinargerð var samin.“ og er þar vísað til skýrslu sem fjölmiðlanefnd Davíðs Oddssonar skilaði af sér fyrir réttu ári.

**Báðar fjölmiðlanefndirnar og tillögur þeirra eru skyndiviðbrögð við hræringum sem hafa átt sér stað á íslenskum fjölmiðlamarkaði allra síðustu ár þar sem gömul valdahlutföll hafa riðlast.**

Þessar „hröðu breytingar“ hafa meðal annars verið notaðar sem rök fyrir því að hin þverpólitíska fjölmiðlanefnd telur ekki þörf á að banna sama fyrirtækinu að reka sjónvarpsstöð og gefa út dagblað en það var einmitt eitt helsta ágreiningsmál fjölmiðlafrumvarpsins sem forseti synjaði staðfestingar í fyrrasumar.

Hvaða „hröðu breytingar“ og „öðruvísi fjölmiðlalandslag“ átt er við er hins vegar erfitt að skilja. Nema átt sé við það sama fjölmiðlalandslag og er til umfjöllunar í kaflanum „Blaðamarkaður í stafrænu umhverfi“ um miðbik hinnar rúmlega 200 blaðsíðna skýrslu nýju fjölmiðlanefndarinnar? Þar segir meðal annars: „Enn fremur hafa margir eigendur dagblaða séð hag sinn í því að fjárfesta í ljósvakamiðlum, tímaritaútgáfum og bókaútgáfu. Ástæða þessara kaupa og samruna er samlegðin sem fæst með því að bjóða upplýsinga- og fréttaefni og aðgangur fyrirtækjanna að auglýsingum. [84]“

Og hvert skyldi heimild nr. 84 vísa? Jú, í rit Roberts W. McChesney *Rich Media. Poor Democracy. Communication Politics in Dubious Times* sem kom út árið 1999.

Um þessar „hröðu breytingar“ og „öðruvísi fjölmiðlalandslag“ var sem sagt hægt að lesa í sex ára gamalli bók. Um svona vinnubrögð og fullyrðingar er hægt að hafa eitt orð og það er *djók*.

Sannleikurinn er sá að báðar fjölmiðlanefndirnar og tillögur þeirra eru skyndiviðbrögð við hræringum sem hafa átt sér stað á íslenskum fjölmiðlamarkaði allra síðustu ár þar sem gömul valdahlutföll hafa riðlast. Tilkoma Fréttablaðsins hefur haft í för með sér að Morgunblaðið ber ekki lengur ægishjálm yfir önnur dagblöð og á sjónvarpsmarkaði er ekki aðeins eitt einkafyrirtæki við Ríkissjónvarpið heldur tvö. Lagasetning í miðri þessari þróun gerir ekkert annað en að valda úlfúð og deilum.

Orðin sem vísað er til hér að ofan úr inngangi fjölmiðlaskýrslu allra flokka um „hraðar breytingar“ benda reyndar til þess að draumur stjórnmálaflokkanna sé ný fjölmiðlalög á hverju ári eftir því hvernig vindar blása. Og það er hrollvekjandi tilhugsun. ■

Samfylkingin

**Stuðningsmenn Samfylkingar!**

Takið þátt uppbyggingu á öflugum stjórnmálaflokki sem byggir á hugsjónum jafnaðarstefnunnar og gangið í Samfylkinguna. Nú stendur fyrir dyrum lýðræðislegt formannskjör sem allir flokksmenn geta tekið þátt í. Þeir sem vilja taka þátt í kosningunni verða að hafa gengið í flokkinn fyrir 15. apríl.

Allar nánari upplýsingar á www.samfylking.is
og á skrifstofu flokksins, Hallveigarstíg 1,
101 Reykjavík sími: 551-1660

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Óheppileg tengsl?

Nokkuð var gasprað um það í gær að auglýsing Reykjavíkurborgar um **nýtt símanúmar** var merkt auglýsingastofunni **ENNEMM**, sem áður var auglýsingastofa **Nonna og Manna**. Í sjálfu sér er ekkert óeðlilegt við það að auglýsingastofur merki auglýsingar sínar. Hins vegar hefur verið bent á að það er nokkuð óheppilegt fyrir Reykjavíkurborg að birta þessa auglýsingu, með **Steinunni Valdísi** fyrir miðju myndar, með tilliti til þess að einn eigenda auglýsingastofunnar er eiginmaður borgarstjóra.



### Framsóknarsjóðurinn

Framsóknarmenn eru alls ekki sáttir við ræðu **Geirs H. Haarde** á þingi Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja. Þar tók fjármálaráðherra undir kröfur SBV sem vilja **Íbúðalánasjóð** út af samkeppnismarkaði um íbúðalán og sagði að sjóðurinn ætti í framtíðinni að beina sjónum sínum að félagslegum lánum og að lána fólki í dreifbýli. Íbúðalánasjóður hefur um tíma verið í höndum framsóknarmanna. Þar má nefna að **Guðmundur Bjarnason**, framkvæmdastjóri Íbúðalánasjóðs, er fyrrum Framsóknarráðherra. Þá hefur einn ötulasti talsmaður sjóðsins, **Hallur Magnússon**, viðurkennt að hafa tengst flokknum fyrir mörgum árum síðan, þó hann vilji lítið gera úr þeim tengslum nú. Íbúðalánasjóður er því framsóknarmönnum meira hjartans mál en sjálfstæðismönnum.

### Hvenær koma fundirnir, kakan mín og jólin?

**Forsætisráðherra** er ekki enn farin að halda reglulega blaðamannafundi að erlendum sið eins og boðað var að til stæði. Frétta – og blaðamenn hafa reyndar ekki beðið í ofvæni eftir slíkum fundum, enda telja þeir sig oft geta náð einhverju áhugaverðara upp úr ráðamönnum og öðru fólki ef því er náð á **eintal**, heldur en að fá sömu svör og allir aðrir. Það breytir því ekki að gaman væri að forsætisráðuneytið myndi prófa þessa nýjung og athuga hvernig gengur.

svanborg@frettabladid.is

## Einn markaður – ein lög

Í DAG
SKÝRSLA FJÖLMIÐLANEFNDAR

ÓLAFUR HANNIBALSSON



Þegar þetta er ritað er þverpólitísk fjölmiðlanefnd á vegum menntamálaráðherra að skila af sér viðamikilli skýrslu um fjölmiðlaumhverfi á Íslandi og tillögum að löggjöf um eignarhald og starfsemi fjölmiðla. Nefndin leggur þessar tillögur fram til málefnalegrar umræðu í vor og sumar og leggur til að frumvarp til laga verði ekki samið og lagt fram fyrr en í haust. Svona á að standa að málum, þegar um er að ræða viðkvæm málefni, sem geta valdið víðtækum og djúpstæðum ágreiningi. Það eina sem á vantar hér er að menntamálaráðherra sættist á, að frumvarp það til útvarpslaga, sem hún hefur nýverið lagt fram, fari til umfjöllunar í sömu þingnefnd og þessi skýrsla og verði afgreidd samhliða eða sem hluti af væntanlegu fjölmiðlafrumvarpi. Alþingi á að líta á fjölmiðlamarkaðinn sem eina heild og setja lög, sem ná yfir hann allan, en ekki setja löggjöfina í bútum.

Frumvarpi menntamálaráðherra um ríkisútvarpið er í mörgu ábótavant. Fyrst þarf að skilgreina hvert sé það menningarhlutverk, sem útheimti að ríkið reki hér fjölmiðil, og síðan að sjá RÚV fyrir tekjustofnum í samræmi við það hlutverk. Nefskattur er engin lausn sem staðgengill afnotagjalds. Taka verður ákvörðun um aðkomu ríkisútvarpsins að auglýsingamarkaði og kostun á vegum fyrirtækja. Allt þarf þetta að skoða með hliðsjón af hlutverki fjölmiðla í einkaeigu og þeirri fjölbreytni í fjölmiðlun, sem þjóðin á fullan rétt á. Ef rétt er að verki staðið er engin ástæða til að ætla annað en að um slíka löggjöf geti náðst víðtæk samstaða, eins og við, sem snerumst gegn fjölmiðlafrumvarpi ríkisstjórnarinnar fyrir ári, héldum alltaf fram. Engin ástæða er til að ætla að stjórnarflokkarnir vilji nú enn einu sinni ganga í gegnum hatröm átök á þessu sviði.

**Það sem á vantar er að frumvarpið um ríkisútvarpið verði afgreitt samhliða væntanlegu fjölmiðlafrumvarpi eða sem hluti af því.**

Af því tilefni er rétt að rifja aðeins upp gang mála í sambandi við það frumvarp. Fyrir tæpu ári skilaði nefnd á vegum menntamálaráðuneytis skýrslu um fjölmiðlaumhverfið, sem hlaut (að vísu að nokkru leyti óverðskuldað) lof. En í stað þess að gera hana að umræðugrundvelli fyrir löggjöf á þessu sviði, tók forsætisráðherra hana úr umsjá menntamálaráðherra og hélt henni leyndri vikum saman. Þess í stað fékk hann einn af höfundum skýrslunnar, Davíð Þór Björgvinsson, til að semja frumvarp á sínum vegum, sem talið var „rúmast innan“ ramma skýrslunnar, án þess þó endilega að taka mið af efni hennar. Frumvarpið var síðan lagt fram á vegum forsætisráðherra, sem að öllum líkindum var þá þegar sjúkur maður.

Tveir virtir erlendir sérfræðingar í alþjóðalögum töldu frumvarpið brjóta í bága við alþjóðasamþykktir sem Ísland hafði undirgengist. Jakob Möller hæstaréttarlögmaður taldi það ganga gegn öllum mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar – nema kannski ákvæðinu um trúfrelsi. Aðrir mikilsvirtir lögfræðingar eins og Sigurður Líndal, Ragnar Aðalsteinsson og Jónatan Þórmundsson héldu fram svipuðum sjónarmiðum. Andstaðan var af tvennum toga. Annars vegar voru þeir, sem töldu engin lög þurfa að setja um starfsemi fjölmiðla; samkeppnislög dygðu til að marka þeim bás. Hins vegar vorum við, sem seinna sameinuðum krafta okkar í Þjóðarhreyfingunni, sem töldum að löggjafar væri þörf, en hún yrði að ná yfir fjölmiðlasviðið allt, líka þá ríkisfjölmiðla, sem stjórnarflokkarnir létu sér sæma að ráðskast með nánast eins og einkaeign, og mætti ekki beinast eingöngu gegn einu fyrirtæki, Norðurljósum, dótturfyrirtæki Baugs. Á þeim grundvelli ætti að vera unnt að ná víðtækri sátt um löggjöf af þessu tagi. Við setningu slíkrar löggjafar yrði það að vera hafið yfir allan efa að hún rúmaðist innan ramma mannréttindaákvæða stjórnarskrárinnar.

Öll mótmæli voru virt að vettugi og málið keyrt í gegn um alþingi með naumasta hugsanlegum meirihluta og öndvert sjónarmiðum mikils meirihluta þjóðarinnar eins og þau birtust í skoðanakönnunum. Nýr kafli hófst svo þegar forsetinn neitaði að undirskrifa lögin. Meirihluti Alþingis, sem kallað hafði verið saman til þess eins að ákvarða nánar um framkvæmd þjóðaratkvæðis samkvæmt 26. grein stjórnarskrárinnar, var látinn samþykkja „brellufrumvarp“, sem í orði kveðnu afnam lög þau, sem forseti hafði neitað að undirrita, en lögfesti aftur flest ákvæði þeirra með breyttum gildistíma fram á næsta kjörtímabil og var látið í veðri vaka að almennar þingkosningar árið 2007 gætu komið í stað ákvæðis 26. gr. stjórnarskrárinnar um þjóðaratkvæði um einstakt mál! Að lokum varð ríkisstjórnin að heykjast á þessu og afnam lögin með öllu, og sveik þjóðina um þjóðaratkvæðið.

Þessi hitamál eru nú að baki. Fagna ber þeim ummælum menntamálaráðherra á fimmtudaginn að löggjöf að hausti skuli í einu og öllu taka mið af tillögum nefndarinnar, enda engin þjóðarsátt, ef nú verður sest niður við að tína einstök atriði út úr tillögum nefndarinnar og semja lög, sem „rúmast innan ramma skýrslunnar“. Það sem á vantar er að menntamálaráðherra fallist á að frumvarpið um ríkisútvarpið verði afgreitt samhliða væntanlegu fjölmiðlafrumvarpi eða sem hluti af því. Enga brýna nauðsyn ber til að hraða afgreiðslu þess frumvarps og raunar skynsamlegast að leyfa öldunum eftir fréttastofufárið að lægja líka áður en það er tekið fyrir. Fjölmiðlamarkaðurinn er einn – og því eðlilegast að um hann gildi ein lög. ■




LESTU GREININA Á VISIR.IS
OG SEGÐU SKOÐUN ÞÍNA

vísir

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871




Glæsileg opnunar-tilboð

Opnunar

# HÁTÍÐ

## Opnum nýjan og glæsilegan sýningarsal um helgina.

Vegna aukinna umsvifa var gamla húsnæðið gjörsamlega sprungið utan af okkur. Nú höfum við bætt um betur og opnum þessa helgi stórt og glæsilegt ferðavagnatorg og nýjan og bjartan sýningarsal að **Eyjarslóð 5 og 7** þar sem hægt er að njóta þess að skoða allt það mikla úrval ferðavagna sem við erum með í boði.

***Freistandi opnunartilboð í gangi aðeins þessa helgi.***

T.E.C



Aukapakki að verðmæti 50.000,- fylgir TEC hjólhýsum þessa helgi.

Palomino



Aukapakki að verðmæti 40.000,- fylgir PALOMINO fellihýsum þessa helgi.

JOINT



Aukapakki að verðmæti 60.000,- fylgir JOINT húsbílum þessa helgi.

ÆGIS vagninn



Aukapakki að verðmæti 40.000,- fylgir ÆGISvögnum þessa helgi.



Aukapakki að verðmæti 40.000,- fylgir Trigano þessa helgi.

*Opið:*
*Laugardag 12 - 17*
*Sunnudag 13 - 17*

Tjaldvagnaland
SEGLAGERÐIN ÆGIR

EYJARSLÓÐ 5-7 • SÍMI 511 2203
www.seglagerdin.is

www.volkswagen.is




HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 3024

# Frumsýnum nýjan og glæsilegan

Volkswagen Passat býðst nú með nýjum og öflugum FSI® bensín- og TDI® dísilvélum með 6 gíra handskiptingu eða 6 þrepa sjálfskiptingu.

Meðal staðalbúnaðar má nefna hemlalæsivörn (ABS), rafstýrða stöðugleikastýringu (ESP), spólvörn (ASR), rafræna handbremsu, fjarstýrða opnun á farangursgeymslu og byltingarkenndan kveikjubúnað sem aðeins er að finna í Volkswagen Passat.

**Verð 2.275.000** **1600 FSI® 6 gíra beinskiptur**




# Passat um helgina

Við kynnum nýjan og gerbreyttan Volkswagen Passat. Bíllinn hefur verið endurhannaður frá grunni, öflugri, fágaðri og betur búinn en nokkru sinni. Hann er stærri og rúmbetri en áður og er nú sá stærsti í sínum flokki.

Lúxus hefur fengið nýja ásýnd. Komdu og kynnstu Volkswagen Passat.

**Opið um helgina kl. 12–16**

**NÝR PASSAT**

Sýning hjá eftirtöldum umboðsmönnum: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100
HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Laugavegi 170-174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is




MAÐUR VIKUNNAR

# Latur við húsverkin, frábær á vellinum

EIÐUR SMÁRI GUÐJOHNSEN
SEM ER LYKILMAÐUR Í EINU BESTA FELAGSLIÐI EVRÓPU

Eiður Smári Guðjohnsen, fyrirliði íslenska landsliðsins og framherji hjá enska úrvalsdeildarliðinu Chelsea, er maður vikunnar hjá Fréttablaðinu að þessu sinni. Eiður Smári hefur, líkt og svo oft áður, verið í sviðsljósinu þessa vikuna með liði sínu Chelsea. Hann skoraði tvö mörk fyrir liðið í 3-1 sigri á Southampton í ensku úrvalsdeildinni á laugardaginn og sýndi þar mikinn karakter með því að hrista af sér meiðsli aftan á læri, meiðsli sem komu í veg fyrir að hann gæti tekið þátt í landsleikjum Íslands gegn Króatíu og Ítalíu. Eiður Smári var einnig í lykilhlutverki á miðvikudaginn þegar Chelsea bar sigurorð af þýska liðinu Bayern München, 4-2, í fyrri leik liðanna í átta liða úrslitum meistaradeildarinnar. Eiður Smári er án nokkurs vafa langbesti knattspyrnumaður Íslands í dag og það er skoðun fjölmargra að það séu ekki margir framherjar í ensku úrvalsdeildinni sem standa honum fremri í dag.

Eiður Smári, sem er 26 ára gamall, á ekki langt að sækja knattspyrnuhæfileikana því faðir hans, Arnór, var frábær knattspyrnumaður og einn sá besti í íslenskri knattspyrnusögu. Það var fljótt ljóst hvert stefndi með Eið Smára því frá því að hann var níu mánaða gamall þá var hann alltaf með boltann á tánum. Eiður Smári bjó fyrstu tólf ár ævi sinnar í Belgíu en þegar hann kom heim fór hann í Snælandsskóla í Kópavogi. Hann var að sögn kunnugra duglegur nemandi, sérstaklega í stærðfræði, en stefndi þó alltaf á atvinnumennsku í fótbolta. Eftir að hann lauk námi í Snælandsskóla vorið 1994, fór hann hálfan vetur í Menntaskólann við Sund en það var þó lítil alvara í því námi. Mætingin var afar slök því að hugurinn var þegar kominn út og strax í byrjun árs 1995 gekk hann til liðs við hollenska liðið PSV. Allt var á uppleið hjá stráknum og hann var farinn að fá tækifæri með aðalliði PSV þegar hann meiddist illa á ökkla í landsleik 7. maí 1996. Eiður Smári barðist lengi við þessi meiðsli og það var ekki fyrr en sumarið 1998 sem hann fékk sig góðan. Þá gekk hann til liðs við KR til að koma sér í form og fékk margar háðsglósurnar fyrir að vera í þyngri kantinum. Hann fékk síðan samning hjá Bolton og eftir að hafa staðið sig frábærlega með liðinu í ensku 1. deildinni var hann keyptur til Chelsea fyrir 400 milljónir króna. Hjá Chelsea hefur Eiður Smári vaxið og dafnað sem leikmaður og er nú stórstjarna sem þénar 200 milljónir á ári.



TEIKNING: HELGI SIG. – HUGVERKA.IS

Eiður Smári er fjölskyldumaður, ólíkt mörgum félögum sínum í ensku knattspyrnunni, og hefur verið með sömu konunni, Ragnhildi Sveinsdóttur, frá því að hann var fimmtán ára. Þau eiga saman tvo syni, Svein Aron, sem er sjö ára, og Aron Lucas sem er þriggja ára. Ragnhildur hefur staðið þétt við bakið á Eiði Smára og á ekki hvað síst þátt í velgengni hans á knattspyrnuvellinum. Þau eru að sögn ákaflega samrýmd enda eyða þau stærstum tíma ársins ein úti í London. Eiður Smári er mikill gleðimaður og hefur gaman af því að skemmta sér í góðra vina hópi. Hann þykir hins vegar vera með eindæmum latur við húsverkin og verður seint gripinn í uppvaskinu, við að setja í þvottavélina eða í garðinum. Eiður Smári er viðkvæmur einstaklingur sem tekur nærri sér gagnrýni sem hann á ekki skilið en hefur myndað þykkan skráp gagnvart sögusögnum um einkalíf hans en þær hafa verið nokkrar í gegnum tíðina. Hann hefur hins vegar ætíð svarað fyrir sig á vellinum, nokkuð sem hefur skilað honum í hóp bestu knattspyrnumanna Evrópu. ■

# Hver á Evruna?

UMRÆÐAN
GJALDEYRISMÁL



INGIMUNDUR KJARVAL
BÓNDI Í BANDARÍKJUNUM

Þegar ég vakna á morgnana fer heilinn á stað og ég reyni að skilja, rembist allan daginn. Fyrsta verkið venjulega út að horfa á nautin og þau á mig, tékka á að allar lappir bendi í rétta átt niður í forina. Ef það verk gengur vel get ég haldið áfram að spekúlera.

Ég veit að „Charlíeboy“ er með hjarta á við körfubolta, að dökkt og myrkt blóðið rennur í lungun og þaðan skærrautt. Ég veit að lifrin í honum myndi þekja borðstofuborðið, við Temma keyptum einu sinni heila nautslifur handa köttunum í Sláturfélaginu við Skúlagötu. Hvort við keyrðum hana heim á Ránargötu í barnavagninum eða bílnum hans Jóa bróðir man ég ekki, en að hún þakti allt borðið nærri þverhandarþykk, það man ég. Svo ég þekki lifrina í „Charlíeboy“ þótt ég hafi aldrei séð hana. Ég veit að við „Charlíeboy erum skyldir þótt milljónir ára séu á milli okkar, að hjartað í honum og hjartað í mér tengjast ættarböndum. Stundum fatta ég næstum því kenningu Einsteins, næ í brot. Flestar stundir finnst mér jörðin þó flöt og sólin fara um himininn, þarf að einbeita mér til að sjá að ég snýst sem skopparakringla og sólin alltaf á sama stað. Dagurinn líður og öll mín vitneskja dreifist um velli sem garnir hetjanna í Valhöll. Yfir kvöldmatnum reyni ég svo að gleyma ósigrum dagsins og lít vongóður til morgundsgsins.

Forsætisráðherra hélt mögulegt að taka upp Evruna, mín fyrsta hugsun var að ástæðan væri auðvitað myndin af afa á seðlinum, hann vildi heldur „blendimyndir“ af ímynduðum stöðum í Evrópu. Ég reyndi að muna hverjir væru á Evrunni: DeGaulle, Martin Lúter, Hitler, Nafla Jón eða „blendimyndir“ af þeim á gjaldmiðli sem hvergi á heima og enginn á. Ég er ekki menntaður i hagfræði eða nokkru yfirleitt, búfræðingur frá Hvanneyri. En ég hélt alltaf að hluti af sjálfstæðisbaráttunni hefði verið að fá eigið hagkerfi og gjaldmiðil.

Ég veit að í stærsta efnahagskerfi Evrunnar þurfti einu sinni hjólböru af seðlum til að kaupa eitt brauð, las í gær að atvinnuleysið í Þýskalandi væri sums staðar 25%. Ég get ekki skilið hvernig Íslendingar geti sagt Frökkum eða Þjóðverjum til verka, man að Frakkar tóku fólk af lífi fyrir að vera ekki nógu glaðlynt, bönnuðu jafnvel sjö daga vikuna svo hægt væri að gleyma Guði. Forsætisráðherra hlýtur að hlusta á vitrustu fjármálamenn Íslands, meðan við nautin störum á hvert annað alla daga og skiljum stundum ekki mikið. En eitt þykist ég þó vita, að sjálfstæði íslensku þjóðarinnar sé í veði og menn verði að vita hvað þeir tala um þegar þeir virðast tilbúnir að gefa upp sjálfsákvörðunarrétt lýðveldisins, annars verði þeir að víkja.

## KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

**ICEX-15** 4.020 **-0,63%**

**Fjöldi viðskipta:** 481
**Velta:** 2.771 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Flaga** | 4,68% | **Síminn** | -14,29% |
| **SÍF** | 3,59% | **Hampiðjan** | -2,86% |
| **FL Group** | 2,89% | **Íslandsbanki** | -1,16% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 41,90 – ... Atorka 6,00 – ... Bakkavör 31,30 -0,63% ... Burðarás 14,30 -1,04% ... FL Group 14,25 +2,89% ... Flaga 5,81 +4,68% ... Íslandsbanki 12,80 -1,16% ... KB banki 545,00 -0,91% ... Kögun 60,00 +0,17% ... Landsbankinn 15,70 -0,63% ... Marel 57,10 +0,53% ... Og fjarskipti 4,05 -0,49% ... Samherji 12,05 -0,41% ... Straumur 10,90 +0,93% ... Össur 85,50 -0,58%

**Rangar upplýsingar birtust í blaðinu í gær um stöðu Úrvalsvísitölunnar. Beðist er velvirðingar á því.**

# viðskipti

vidskipti@frettabladid.is nánar á visir.is

# Lögbann á Festingu

### Kersmenn vilja hluthafafund til að kjósa nýja stjórn.

Nýtt hlutafé sem gefið var út í Festingu fyrir skemmstu mun ekki gilda fyrr en skorið verður úr því hvort hlutafjáraukningin sæmræmdist lögum. Sýslumaður staðfesti í gær lögbann á meðferð hlutanna.

Þetta þýðir að félag í eigu Jóhanns Halldórssonar framkvæmdastjóra, sem keypti nýja hlutaféð, getur ekki nýtt sér það til áhrifa innan Festingar.

Stærsti hluthafinn í Festingu er Ker hf. Kersmenn telja að stjórn Festingar hafi ekki verið heimilt að samþykkja hlutafjáraukningu í félaginu þar sem ekki hafi verið orðið við kröfu um að hlutafjáraukningin yrði borin undir hluthafafund.

Óeining kom nýlega upp innan hluthafahóps Festingar. Í kjölfarið var boðað til stjórnarfundar þar sem hlutafjáraukningin var samþykkt. Þessi aukning hefði gjörbreytt valdahlutföllum innan Festingar og telja Kersmenn að ólöglega hafi verið staðið að henni og gengi hlutafjár í útboðinu hafi verið alltof lágt. Með aðgerðinni hafi eigendur minnihluta félagsins viljað nýta sér stöðu sína í stjórninni til að treysta áhrif sín.

Haft er eftir Kristjáni Loftssyni, stjórnarformanni Kers, í fréttatilkynningu að nú verði farið fram á hluthafafund í Festingu og ný stjórn kjörin. Ef farið verður að þessari kröfu má gera ráð fyrir að Kersmenn kjósi nýja menn í stjórn og nái aftur meirihluta í stjórninni.

Lögbannið og meint ólögmæti hlutafjárhækkunar verða borin undir dómstóla þar sem endanlega verður skorið úr ágreiningnum. **- þk**



**FRÁ ÞINGFESTINGU** Jóhann Halldórsson framkvæmdastjóri Festingar og Sigurður G. Guðjónsson lögmaður hans.

# Haldreipi í tösku



Tískufyrirtækið Mulberry's hefur vakið athygli fjárfesta eftir að ný kventaska sem kostar litla áttatíu þúsund krónur sló í gegn.

Verðbréfafyrirtæki hafa verið að hækka verðmat á fyrirtækinu og spá þreföldun hagnaðar vegna nýju töskunnar. Bresk blöð greina frá því að KB banki hafi komið auga á tækifærið og keypt tæplega fimmtán prósenta hlut í Mulberry's. Að öllum líkindum er KB banki ekki að kaupa fyrir sig, heldur er sennilegt að á bak við eignina sé Íslandsvinurinn Kevin Stanford, fyrrum eigandi í Karen Millen og einn hluthafa Baugs. **- hh**

# Stálnotkun eykst

Kína mun framleiða 350 milljón tonn af stáli á þessu ári, er haft eftir starfsmanni samtaka stál- og járnframleiðenda China Daily í gær. Vöxtur stálnotkunar í landinu verði stöðugur eftir að hafa fallið úr 28 prósentum árið 2003 í 15 prósent á síðasta ári.

Sagt er frá því að met hafi verið slegið í inn- og útflutningi stáls á síðasta ári. Innflutningur dróst saman um 21 prósent á meðan útflutningur jókst um 105 prósent. Sama þróun haldi áfram á þessu ári þar sem innflutningur fyrstu tvo mánuðina sé tæpu 91 prósenti minni en á sama tíma í fyrra. ■



**PAUL WOLFOWITZ** Tekur líklega við sem forstjóri Alþjóðabankans innan skamms. Bankinn sér fram á hægari hagvöxt í heiminum.

# Minni hagvöxtur

Hagkerfi heimsins standa á tímamótum að mati Alþjóðabankans þar sem spáð er að hagvöxtur minnki í 3,1 prósent á þessu ári. Var hagvöxtur 3,8 prósent í fyrra og hafði ekki verið jafn hár í fjögur ár.

Hækkandi vextir, dýrari olía, veikari dollar og aukinn viðskiptahalli eru atriði sem Alþjóðabankinn telur að hafi áhrif í þessa veru.

Líkur á minni hagvexti þýðir, að mati bankans, að stjórnvöld verði að draga fljótt úr fjárlagahalla og þróunarlönd verða að undirbúa sig undir hækkandi vexti með því að lækka skuldir. ■




Er þetta stæði frátekið fyrir þig?

**Ef ekki máttu búast við 2.500 kr. gjaldi.**

Það eru grundvallarréttindi hreyfihamlaðra að komast leiðar sinnar. Þess vegna hafa verið tekin frá stæði sem eingöngu eru ætluð þeim. Bílastæðasjóður og Lögreglan í Reykjavík hafa nú tekið upp eftirlit með sérmerktum bílastæðum fyrir hreyfihamlaða inni á lóðum fyrirtækja og stofnana.

Stæðiskort fyrir hreyfihamlaða veitir handhafa þess heimild til að leggja ökutæki í hin sérmerktu bílastæði, sbr. reglugerð 369/2000.

Öðrum er með öllu óheimilt að stöðva eða leggja í þeim og á það bann við allan sólarhringinn, um lestun eða losun bifreiðar sem og afnot af bílastæðinu í skamma stund.

Lóðarhafar þurfa að gæta þess að stæði fyrir hreyfihamlaða séu greinilega merkt og í samræmi við byggingareglugerð.

Bílastæðasjóður ...svo í borg sé leggjandi

Næst

## UMMÆLI VIKUNNAR

*„Hafi þingmönnum tekist að tala virðingu alþingis niður meðal þjóðarinnar er ekki nokkur vafi á því, að starfsmenn RÚV hafa lagt sig alla fram um að gera slíkt hið sama um eigin stofnun undanfarna daga og vikur.“*

***Björn Bjarnason dómsmálaráðherra á heimasíðu sinni 2. apríl.***

*„Til hamingju með afmælið ef þú lest þetta félagi Steinunn!“*
***Össur Skarphéðinsson, formaður Samfylkingarinnar, á heimasíðu sinni 7. apríl.***

# stjórnmál

stjornmal@frettabladid.is nánar á visir.is

## *Úr bakherberginu…*

### Ingibjörg ekki einn af samherjum Össurar

Þó svo að keppinautarnir og svilfólkið, Ingibjörg Sólrún og Össur, leggi sig í líma við að láta líta sem svo að kosningabarátta þeirra sé háð í mikilli sátt og samlyndi þarf ekki að rýna mjög grannt í spilin til þess að sjá að baráttan er ekki öll jafn slétt og felld og þau vilja vera að láta.
Ekki þarf annað en að opna heimasíðu Össurar. Þar er sérstakur dálkur með á annan tug hlekkja yfir í heimasíður „samherja“ Össurar, eins og hann nefnir þá sjálfur – en nota bene – hin nýopnaða heimasíða Ingibjargar Sólrúnar er ekki þar á meðal.



### Hver lak Símanum?

Sjálfstæðismenn eru síður en svo ánægðir með það hve þeir litu illa út í skúbbi Agnesar Bragadóttur um samkomulag stjórnarflokkanna um hvernig hátta skyldi söluferlinu á Símanum sem birtist í Morgunblaðinu. Sjálfstæðismenn segja sjálfir að í fréttinni hafi litið svo út að þeir væru að láta undan kröfum Framsóknarflokksins um söluna enda kom þar fram að sjálfstæðismenn væru „ósáttir“ við samkomulag flokksformannanna og töldu það vera „ótrúlegt klúður“. Sjálfstæðismenn segja að í fréttinni sé látið líta svo út að lekinn hafi komið frá Sjálfstæðisflokknum. Það sé fjarri sannleikanum – þeir hefðu einfaldlega aldrei gert þau mistök að láta sjálfa sig líta illa út. Þeir fullyrða að samstarfsflokkurinn hafi lekið upplýsingum í blaðamanninn – einmitt til þess að senda út þau skilaboð að þeir væru með yfirhöndina í ríkisstjórnarsamstarfinu.



## VIKA Í PÓLITÍK

SIGRÍÐUR DÖGG AUÐUNSDÓTTIR

### *Skoðanakannanahentistefnuflokkur*



Það er merkilegt hve viðhorf stjórnmálamanna til skoðanakannana geta breyst eftir vindum. Nú eru til að mynda tvö mál í umræðunni þar sem skoðanakannanir hafa verið gerðar til að mæla viðhorf almennings til tiltekinna mála. Annað er sala Símans og hitt er álver á Norðurlandi.

Svipuð útkoma var úr báðum könnunum – helmingur aðspurðra var fylgjandi og hinn á móti.

Þó svo að niðurstöður sem þessar bjóði upp á að þrætt sé um það hvort glasið sé háffullt eða hálftómt er enn athyglisverðara að skoða hvernig stjórnmálamennirnir sjálfir kjósa að túlka þessar kannanir.

Í umræðunni um sölu Símans á Alþingi síðastliðinn mánudag gagnrýndu þingmenn Framsóknarmanna harkalega málflutning Vinstri grænna, sem héldu því fram að samkvæmt skoðanakönnunum væri hálf þjóðin andsnúin því að selja Símann. Þar kom fram að niðurstöður í skoðanakönnunum væru nú fremur haldlaus rök fyrir því hvort framkvæma ætti fyrirætlanir stjórnvalda eða ekki.

Sami flokkur – Framsóknarflokkurinn – beitti hins vegar niðurstöðum í skoðanakönnun um álver á Norðurlandi sem meginrökum í málflutningi sínum á fundum víðs vegar um Norðurland á dögunum. Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra lagði höfuðáherslu á að samkvæmt skoðanakönnunum væri meirihlutavilji íbúa landshlutans fyrir því að reisa það álver.

Það hlýtur að vera ný stefna – að Framsóknarflokkurinn lúti vilja þjóðarinnar sem fram kemur í skoðanakönnunum. Ekki fór ríkisstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks að vilja þjóðarinnar í fjölmiðlamálinu svokallaða. Ekki heldur var farið að vilja þjóðarinnar varðandi Kárahnjúkavirkjun. Fleira mætti eflaust tína til.

Svo ekki sé talað um viðbrögð stjórnmálamanna við niðurstöðum í skoðanakönnunum um þá sjálfa og ósjaldan birtast í fjölmiðlum. Ef útkoman er þeim í óhag hika stjórnmálamenn ekki við að gagnrýna þetta mælitæki skoðana og finna því jafnvel allt til foráttu. Annað hljóð er þó í strokknum ef útkoman er góð.

Það mætti gera þá kröfu til stjórnmálamanna að þeir gerðu upp hug sinn til skoðanakannana. Annað hvort viðurkenna þeir þær sem nothæft mælitæki – eða ekki. Og verða þá að haga sér í samræmi við það.

Í anda þeirra nýyrðasmíða sem viðhafðar eru á hinu háa Alþingi mætti því ef til vill nefna Framsóknarflokkinn skoðanakannanahentistefnuflokk – eða hvað?

# Öðru máli gegnir um RÚV

**Menntamálaráðherra tekur hatt sinn ofan fyrir nefndarmönnum fyrir að ná sátt í jafnerfiðu máli og eignarhaldi á fjölmiðlum. Hún treystir þeim hins vegar ekki til að takast á um málefni Ríkisútvarpsins. Um það gegni öðru máli.**



**ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR VIÐ KYNNINGU FJÖLMIÐLASKÝRSLU** Menntamálaráðherra segir að þótt fjölmiðlanefndinni hafi tekist hið nær ómögulega, að ná sátt um tillögur að lagasetningu um fjölmiðla, gildi öðru máli um Ríkisútvarpið. Hverfandi líkur séu á því að flokkarnir geti náð sátt um stefnu til framtíðar fyrir stofnunina.

**FJÖLMIÐLANEFND** Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntmálaráðherra segir tillögur fjölmiðlanefndarinnar skynsamlegar og horfa til framtíðar. „Þær tryggja fyrst og fremst val neytenda á fjölbreyttri fjölmiðlun. Ég tek hatt minn ofan fyrir öllum nefndarmönnum að hafa lagt þetta mikið á sig til að ná þessari sátt. Það er eitt að ná sátt og annað að ná málamiðlun. Þetta er málamiðlun sem er mjög skynsamleg,“ segir Þorgerður.

Hún segir að með skýrslu nefndarinnar hafi verið viðurkennt að sérstakar reglur eigi að gilda um fjölmiðla. „Fjölmiðlar eru ekki eins og hvert annað fyrirtæki,“ segir hún.

Aðspurð segir hún að með niðurstöðunum séu fulltrúar ríkisstjórnarinnar síður en svo að viðurkenna mistök síðasta árs. „Það er alltaf hollt fyrir alla að læra af reynslunni. Ég held að það hafi verið allir flokkar sem hafi verið með mjög digrar yfirlýsingar, hvort sem þeir voru á hægri eða vinstri kantinum. Sumir sögðu að það ætti aldrei að setja takmark á eignarhald á fyrirtækjum á meðan aðrir voru með hugmyndir um markaðsráðandi fyrirtæki,“ segir Þorgerður.

Spurð hvort nú ekki sé lag, í ljósi þess að nefndin náði sögulegum sáttum um tillögur að fjölmiðlalögum, að nýta vinnukraft nefndarinnar áfram og freista þess að ná pólitískri sátt um endurskipulagningu Ríkisútvarpsins segir hún það auðvitað freistandi. „En ef ég verð að segja alveg eins og er þá gegnir öðru máli um Ríkisútvarpið og hefur alltaf gert. Ríkisútvarpið gegnir mjög sérstöku hlutverki í íslensku samfélagi og ég held að menn geti fundið mismunandi skoðanir gagnvart RÚV innan hvers einasta flokks. Ég er ekki farin að sjá neina flokkspólitíska samstöðu um hvaða leið er best fyrir RÚV. Við erum kannski öll sammála um þau meginmarkmið sem koma fram í skýrslunni um það að styðja við menningarhlutverk Ríkisútvarpsins, efla innlenda dagskrárgerð, passa upp á dreifinguna,“ segir Þorgerður. En bætir því við að hverfandi líkur séu á því að flokkarnir næðu saman um hvaða leiðir væru best til þess fallnar til þess að ná þeim markmiðum.

Fulltrúar stjórnarandstöðunnar í nefndinni lögðu fram bókun með fjölmiðlaskýrslunni þar sem menntamálaráðherra er gagnrýnd fyrir að fela nefndinni ekki það hlutverk að fjalla um málefni Ríkisútvarpsins. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Kolbrún Halldórsdóttir og Magnús Þór Hafsteinsson segjast öll sannfærð um að nefndinni hefði einnig tekist að komast að sameiginlegri niðurstöðu um framtíð RÚV.

Þorgerður Katrín hefur hins vegar enga trú á því. „Bara bókunin ein og sér sýnir að það hefði verið mjög erfitt að ná samstöðu um Ríkisútvarpið. Ég veit að nefndarmenn hafa þurft að miðla mjög málum, bara vegna texta sem tengdur er RÚV í skýrslunni,“ segir Þorgerður.

Spurð hvers vegna ekki sé hægt að gera kröfur á það að pólitísk sátt náist um Ríkisútvarpið segist hún telja að pólitísk sátt geti náðst um það frumvarp sem hún hafi þegar lagt fram. „Ég treysti því að frumvarpið komi til með að styrkja og efla hlutverk RÚV innan þess fjölmiðlamarkaðs sem það gegnir í dag,“ segir Þorgerður.

Þegar hún er spurð hvers vegna sé þá ekki meiri sátt um frumvarpið en virðist vera, miðað við gagnrýni stjórnarandstöðuflokkanna, svarar hún: „Eigum við ekki að bíða og sjá hvernig þetta verður?“

sda@frettabladid.is

Stjórnarandstaðan í fjölmiðlanefnd:

## Vildu fá að fjalla um málefni Ríkisútvarpsins

**FJÖLMIÐLANEFNDIN** Fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna í fjölmiðlanefndinni lét færa í skýrlu nefndarinnar bókun með athugasemdum við þá ákvörðun menntamálaráðherra að fela nefndinni ekki að fjalla um málefni Ríkisútvarpsins.

„Við erum þeirrar skoðunar að mikilvægt sé að ná sátt um samræmda heildarsýn fyrir íslenska fjölmiðla sem taki bæði til Ríkiútvarspins og einkarekinna fjölmiðla. Slíkt er einungis mögulegt ef vinnan við lagasetningu um Ríkisútvarpið fer fram samhliða vinnunni við hina almennu löggjöf.

Sjálfstætt almannaútvarp stuðlar að pólitískri og menningarlegri fjölbreytni og er forsenda þess að fjölmiðlar geti gegnt aðhaldshlutverki og verið útverðir lýðræðis í samfélaginu. Það er mat okkar að eigi að nást víðtæk sátt í samfélaginu um almenna rammalöggjöf um fjölmiðla, eignarhald og starfsumhverfi verði að tryggja faglegt og rekstrarlegt sjálfstæði Ríkisútvarpsins gagnvart stjórnvöldum og varðveita það traust sem ríkir til stofnunarinnar og eigenda hennar, það er þjóðarinnar.

Nú hefur það gerst að fram er komið stjórnarfrumvarp um Ríkisútvarpið, um það leyti sem fjölmiðlanefndin er að ljúka störfum, án þess að nefndinni hafi nokkurn tíma verið gerð grein fyri því hvers mætti vænta í slíku frumvarpi. Frumvarpið vekur upp margar spurningar um raunveruleg markmið ríkisstjórnarinnar.“ ■




HAFNARFJÖRÐUR

[ AUKABLAÐ
FYLGIR
FRÉTTABLAÐINU
FIMMTUDAGINN
14. APRÍL ]

Auglýsendur snúi sér til Ámunda Ámundasonar sölufulltrúa í símum 515-7580 / 821-7514
amundi@frettabladid.is

ÓB

ódýrt bensín

**Alltaf ódýrt**
**Alltaf skynsamlegt**
**Alltaf opið**
**Alltaf snyrtilegt**
**Alltaf vildarpunktar**

Skráðu þig í sms-klúbbinn á www.ob.is og fáðu sértilboð send í símann þinn.

Himinn og haf/SÍA

NÝTT!

ELDHÚSINNRÉTTINGAR - BA

# OPNUM UM HELGINA





**Átta mismunandi útlitsgerðir hurða fyrirliggjandi.**
**Til afhendingar strax af lager.**



## AEG PAKKINN

**Einstakt tilboð á hágæða AEG heimilistækjum**



Bakstursofn í stáli



Veggháfur í stáli





Helluborð með snertitökkum

***AEG háfur***
***AEG veggofn***
***AEG hellur***
***Kr. 89.000.-***

Tilboð þetta gildir eingöngu í ORMSSON Smáralind í ***SETTU ÞAÐ SAMAN-HTH***

**Settu það saman og notaðu afganginn í eldhústækin!**

AEG heimilistæki á sérverði þegar keypt er HTH innrétting.

ÐINNRÉTTINGAR - FATASKÁPAR

# NÝR SÝNINGARSALUR

## Í VERSLUN OKKAR Í SMÁRALIND ÓDÝRAR, ÓSAMSETTAR INNRÉTTINGAR Í ELDHÚSIÐ, Í BAÐHERBERGIÐ OG Í SVEFNHERBERGIÐ





# Taktu nýja eldhúsið með þér heim!

**ORMSSON** hefur boðið upp á **HTH** skápa, bað- og eldhúsinnréttingar undanfarin ár við vaxandi vinsældir, enda um fallegar og vandaðar vörur að ræða. Nýlega hóf **ORMSSON í Smáralind** svo að bjóða ***„settu það saman"*** sem er ósamsett lína frá **HTH**. Þessi ósamsetti vöruflokkur **HTH** gefur fólki tækifæri á að fá enn meira fyrir peninginn – leggja til hæfilega handlagni og dálítinn dugnað og uppskera góðar innréttingar á einstöku verði. Enginn afhendingarfrestur er á innréttingunum svo þú getur bara **tekið þær með þér heim**.



SETTU ÞAÐ SAMAN HTH

ORMSSON SMÁRALIND

Opið laugardag frá 11–18 og sunnudag frá 13–18

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu

**DIETRICH BONHOEFFER**
(1906-1945) lést á þessum degi.



*„Farir þú um borð í ranga lest er til lítils að hlaupa eftir göngum hennar í gagnstæða átt.“*

***Þýski guðfræðingurinn og heimspekingurinn stóð uppi í hárinu á þýskum nasistum. Hann var fangelsaður fyrir vikið og hengdur í fangabúðunum í Flossenbürg, nokkrum dögum áður en bandamenn komu frelsandi.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST

# *Noregur og Danmörk hernumin*

Þennan dag árið 1940 hertóku Þjóðverjar Noreg og Danmörku. Þýsk herskip sigldu inn í helstu hafnir frá Narvík til Osló og þúsundir hermanna gengu á land. Á sama tíma ruddust þýskir hermenn inn í Kaupmannahöfnm og fleiri danskar borgir.

Þýski heraflinn komst óhindraður á land í Noregi eftir að Vidkun Quisling, fyrrverandi utanríkisráðherra landsins sem studdi nasista, skipaði fyrir að tundurdufl skyldu fjarðlægð úr höfnunum. Þýski ráðherrann í Osló krafðist uppgjafar Norðmanna en ríkisstjórnin neitaði. Þjóðverjar sendu fallhlífarhermenn sem boluðu stjórninni frá völdum og við af henni tók leppstjórn undir stjórn Quislings.



**VIDKUN QUISLING**

Norski herinn hafnaði umboði Quislings og hélt áfram að berjast við Þjóðverja við hlið Breta, en eftir að Þjóðverjar hertu framsókn sína frá Frakklandi færðu Bretar flest alla hermenn sína frá Noregi. Þýski herinn átti í litlum erfiðleikum með að sigra þann norska og Þjóðverjar náðu yfirráðum yfir Noregi.

Kristján X Danakonunugur var sannfærður um að her sinn gæti ekki staðist innrás þýska hersins og gafst nánast strax upp. Danmörk og Noregur voru því annað og þriðja ríkið sem Hitler sölsaði undir sig á eftir Póllandi.

Eftir lok seinni heimsstyrjaldarinnar var Vidkun Quisling fundinn sekur um landráð og tekinn af lífi og af nafni hans er orðið kvislingur – svikari – dregið.

## MERKISATBURÐIR

**1915** Ingimar Eydal kennari og Sigurður Einarsson dýralæknir gefa út blaðið Íslending á Akureyri.

**1933** Skúli fógeti strandar við Reykjanes, þrettán menn farast en tuttugu og fjórum er bjargað.

**1963** Mikið ofviðri með hörkufrosti skellur á um allt land, sextán sjómenn farast og skemmdir verða á húsum á Vestfjörðum og víðar.

**1967** Boeing 737 flugvélin fer í jómfrúarflugið.

**1989** Fyrsta borgaralega fermingin fer fram á Íslandi.

**1991** Georgía lýsir yfir sjálfstæði frá Sovétríkjunum.

**1999** Ibrahim Baré Maïnassara, forseti Nígeríu, ráðinn af dögum.

**2002** Elísabet drottningarmóðir í Englandi borin til grafar frá Westminster Abbey.



*Við þökkum heilshugar auðsýnda samúð við fráfall föður okkar, tengdaföður og afa,*

**Guðlaugs Jónssonar**
frá Seyðisfirði,

sem lést 19. mars síðastliðinn. Sérstakar þakkir til starfsfólks líknardeildar LH Landakoti fyrir frábæra umönnun og velvild.

**Magnús Guðlaugsson, Anna Sigríður Þórðardóttir, Jón B. Guðlaugsson og barnabörn.**



**RÍKISSTJÓRN ÍSLANDS 1940** Þegar Þjóðverjar hernámu Danmörku stóðu Íslendingar á eigin fótum í fyrsta sinn síðan á 13. öld

TÍMAMÓT: 65 ÁR LIÐIN FRÁ HERNÁMI DANMERKUR

# Ísland stendur á eigin fótum

Þegar Þjóðverjar hernámu Danmörku á þessum degi fyrir 65 árum hafði það afdrifarík áhrif á Ísland því að stjórnmálasamband Íslands við Dani rofnaði og Íslendingar stóðu á eigin fótum í fyrsta sinn síðan á 13. öld. Fáir vita meira um stríðsárin á Íslandi en Þór Whitehead sagnfræðingur.

„Það var íslenskum ráðamönnum mikið áfall þegar þær fregnir bárust að Kristján konungur hefði lýst yfir uppgjöf,“ segir Þór. Alþingi skaut á næturfundi þar sem stjórnarflokkarnir þrír, Sjálfstæðisflokkur, Alþýðuflokkur og Framsóknarflokkur, kynntu ráðstafanir sínar. Formenn flokkanna höfðu samráð við Héðin Valdimarsson sem stóð utan flokka en þeir ráðguðust ekki við þingmenn Sósíalistaflokksins. Sósíalistar greiddu engu að síður tveimur þingsályktunartillögum Hermanns Jónassonar atkvæði á sama hátt og aðrir þingmenn. Önnur tillagan fól í sér að lög þurftu ekki lengur undirskrift konungs heldur gat ríkisstjórnin sjálf undirritað lög sem Alþingi hefði samþykkt. „Við höfðum vissulega verið fullvalda þjóð síðan 1918,“ segir Þór. „En með þessu færðist hið formlega löggjafarvald inn í landið í fyrsta skipti um aldabil.“

Hin tillagan kvað á um að Íslendingar tækju að sér utanríkismál sín og landhelgisgæslu. Þeir höfðu reyndar haft hvort tveggja á sinni könnu að öllu leyti nema að nafninu til. „Það má því segja að með þessu hafi orðið algjör umskipti því sambandið við Dani var rofið og Ísland kemur fram sem sjálfstætt ríki í fyrsta sinn síðan á 13. öld.“

Sveinn Björnsson, sendiherra Íslands í Danmörku, var kallaður heim, enda var hann öðrum Íslendingum reynslumeiri af samskiptum við aðrar þjóðir. Sveinn tók við embætti ríkisstjóra 17. júní 1941 en fram að því hafði ríkisstjórnin sjálf farið með vald þjóðhöfðingja Íslands. ■



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma*

**Indíana Dýrleif Ingólfsdóttir**

sem lést á öldrunardeild sjúkrahúsins á Húsavík 2. apríl, verður jarðsett á Einarsstöðum í Reykjadal þriðjudaginn 12. apríl kl. 14.

**Ásmundur Kjartansson, Vilborg Friðriksdóttir, Stefán Kjartansson og aðrir vandamenn.**



*Innilegar þakkir til allra er sýndu okkur vináttu og hlýhug við andlát, minningarathafnar og útfarar, elskulegar móður okkar,*

**Kristbjörgu Guðmundsdóttur**
frá Drangsnesi til heimilis að Blikahólum 12, Reykjavík.

**Margret Skúladóttir, Jóhann Skúlason og fjölskyldur.**

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ingólfur G. Gústavsson**
húsasmíðameistari, Hraunbæ 1,

lést á Landspítalanum við Hringbraut miðvikudaginn 6. apríl sl.
Útförin verður auglýst síðar.

**Ásta Aðalheiður Ingólfsdóttir** **Þorkell Bergsson**
**Arnbjörg Sigríður Ingólfsdóttir**
**Gísli Björn Ingólfsson**
**Sigurlaug Guðný Ingólfsdóttir**
**afabörn og langafabörn.**

## ANDLÁT

**Áslaug Edda Bergsdóttir**, Stekkjarhvammi 8, Hafnarfirði, er látin.
**Soffía Sigurbjörg Jóhannsdóttir**, Norðurgötu 60, Akureyri, fyrrum húsfreyja á Syðra-Vatni, Skagafirði, lést föstudaginn 25. mars. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.
**Indíana Dýrleif Ingólfsdóttir** lést á öldrunardeild sjúkrahússins á Húsavík, laugardaginn 2. apríl.
**Ragna Gestsdóttir**, hjúkrunarheimilinu Skjaldarvík, áður Lindasíðu 2, Akureyri, lést þriðjudaginn 5. apríl.
**Kjartan Pálsson**, læknir, hjúkrunarheimilinu Skógarbæ, lést fimmtudaginn 7. apríl.

## JARÐARFARIR

14.00 **Guðrún Kr. Ingvarsdóttir**, Foldahrauni 40, Vestmannaeyjum, verður jarðsungin frá Landakirkju.

14.00 **Ólafur Torfason Hjaltalín**, Hrafnistu, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Stykkishólmskirkju.

**14.00 Vigfús Pétursson**, frá Hellissandi, verður jarðsunginn frá Ingjaldshólskirkju, Hellissandi.



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Erlendur Sigmundsson**
fyrrverandi prófastur og biskupsritari,

verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju mánudaginn 11. apríl kl. 15.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarstofnanir.

**Margrét Erlendsdóttir** **Helgi Hafliðason**
**Álfhildur Erlendsdóttir** **Eymundur Þór Runólfsson**
**Hafliði Helgason** **Ragnhildur Vigfúsdóttir**
**Erlendur Helgason** **Kristín Lára Friðjónsdóttir**
**Ólöf Huld Helgadóttir** **Halldór Kristinn Júlíusson**
**Runólfur Eymundsson** **Jintana Chareonwong**
**Margrét Sigríður Eymundardóttir**
**Vigdís, Hólmfríður, Margrét Ólöf, Ófeigur Helgi,**
**Hugi Þeyr, Hávar og Eyrún Úa.**



*Faðir okkar og tendafaðir,*

**Sigurður Guðmundsson**
fyrrv. símamaður, Norðurbrún 1, Reykjavík, áður Bergþórugötu 17,

lést aðfararnótt fimmtudagsins 7. apríl.

**Egill B. Sigurðsson** **Gerður H. Jóhannsdóttir**
**Bryndís H. Sigurðardóttir**
**Þuríður G. Sigurðardóttir** **Bergur Jónsson**

## AFMÆLI



**Rut Sigurmonsdóttir**, Jörundarholti 108, Akranesi, er sjötug í dag. Hún tekur, ásamt eiginmanni sínum Hreini Elíassyni, á móti gestum á heimili þeirra eftir klukkan þrjú í dag.
**Björn Björnsson** prófessor er 68 ára í dag.
**Guðni Ágústsson**, þingmaður og ráðherra, er 56 ára í dag.
**Sveinn Hannesson**, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, er 55 ára í dag.
**Jens Andrésson**, formaður SFR, er 53 ára í dag.


GERÐU VERÐSAMANBURÐ
STAFRÆN MYNDAVÉL
4.1 milljón dílar
HAD CCD myndflaga
MemoryStick Duo PRO
USB Direct Print
USB 2.0 og video út
16MB MemoryStick
Hugbúnaður
USB kapall og hálsól fylgja
12 MÁN.
VAXTALAUST
2.099,-**
Sony Cyber-Shot
DSC-L1
Staðgreitt: 25.188,-
LCD SJÓNVARPSTÆKI
12 MÁN.
VAXTALAUST
10.825,-**
Phocus TV
26" LCD
Staðgreitt: 129.900,-
Upplausn: 1280 x 768
Hlutföll: 16/9
Skerpa: 500:1
Textavarp
Nicam Stereo
2 Scart, Super VHS, VGA
Og fleira
HEIMABÍÓ
TILBOÐ
19.990,-
ELTA
heimabíó
FYLGIR
Fjölkerfa, fjarstýring, MP3, VCD, SVCD,
spilar skrifaða diska, 5 hátalarar, bassabox og fleira
Incredibles DVD fylgir með
um helgina
FLAKKARI
TILBOÐ
13.990,-
Sarotech/Samsung
flakkari
160 GB harður diskur
USB 2.0
GSM
TILBOÐ
22.980,-*
Sony-Ericsson
K-700I
Tríband
Myndavél
Hreyfimyndir
FM - útvarp
MP3
GPRS
Blátönn
o. fl.
GSM
TILBOÐ
17.990,-*
Nokia
N6020
Tríband
Myndavél
Hreyfimyndir
GPRS
Handfrjáls búnaður
Íslensk valmynd
o. fl.
DVD SPILARI
FYLGIR
TILBOÐ
6.999,-
ELTA fjölkerfa
DVD
Fjölkerfa, fjarstýring, MP3, VCD, SVCD,
spilar skrifaða diska
2 bíómiðar á kvikmyndina Boogeyman
fylgja um helgina
ACER
12 MÁN.
VAXTALAUST
8.250,-**
ACER
borðvél
Staðgreitt: 99.900,-
AMD 3200 Mhz, 512MB,
ATI X300, 160GB,
10/100 netkort, XP home,
DVD skrifari, TV tuner,
Medea bay, USB 2.0
Hljóð inn og út
og fleira
Skjár ekki
innifalinn
GSM
TILBOÐ
7.980,-*
Sony-Ericsson
T-290
MMS
WAP
SMS spjall
Polytónar
o. fl.
MP3
256MB
FM útvarp
LCD skjár
USB2.0
Diktafónn
Heyrnartól fylgja
TILBOÐ
9.990,-
Creative
MuVo V200
ACER
12 MÁN.
VAXTALAUST
13.325,-**
TravelMate
4502
Staðgreitt: 159.900,-**
IP 1,6 Ghz, 512MB, 60GB, DVD skrifari,
15,4", ATI 9700, Snerimús, þráðlaust net
XPPro, USB 2.0, Svideo, Firewire
IR tengi, VGA, og fleira
GSM
TILBOÐ
13.990,-
Samsung
SGH-X450
Tríband
MMS
GPRS class 10
Polytónar
Java
1000 nafna símaskrá
Skeiðklukka
o. fl.
expert
Skútuvogi 2 sími: 522 9000
Opið virka daga kl. 11.00 - 18.30 | laugardaga kl. 10.00 - 18.00 | sunnudaga kl. 13.00 - 17.00
www.expert.is
Birt með fyrirvara um villur.
** Visa- eða Euro raðgreiðslur, meðalgreiðsla í 12 mán
* Læstir á Símann


FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL BERGMANN

# Þungarokkið hjartkærast

Röddin hans er eins og þykkt, purpurarautt flauel. Í töfrandi samræmi við síða hárið. Sannleikurinn blasir við. Þungarokkarar eru blíðir og leikfúsir eins og ljónsungar þrátt fyrir töffaralegan villingafrontinn. *Þórdís Lilja Gunnarsdóttir* heilsaði upp á tignarlegasta rokkara Íslandssögunnar, Eirík Hauksson.

Ég held það sé sama hvað ég geri. Fólk mun trúlega alltaf muna eftir mér vegna *Gaggó Vest*. Það virðist lifa lengst í hugum fólks og setur allt á annan endann, meira að segja krakkar niður í tólf ára syngja hástöfum með. Það er eitthvað dularfullt," ályktar rauðhærði rokkarinn Eiríkur Hauksson hlæjandi þegar hann minnist lags Gunnars Þórðarsonar sem hann sjálfur söng inn í hjörtu Íslendinga á níunda áratugnum.

„Annars þykir mér vænst um Sekur sem ég söng með *Start* og var kosið lag ársins 1981. Það var mitt fyrsta alvörulag sem jafnframt kom mér á framfæri," segir Eiríkur sem í gærkvöldi og í kvöld fer yfir ferilinn á Nasa, sem spannar popp, rokk og allt þar á milli frá árinu 1980.

**Svífur yfir Esjuna**

Eiríkur hefur verið viðloðandi tónlist frá því hann byrjaði í hljómsveitabransanum fimmtán ára gamall. Hann söng fyrst inn á plötu með Torfa Ólafssyni, sem jafnframt var fyrsta platan sem *Mezzoforte* spilaði inn á, en í kjölfarið stofnuðu þeir hljómsveitina formlega.

„Ég lenti í hlutverki söngvarans þegar ég einn þorði að syngja í unglingahljómsveitum, en ætlaði lengi vel að læra á bassa. Ég var söngelskur sem barn og hélt margan konsertinn heima. Krafðist þess að taka lag fyrir gestina áður en þeim var skenkt kaffið og þá oftast *Svífur yfir Esjuna*," segir Eiríkur hláturmildur, en fljótt togaði þungarokkið ákafast í hann.

„Tíu ára fór ég að hlusta á *Deep Purple, Black Sabbath* og *Led Zeppelin*, en takturinn í þeim höfðaði til mín. Þetta var töff tónlist, menn voru með sítt hár og má segja að hvatinn að því að ég fór að safna hári hafi verið plakat sem ég átti með *Alice Cooper* sem var með sítt hár niður á rass og þótti ógurlega flott og óvenjulegt. Síðan hef ég lengst af verið með hár niður á mjóhrygg. Ég hafði ekki hugsað mér að safna hári aftur en þetta kemur og í kjölfarið fer maður að kannast æ betur við sjálfsmyndina í speglinum. Ég fíla það langbest þannig sjálfur."

**Uppsveifla þungarokksins**

Eiríkur hefur alið manninn í Noregi síðan 1988 að hann flutti út gagngert til að gerast meðlimur í alvöru þungarokkshljómsveit.

„Ég fór til Noregs til að spila í *Artch*, sem gert hafði plötusamning í Bandaríkjunum. Við gáfum út tvær plötur sem fengu ótrúlega góða dóma, en þessi bransi er lúmskur og endaði með að plötufyrirtækið gerði ekkert meira í málinu. Því dalaði starfsemi *Artch* og lagðist niður 1993, þótt við höfum síðan spilað á nokkrum rokkhátíðum í Bandaríkjunum, Svíþjóð og Þýskalandi, en mikil nostalgía er í gangi eftir hljómsveitinni eftir að auðveldara varð að ná sér í músík á netinu," segir Eiríkur sem starfar enn mikið í norsku tónlistarlífi.

„Ég starfa *freelance* í sýningum og hjálpa til með raddir, meðal annars fyrir norsku glamrokkarana *Wig Wam*, sem nú keppa fyrir Noregs hönd í Júróvisjón. Þeir eru kunningjar mínir og bassaleikarinn er í *Artch*. Það er spurning hvað bassaleikarinn gerir með *Wig Wam*, en möguleiki er að *Artch* taki saman aftur. Við vorum að baksa þetta aðeins of snemma, en tveimur árum seinna kom *Metallica* fram og í kjölfarið ofsaleg uppsveifla í *power metal*, eins og við spiluðum."

**Ísland: tólf stig**

Þótt þungarokk sé sjaldnast á verðlaunapöllum Júróvisjón tengist Eiríkur keppninni órjúfanlegum böndum. Eiríkur telur *Wig Wam* eiga möguleika á sigri, þótt ekki nærri eins mikla og Íslendingar.

„Ég var í Svíþjóð að taka upp þætti sem voru líka sýndir í fyrra fyrir aðalkeppnina þar sem einn frá hverju Norðurlandanna gefur lögunum stig. Það lítur mjög vel út fyrir Ísland að vinna keppnina í ár, þegar maður ber lagið saman við hin lögin, þótt hún sé orðin hálfgerð Austur-Evrópu-keppni þar sem lönd gefa hvort öðru stig upp á vinskap. Því er á brattann að sækja fyrir Norðurlönd, en danski aðilinn spáði Íslandi sigri og stærsta blað Noregs veðjar sömuleiðis á Selmu."

Eiríkur segist sjálfur fylgjast með keppninni, hafi hann ekkert annað merkilegra að gera.

„Þetta er nú samansafn af ýmsu og meiriparturinn grútlélegur, finnst mér. Þegar við Pálmi og Helga fórum út með Gleðibankann var það ógleymanlegur tími og þjóðin fór á hvolf. Við vorum auðvitað búin að vinna keppnina fyrirfram og fórum sneypt heim, en maður vonaðist til að vera meðal tíu efstu."

**Rokk í tilvistarkreppu**

Eiríkur er landsfrægur í Noregi. Stundum stoppaður á götum úti, enda þekkist hann langar leiðir af rauða makkanum. Hann segist örugglega vera í rokkinu væri hann að hefja ferilinn í dag.

„Þungarokk er mér hjartkærast þótt ég sé alæta á tónlist. Gróska í íslenskri tónlist er ótrúleg og vonlaust að fylgjast með öllu búandi í Noregi. Rokkið verður aldrei eins og það var. Það var barn 1960, unglingur á sjöunda áratugnum og eldist enn, þótt hljóti að koma endurtekningar. Í kringum 1970 voru allir í bláum gallabuxum með sítt hár, en nú verða menn að hafa afgerandi stíl og eitthvað að segja til að fólk viti af þeim. Því miður er boðskapurinn ekki alltaf fallegur, sem fylgir þeirri firringu sem orsakast af því stressi og hraða sem við virðumst vilja lifa við. En svo koma gæjar eins og *Darkness* frá Englandi með hreinræktað happí rokk með gamaldags, frekar lélegum textum og slá í gegn. Rokk í dag miðast alltof mikið við sjálfsmorðs- og þunglyndismarkaðinn, því miður. Textar *Whitesnake* fjölluðu um hvernig maður átti að ná sér í stelpur: *Get out of your pants and into my bed*, sem sennilega mundi ekki virka í dag. Nú er það meira: *You make me wanna kill myself*."

**Nýtur sviðsljóssins**

Eiríkur er kennari að mennt en hefur undanfarin ár starfað í athvarfi fyrir börn sem falla utan hefðbundins skólakerfis.

„Kennslan er örlög og liggur í blóðinu. Mamma er kennari sem og báðir afar mínir og amma. Kennsla er auk þess gjörningur í sjálfu sér. Líkt og að standa á sviði stendur maður fyrir framan bekkinn og verður að ná til hans. Lélegur söngvari og sviðsmaður á erfitt með að ná til áhorfenda og eins er með lélegan kennara."

Eiríkur greindist með krabbamein árið 2001 og gekkst undir erfiða krabbameinsmeðferð.

„Heilsan er fín. Á miðju næsta ári verð ég búinn með þetta fimm ára tímabil sem læknarnir miða við að menn séu orðnir lausir við meinið, og þá sparka þeir mér út sem hraustum manni. Ég er reynslunni ríkari, en lagði þennan kafla mjög fljótt að baki mér, ákveðinn í að vera búinn. Ég nenni þessu sko alls ekki aftur," segir hann hláturmildur og í fullu fjöri, tilbúinn að stíga á svið.

„Mér finnst það alltaf jafn gaman, enda þá kominn í hlutverk sem mér líður vel í. Sennilega er ég bæði feiminn og hógvær en um leið býr þessi töffari innra með mér sem nýtur þess að baða sig í sviðsljósinu, um leið og að finnast gaman að syngja og túlka tónlist."

## Gaggó-Vest

HÖFUNDUR TEXTA: Ólafur Haukur Símonarson HÖFUNDUR LAGS: Gunnar Þórðarson

Bjallan glymur, gróft er hennar mál.
Gaggó-Vest hefur enga tildursál.
Eins og sést, eins og sést, eins og sést
þá er ég alinn upp í Gaggó-Vest.

Kennarahræin eru kuldaleg í framan
kannski þykir þeim hreint ekki gaman
að vakna í bítið í vetrarhríð
til að vitka draugfúlan æskulýð.

Bekkjastofur fyllast af bleikum fésum
Finnum og Jónum
og Siggum og Drésum
handalögmál og hefðbundin læti
hundskisti til að fá ykkur sæti.

Segðu mér hvaða ár hengdu þeir Krist?
Í hvaða bandi spilar Frans þessi Liszt?
Einn týndi bókinni -
annar gleymdi að lesa.
Af hverju kallar hann okkur lúsablesa?

Nú er kennarafundur um komandi fár
þeir kalla faraldurinn bítla-hár.
Frá Lifrapolli ljót berast org
lýðurinn dansar um stræti og torg.

Var ekki nóg að fá tjútt og tvist?
Tæpast flokkast þessi öskur sem List?
Drottinn minn -
það er dansæfing í kvöld.
Djöfullinn sjálfur mun taka hér völd.

Allt í einu er Andrés littli orðinn stór
það gera hinri alræmdu bítla-skór.
Hér verður rokkað og rólað um allt
það rennur vatn undir hörund vort kalt.

*Kennari:*
Kond uppað töflunni -
hvað sem þú heitir
þú minnir á púk'a- og öfgasveitir.
Af hverju er haus á herðum þínum?
Taktu nú vel eftir orðum mínum:
Þú verður aldrei annað en rukkari, róni
eða þaðan af verra, -
rugguhestur og uxakerra.

Ó, kennari minn þá kveð ég þig nú
með kurt og pi og segi I love you.
Ich Liebe dich, Jet aime, ég elska þig.
Er nokkur von til þess að þú elskir mig?



# Stórútsala
## í Smáralind og á Akureyri
# 50% afsláttur
## af völdum vörum

TAKMARKAÐ MAGN, FYRSTIR KOMA FYRSTIR FÁ

**2.999 kr*** á mán. í 10 mánuði
Staðgreitt 29.990
Verð áður 59.980

**Akureyringar!** Munið markað Hagkaupa Óseyri 1



*Allt settið án dýnu

**53.994 kr**
Verð áður 107.988-

**89.994 kr**
Verð áður 179.988-

Ekta leður



**London** sófasett 3+2 microfiber



**Leðursófasett** 3+1+1

Gildir til 14. apríl eða á meðan birgðir endast.

*Stimpil- , seðil- og lántökugjald ekki innifalið.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

*Fæst í Hagkaupum Smáralind og á Akureyri.


VERÐSTEFNA KRÓNUNNAR ER
LÆGRA
SAMKEPPNIN ER K
25% AFSLÁTTUR
Sagaður frampartur í súpu
449
kr./kg.
Verð áður: 599
Bautabúrs grísabógur
395
kr./kg.
Verð áður: 564
30% AFSLÁTTUR
Nýr valkostur
35
AFSLÁTTU
45% AFSLÁTTUR
Brauðostur 26 %
798
kr./kg.
Verð áður: 997
Kellogg´s Special K Orkubitar
199
kr./pk.
Opið alla daga
ALLTAF FRÁBÆR TILBOÐ

Virk Sam-keppni

# KRÓNAN

VIRK SAMKEPPNI

# VERÐ!

## OMIN TIL AÐ VERA




Í VERSLUNUM KRÓNUNNAR

# Furstinn sem gekk að eiga ævintýraprinsessuna

**Furstinn í næstminnsta sjálfstæða ríki heims er fallinn frá. Rainier fursti lagði mikla áherslu á að nútímavæða furstadæmið sem hann ríkti í en verður sennilega lengst minnst fyrir að hafa kvænst leikkonunni Grace Kelly.**



Hann var þjóðhöfðingi næstminnsta sjálfstæða ríkis heims, maðurinn sem þegnarnir kölluðu framkvæmdafurstann en var frægastur á heimsvísu fyrir að kvænast einhverri glæsilegustu kvikmyndastjörnu heims, hinni hæfileikaríku Grace Kelly, sem menn sögðu að væri prinsessulegri en nokkur prinsessa sem hefði hlotið titil sinn við fæðingu.

Rainier, sem tók við furstatign 26 ára þegar afi hans andaðist, hafði setið næstlengst allra núlifandi þjóðhöfðingja heims þegar hann lést, aðeins Taílandskonungur hefur setið lengur í embætti. Hann lagði mikla áherslu á að nútímavæða Mónakó en var þekktur fyrir nautnalegan lífstíl. Hann var mikill áhugamaður um hraðskreiða bíla (eins og sást best á því að hann átti þegar mest var hátt í fimmtíu bíla), siglingar (hann lét sig hverfa í langan tíma eftir að frönsk ástkona hans sneri við honum baki 1953 og sneri til baka frá Afríku með dýr sem urðu uppistaðan að dýragarði) og djass sem hann hreifst snemma af. Sjálfur lagði hann þó meiri áherslu á umbreytingu Mónakó í viðtölum.

### Furstinn sem forstjóri

„Ég er nokkurs konar yfirmaður fyrirtækis,“ sagði Rainier III fursti eitt sinn í viðtali þegar hann talaði um hvernig hann hefði umbylt Mónakó. Þegar hann komst til valda var ríkið fyrst og fremst þekkt sem leikvangur hinna ríku og frægu. Þetta næstminnsta sjálfstæða ríki heims (aðeins Vatíkanið er minna) hafði nær helming tekna sinna af rekstri spilavíta.

Rainier komst fljótt á þá skoðun að umbylta þyrfti landinu, hvort tveggja til að tryggja viðgang þess og síðar til að öðlast viðurkenningu á alþjóðavettvangi. Hann hófst handa við að laða erlend fyrirtæki til landsins með höfuðstöðvar sínar, nokkuð sem olli hörðum deilum við Frakka sem sáu eftir talsverðum skatttekjum. Hann lét ráðast í landfyllingar sem juku landrými smáríkisins um fimmtung, þar eru nú margvísleg fyrirtæki auk þess sem hann lét útbúa strönd þar sem ferðamenn gætu sólað sig.

Þegar yfir lauk hafði hann rennt styrkari stoðum undir efnahag Mónakó sem birtist meðal annars í því að ríkið hafði aðeins um þrjú prósent tekna sinna af spilavítunum sem áður voru lífæð furstadæmisins. Að auki höfðu stjórnvöld gripið til aðgerða til að öðlast alþjóðaviðurkenningu og fá aðild að stofnunum á borð við Evrópuráðið sem samþykkti ekki aðild Mónakó fyrr en lögum um kosningarétt og peningaþvætti hafði verið breytt auk þess sem skerpt hafði verið á lýðréttindum.

### Í vandræðum með börnin

Síðasta aldarfjórðung ævi hans reyndu ásta- og hneykslismál barna Rainiers fursta mjög á hann. Elsta dóttirin, Karólína, kvæntist frönskum glaumgosa í vanþökk foreldra sinna en skildi við hann tveimur árum síðar. Hún kvæntist síðan aftur og eignaðist þrjú börn með manni sínum sem síðar lést í slysi. Yngsta barnið, Stefanía, hefur löngum prýtt slúðurdálka blaðanna, einkum fyrir ástarsambönd við lífverði og loftfimleikamann fyrir utan að hafa eignast þrjú börn utan hjónabands, í tilfelli þess þriðja hefur hún neitað að gefa upp hver sé faðirinn.

Albert, sem nú hefur tekið við furstatign, hefur þótt rólegur í samanburði. Þótt sögur um ástarævintýri hans séu nokkrar hefur hann komist hjá hneykslum. Helsta áhyggjuefni föður hans og annarra sem vilja tryggja viðgang ættarinnar hefur verið að Albert er enn ókvæntur og barnlaus.

### Efast um erfðirnar

Þrátt fyrir að vera annar í röð barna Rainiers og Grace Kelly lá það ávallt fyrir að Albert tæki við furstatign sem elsti, og raunar eini, sonurinn. Vegna þess hversu áhugalítill hann virðist vera um að kvænast og eignast börn voru menn farnir að óttast að sögu Grimaldi-ættarinnar sem þjóðhöfðingja Mónakó kynni að ljúka með brottfalli hans þar sem erfðalög kváðu á um að elsti sonur furstans skyldi taka við embætti. Með það fyrir augum var lögunum breytt fyrir þremur árum þannig að tignin erfist til systkinabarna fursta sem andast barnslaus.

Ein ástæða fyrir lagabreytingunni var sú að samkvæmt samkomulagi við frönsk stjórnvöld er Mónakó sjálfstætt ríki svo lengi sem þjóðhöfðinginn kemur úr röðum Grimaldi-ættarinnar. Deyi Grimaldi-ættin út verður Mónakó, samkvæmt samkomulaginu, sjálfstjórnarhérað sem nýtur franskrar verndar.

Eignist Albert ekki börn verður Andrea, elsti sonur Karólínu, næsti fursti Mónakó. Hann er tvítugur og þegar er farið að ræða um hann sem góðan valkost.

brynjolfur@frettabladid.is



**FURSTANS MINNST** Svört sorgarklæði voru áberandi í Mónakó eftir að tilkynnt var um andlát Rainiers III fursta. Hér sést starfsmaður verslunar breiða svarta ábreiðu yfir mynd af furstahjónunum Rainier og Grace Kelly. Sorgartími er framundan. Opinberir starfsmenn klæðast svörtu í mánuð og starfsmenn furstahallarinnar í þrjá mánuði. Spilavítum og verslunum var lokað í einn dag í minningarskyni um Rainier, tveimur dögum skemur en þegar Grace Kelly lést 1982.


Opið í dag
frá 10-14.30

Stór Humar
5.900,-
Medium Humar
3.900,-
Risarækjur
2.000,-
Laxaflök
890,-

Fiskbúðin Vör
– Fiskikóngurinn –
Höfðabakka 1 - sími 587 50 70


## Sólríkur staður fyrir skuggalegt fólk



Mónakó er smáríkið sem löngum hefur haft yfir sér hvort tveggja ímyndina um leikvang hinna forríku og efasemdirnar um heiðarlega viðskiptahætti, þar sem kvartað hefur verið undan peningaþvætti, bankaleynd og því að landið sé skattaparadís fyrir fólk sem ekki vill borga skatta í heimalandi sínu. Breski rithöfundurinn W. Somerset Maugham komst svo að orði að Mónakó væri sólríkur staður fyrir skuggalegt fólk og vísaði til sögusagna um vafasöm fjármálaviðskipti, leyndardómsfulla bankastjóra, eiturlyfjabaróna, peningaþvætti og skattaundanskot. Rainier fursti reyndi að þurrka þennan vafasama blett af ímynd Mónakó, samþykkti meðal annars eftir deilur við Frakka 1962 að skattleggja franska ríkisborgara sem bjuggu í Mónakó til að komast hjá skattgreiðslum og leggja skatta á fyrirtæki sem leituðu frá Frakklandi til skattaparadísarinnar Mónakó. Þrátt fyrir það kvarta alþjóðastofnanir enn undan þeirri miklu leynd sem hvílir yfir bankakerfi landsins.

### MÓNAKÓ

**Stærð:** 197 hektarar.
**Íbúar:** 32.000, þar af 5.800 með kosningarétt.
**Tungumál:** Franska er opinbert mál.
**Gjaldmiðill:** Evra (áður franskur franki).

### RAINIER III, FURSTI AF MÓNAKÓ

31. MAÍ 1923: Fæddist í Mónakó 28. SEPTEMBER 1944: Gekk í franska herinn. Barðist í Alsace-héraði. 9. MAÍ 1949: Tekur við embætti fursta af Mónakó af afa sínum, Lúðvík II. 18. APRÍL 1956: Kvænist bandarísku leikkonunni Grace Kelly. 23. JANÚAR 1957: Verður faðir þegar dóttirin Karólína fæðist. 14. SEPTEMBER 1982: Grace furstynja ferst í bílslysi 28. MAÍ 1993: Mónakó Fær aðild að Sameinuðu þjóðunum. 5. OKTÓBER 2004: Mónakó fær aðild að Evrópuráðinu. 6. APRÍL 2005: Andast eftir tveggja vikna sjúkrahúslegu

Rainier fursti & Grace Kelly:

## Ástarsamband í stíl ævintýra

„Hún var alltaf til staðar og reiðubúin að gera hluti með mér eða koma í minn stað ef ég gat ekki verið til staðar,“ sagði Rainier fursti í viðtali nokkrum mánuðum eftir að Grace Kelly lést. „Við skulum segja að við höfum unnið eins og lið og að nú hafi liðið tvístrast.”

Samband Rainier og Kelly heillaði heimsbyggðina meira en flest önnur sambönd höfðu áður gerst. Furstinn, úr litla furstadæminu sem var leikvöllur þeirra ríku, og hin ægifagra leikkona, sem hafði skömmu áður unnið til óskarsverðlauna, voru par líkt og klippt út úr ævintýri.

Rainier og Grace Kelly kynntust við eina tækifærið sem var við hæfi fyrir slíkt par, á kvikmyndahátíðinni í Cannes 1955 þar sem hún var að kynna nýjustu mynd sína og hann var þjóðhöfðinginn sem bauð til veislunnar. Hafi Mónakó áður haft vissan ljóma ríkidæmis yfir sér var ljóst að samband þeirra gerði smáríkið að konungsríki úr ævintýrunum.

Ekki virtust hjónin þó lifa hamingjusamlega upp frá því. Þrátt fyrir að eignast þrjú börn fór svo að 1976 flutti Kelly til Parísar og varði mestum tíma sínum þar. Í bók um Grace sem kom út í fyrra var sagt að henni hefði liðið eins og fanga í höllinni í Mónakó, þótt Rainier vanrækja sig og tekið fréttir af framhjáhöldum hans nærri sér. Tíu árum áður kom út bók þar sem sagði að á meðan Kelly átti heima í París hafi hún haft marga unga elskhuga til að hugga sig við meðan Rainier hélt við hverja konuna á fætur annarri.



**KOMIN TIL ÍSLANDS** Rainier fursti og Grace Kelly komu til Íslands í ágúst 1982 ásamt tveimur eldri börnum sínum Karólínu og Albert. Mánuði síðar fórst Grace í bílslysi.

| Sólarupprás | | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| REYKJAVÍK | 6.17 | 13.29 | 20.44 |
| AKUREYRI | 7.54 | 13.23 | 18.54 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


# allt

FRÉTTABLAÐIÐ


## bílar o.fl.

Nýr Passat reynsluekinn

BLS. 2



SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

**Góðan dag!**

Í dag er laugardagur 9. apríl, 99. dagur ársins 2005.

KRÍLIN





**Smáauglýsingar á 995 kr. visir.is**


**Smáauglýsingar**

*byrja í dag á bls. 6*

**Flokkar**


Bílar & farartæki

Keypt & selt

Þjónusta

Heilsa

Skólar & námskeið

Heimilið

Tómstundir & ferðir

Húsnæði

Atvinna

Tilkynningar


vísir



Jón Stefánsson organleikari segist aka um á draumabílnum sínum alsæll.

# Lífsstíllinn kallar á jeppa

***Jón Stefánsson organleikari segir lífstíl sinn kalla á stóran torfærubíl sem kemur honum auðveldlega hvert á land sem er.***

„Ég ek um á Nissan Double Cab sem hentar mér afskaplega vel þar sem ég er í hestum og veiðiskap,“ segir Jón Stefánsson, organleikari í Langholtskirkju. Hann segist ekki vera neinn sérstakur jeppakarl en hafi gerst einn slíkur af stakri nauðsyn.

„Minn lífstíll kallar á svona bíl,“ segir Jón og telur upp helstu kosti bílsins.

„Mér þykir mjög gott að vera með aðskilið geymslupláss á pallinum, þannig að það berst til dæmis engin lykt inn í sjálfan bílinn.

Og svo bilar hann nánast aldrei og eyðir heldur ekki miklu, „ segir Jón og telur það ótvíræðan kost.

„Hann kemur manni þangað sem förinni er heitið, hvort sem er í veiðiskap eða eitthvað annað,“ segir Jón.

Hann segist aldrei hafa lent í ógöngum sem hann hafi ekki geta klórað sig út úr sjálfur. „Ég hef aldrei þurft að láta sækja mig, hef alltaf bjargað mér úr þeim vandræðum sem ég hef lent í,“ segir Jón og kannski það sé vegna þess að hann segist ekki vera neinn torfærukarl og tekur því enga óþarfa áhættu.

Bílinn hefur hann átt lengi og gekk hann í gegnum númerbreytingar á sínum tíma. „Ég fékk númerið LK 211 og las Séra Kristján Valur Ingason strax úr því ritninguna Lúkas 2:11. Yður er í dag frelsari fæddur,“ segir Jón og hlær. En bíllinn er honum sannarlega kær og segir Jón hann vera draumabílinn.

„Ef ég þyrfti að endurnýja myndi ég sennilega fá mér eins bíl,“ segir Jón að lokum.

*kristineva@frettabladid.is*

## LIGGUR Í LOFTINU *í bílum*

**Bílaframleiðandinn General Motors** tilkynnti á fimmtudag að hann myndi hætta að auglýsa í blaðinu Los Angeles Times. Fyrirtækið hefur áhyggjur af villum og misskilningi í greinum blaðsins. Talsmaður blaðsins, David Garcia, mun fara yfir greinarnar sem General Motors, stærsti bílaframleiðandi í heimi, er óánægður með. Talsmaður General Motors tók ekki fram hvaða greinar voru vitlausar.

**Ítalski bílaframleiðandinn Fiat** ætlar að fjárfesta fyrir rúmlega 380 milljón evra í Brasilíu frá þessu ári til ársins 2007 – til að auka hlutdeild sína á suður-ameríska bílamarkaðinum. Verksmiðjur Fiat í Brasilíu eru staðsettar í Minas Gerais en þar verða bílar framleiddir með nýrri tækni. Brasilía er annar stærsti



markaðurinn fyrir Fiat á eftir Ítalíu og fyrirtækið selur meira þar en General Motors og Volkswagen.

**Forbes** hefur gefið út lista yfir stærstu fyrirtæki heims. Toyota Motor í Japan er í 10. sæti, DaimlerChrysler í Þýskalandi er í 33. sæti, Mitsubishi í Tokyo er í 52. sæti og Honda Motor í Japan í því 55. svo dæmi séu tekin. Listann er á forbes.com.

*bilar@frettabladid.is*


GOODYEAR

HEKLA HJÓLBARÐADEILD býður uppá:

– Smádekk (allar stærðir: fjórhjóladekk, golfbíladekk o.fl.)
– Fólksbíladekk (GOODYEAR, FALKEN, SAVA)
– Jeppadekk (GOODYEAR, LARAMIE, WINTERFORCE)
– Álfelgur á fólks- og jeppabifreiðar
– Vörubíladekk, ný og sóluð (GOODYEAR, SAVA og sóluð EUROBAND)
– Vinnuvéladekk (GOODYEAR)
– Mótorhjóladekk, bæði götu og mótorcross (DUNLOP)

HEKLA

HEKLA HJÓLBARÐADEILD
Klettagörðum 8-10, 104 Reykjavík.
Sími: 590 5280

## Hreinn bíll

Ef þú heldur bílnum hreinum lítur hann alltaf út eins og nýr. Hinsvegar getur það verið höfuðverkur í landi þar sem veður breytist ótt og títt og því mikilvægt að þrífa hann mjög vel með reglulegu millibili og bóna vel og halda því svo við með léttum þvotti inn á milli.



TOYOTA-þjónusta
BRA
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNS
CABAS Verkstæði
Tjónaskoðun fyrir tryggingafélögin
Réttum og málum allar tegundir bíla
GÆÐAVOTTAÐ VERKSTÆÐI AF BÍLGREINASAMBANDINU
Nýbýlavegi 10 · Kópavogi · Sími 554 2510 - 554 2590 · www.bilasprautun.is

HELLUR.com
OFA
Við bjóðum heildarlausnir í snjókeðjum
Viðgerðir
Breytingar
Þjónusta
Smiðjuvegi 8 - Kópavogi Sími 577 6400



GB RÉTTINGAR ehf.
Bílaverkstæði Gísla Hermannssonar
Vagnhöfða 12 - 110 Reykjavík
Tjónaskoðun
Við réttum og málum fyrir þig
CABAS verkstæði

VINNUM EFTIR CABAS-KERFINU
www.muli.is
CABAS verkstæði
MÚLI

VÉLASTILLING S.F.
AUÐBREKKU 16 - 200 KÓPAVOGI
SÍMI 554 3140 - FAX 564 4460
Vélastillingar - Hjólastillingar
Tímareimar - Almennar viðgerðir
Framkvæmum véla og hjólastillingar með fullkomnum stillitækjum

ALLT Á EINUM STAÐ
• SUMARDEKK
• HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
• HEILSÁRSDEKK
• RAFGEYMAÞJÓNUSTA
• OLÍS SMURSTÖÐ
• BREMSUKLOSSAR
• BÓN OG ÞVOTTUR
• PÚSTÞJÓNUSTA
SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTAN
SÆTÚNI 4, SÍMI 562 6066

olís
SMURSTÖÐIN Vogar
20 ára reynsla - Fljót og örugg þjónusta
Knarrarvogi 2 • 104 Reykjavík • sími 553 2205

REYNSLUAKSTUR



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Nýr Volkswagen Passat er ákaflega fallegur og glæsilegur bíll.

# Stærri og betri Passat

***Hekla frumsýnir um helgina nýjan Passat. Um að ræða alveg nýjan bíl, bæði hvað varðar útlit og búnað. Passatinn er enn stærri en áður og óneitanlega glæsilegri líka. Að auki er hann kryddaður með ýmsum skemmtilegum búnaði.***

Volkswagen Passat var rúmgóður fyrir en hefur stækkað til muna frá eldri útfærslu, lengst um 62 sentimetra, breikkað um 74 og hækkað um 10. Útlitið er mjög mikið breytt og fært til nútímalegra horfs enda eru ein átta ár síðan bíllinn var síðast uppfærður frá grunni.

Stærðin skilar sér í góðu plássi fyrir stórt fólk bæði fram í og aftur í. Skottið er einnig stórt og mikið og eitt af skemmtilegu smáatriðunum í búnaði bílsins er einmitt fjarstýrð opnun á skottloki, þ.e. skottið aflæsist ekki bara heldur opnast lokið með fjarstýringunni.

Ein nýjungin í Passatinum er rafrænn stöðuhemill (EPB) sem kemur í stað hefðbundinnar handbremsu. Stöðuhemillinn nýtist einnig sem neyðarhemill. Rafrænn kveikjulykill er líka skemmtilega útfærður. Honum er komið fyrir í rauf og síðan þrýst innar til að starta bílnum. Á meðal ríkulegs staðalbúnaðar í Passat má nefna ESP stöðugleikastýringu, 6 öryggispúða, rafrænan stöðuhemil, ABS hemla með hemladreifikerfi og hjálparafl fyrir bremsur.

**VOLKSWAGEN PASSAT**
Grunnverð 2.270.000 kr.

Passatinn er fáanlegur í fjórum mismunandi útfærslum, Trendline sem er grunnútfærslan, Comfortline með viðbótarþægindum, Sportline sem er sportleg útfærsla og loks Highline með nokkrum íburði. Bíllin er fáanlegur með fjölmörgum gerðum véla. Fyrst um sinn með 115 og 150 hestafla FSI vélum og 105 og 140 hestafla TDI dísilvélum. Bíllinn er ýmist búinn 6 gíra beinskiptingu eða 6 þrepa sjálfskiptingu. Síðar á árinu verður hann einnig fáanlegur með DSG sjálfskptingu. Passatinn er sem fyrr framleiddur sem stallbakur og langbakur en langbakurinn er ekki væntanlegur fyrr en í haust.

Reynsluekinn var beinskiptur bíll með 1,6 lítra 115 hestafla bensínvél. Sú vél var á mörkum þess að vera nógu öflug til að gera þennan stóra bíl reglulega skemmtilegan í akstri. Mun skemmtilegri voru bílar með stærri vélum sem undirrituð tók aðeins í.

Nýr Passat verður sýndur um helgina í Heklu á Laugavegi, Heklu í Reykjanesbæ, Heklu á Selfossi, Heklu á Reyðarfirði og hjá Höldi á Akureyri. Opið er bæði í dag og á morgun frá klukkan 12 til 16.

*steinunn@frettabladid.is*











Traust dráttarbeisli
Ásetning á staðnum.



VÍKURVAGNAR EHF.
Víkurvagnar ehf • Dvergshöfða 27
Sími 577 1090 • www.vikurvagnar.is

# Bílasýningar á Norðurlandi

***B&L sýna í samstarfi við umboðsaðila næstu helgar.***

B&L verður með bílasýningar um næstu og þar næstu helgi á Norðurlandi og eru sýningarnar haldnar í samstarfi við umboðsaðila B&L á viðkomandi stöðum. Að sögn Helgu Guðrúnar Jónasdóttur kynningarstjóra verður riðið á vaðið um næstu helgi hjá Bílaleigu Húsavíkur og Bílaleigu Akureyrar. „Aðaláherslan verður á 4x4 flokkinn frá Hyundai, Tucson, Santa Fe og Terracan, auk þess sem valdir bílar úr nýju Megane línunni frá Renault verða með í för. Þá verður nýi jeppinn frá Land Rover, Discovery 3, einnig til sýnis á Akureyri. Um þar næstu helgi verðum við síðan með sýningu hjá Bíla- og búvélasölunni á Hvammstanga og Áka á Sauðárkróki.“ ■



Land Rover Discovery 3 er meðal þeirra bíla sem sýndir verða á Norðurlandi næstu helgar.

# Veðurguðirnir ákveða daginn

***Samkvæmt lögum eiga allir bílar að vera komnir af nöglum þann 15. apríl en veðurfarið á þó lokaorðið í þeim efnum.***

„Ef þetta hret hefði ekki komið væri töluvert af fólki búið að skipta um dekk, en af því að þetta dróst aðeins verður smá hasar í nokkrar vikur. Um miðjan maí eru flestir komnir á þau dekk sem þeir ætla að keyra á í sumar,“ segir Trausti Þór Guðmundsson, framkvæmdastjóri Dekkjalagersins.

Hann segir allflesta vera á nagaldekkjum enda geti ekkert leyst naglana af hólmi. „Hversu súrt sem það er fyrir umhverfið og göturnar er ekkert sem er jafnöruggt og naglar þegar keyrt er á ísingu,“ segir Trausti Þór. Flesta segir hann setja undir bílinn ný sumardekk eða dekk sem þeir eiga fyrir og ef nagladekkin eru orðin slöpp og ekki útlit fyrir að þau dugi næsta vetur er hægt að tína úr þeim naglana og keyra á þeim.

Hvað varðar endingu á dekkjum segir hann að það fari alfarið eftir tegund og gæðum dekkjana.

„Til eru margar gerðir af dekkjum og gæðaflokkarnir margir, en fólk ætti að passa sig á að velja ekki dekk eingöngu eftir verði því það er ekki aðeins verið að kaupa dekk heldur líka að kaupa kílómetra. Auk þess verða þau að vera örugg og ekki mikill hávaði í þeim. Stundum borgar sig ekki að spara nokkra fimmhundruðkalla því þegar upp er staðið er það kannski enginn sparnaður,“ segir Trausti Þór.

*kristineva@frettabladid.is*



Axel Blomsterberg, starfsmaður Dekkjalagersins, skiptir um dekk.











**Hefur þú áhuga á kraftmiklum fjarstýrðum bílum?**

Keppni og sýning verður haldin sunnudaginn 10. apríl í íþróttahúsinu við Varmárskóla í Mosfellsbæ. Húsið verður opið öllum frá 10:00 – 17:00

Söluaðilar verða á staðnum að sýna og kynna vörur sínar.

**ATH. FRÍTT INN!**

**Smábílaklúbbur Íslands – www.sbki.is**




## Áfram veginn

**Einar Elí Magnússon kemst leiðar sinnar**

## Dísil(f)árið mikla

Fyrir utan minni eyðslu hafa dísilvélar tvo stóra kosti fram yfir bensínvélar: Þær toga betur og hafa ekki utanáliggjandi kveikjukerfi. Þær henta því betur í torfærur, kerrudrátt, akstur í ám og annað erfiði.

Bensínvél vinnur þannig að blöndu af bensíni og lofti er sprautað sem úða inn í sprengirými. Þar er úðanum þjappað með bullu og kveikt í honum með rafneista sem kveikjan sendir til kertis sem nær inn í sprengirýmið. Við sprenginguna þrýstist bullan út aftur og snýr þannig sveifarásnum sem hún er tengd við. Með því að tengja nokkrar bullur á sama sveifarás og raða sprengingunum í rétta röð snýst vélin.

Í dísilvélum er það hins vegar bara loft sem er þjappað. Við það hitnar loftið svo mikið að þegar olíunni er skotið inn í sprengirýmið kviknar í henni. Þjappan er svo mikil og olían svo orkurík að tog vélarinnar verður umtalsvert meira en í bensínvél.

Í sumar mun þungaskattur á dísilolíu verða felldur inn í lítraverðið. Ráðamenn ætla sér ekki að tefla dísilolíunni fram sem ákjósanlegra eldsneyti, þó að hún mengi minna en bensínið, og reiknað er með að lítrinn af olíu verði jafnvel dýrari en bensínlítri.

Margir leigubílstjórar, jeppamenn og aðrir sem keyra mikið eru hálf undrandi á þessari útfærslu á annars ágætri hugmynd. Tilgangurinn er að gera dísilbíla ákjósanlegri kost fyrir almenning en kosti lítrinn nálægt 90-100 krónum verður betur heima setið en af stað farið. Þó að dísilbílar eyði aðeins minna eru þeir oft dýrari í innkaupum og miðað við meðalakstur og þar yfir eykst eldsneytiskostnaður frá því sem er í núverandi kerfi.

Í Kyoto hérna um árið var mikið rætt um losun mengandi lofttegunda út í andrúmsloftið. Íslendingar hafa löngum haldið því fram að þeir séu náttúruvænir fram í fingurgóma, nánast lífrænt ræktaðir margir hverjir, og því mætti halda að hófleg verðlagning á dísilolíu væri framfaraskref í takt við bókunina góðu sem gerð var í Kyoto.

Hvers vegna þetta tækifæri verður ekki nýtt er ekki gott að segja. Ef ónefndur ráðherra væri spurður myndi hann líklega svara: „Það er gott fólk...sem keyrir dísilbíla.“





www.toyota.is

## Með traust samband í huga



**Ford Transit 100**
F.skráð 03.2003 ekinn, 132.000 km
vél 2500cc 5g.
**Litur:** Hvítur.
**Verð:** 1.700.000 kr.



**Toyota Landcruiser VX**
F.skráð 06.2002 ekinn, 106.000 km
vél 3400cc ssk.
**Litur:** Vínrauður.
**Verð:** 2.980.000 kr.



**MMC Pajero GLS**
F.skráð 05.2000 ekinn, 68.000 km
vél 3500cc ssk.
**Litur:** Steingrár.
**Verð:** 2.890.000 kr.



**MMC Pajero GLS**
F.skráð 08.2000 ekinn, 98.000 km
vél 3500cc ssk.
**Litur:** Grár.
**Verð:** 3.190.000 kr.



**Land Rover Freelander**
F.skráð 05.1999 ekinn, 99.000 km
vél 1800cc 5g.
**Litur:** Svartur.
**Verð:** 1.150.000 kr.



**Range Rover DSE**
F.skráð 01.1998 ekinn, 157.000 km
vél 2500cc ssk.
**Litur:** Blár.
**Verð:** 2.250.000 kr.



**Isuzu Trooper LS**
F.skráð 06.1999 ekinn, 135.000 km
vél 3500cc ssk.
**Litur:** Rauður.
**Verð:** 1.690.000 kr.



**Peugeot 406**
F.skráð 02.1999 ekinn, 85.000 km
vél 1800cc 5g.
**Litur:** Grænn.
**Verð:** 650.000 kr.



**Dodge Grand Caravan**
F.skráð 01.2003 ekinn, 44.000 km
vél 3800cc ssk.
**Litur:** Rauður.
**Verð:** 2.750.000 kr.

BETRI NOTAÐIR BÍLAR TOYOTA

Áhyggjulaus og örugg bílaviðskipti - strangt skoðunarferli, 14 daga skiptiréttur, ókeypis skoðun eftir 1000 km, allt að 1 árs ábyrgð.
Skoðaðu úrvalið á Nýbýlavegi 4, á www.toyota.is eða hringdu í 570 5070.







RÉTTINGAVERKSTÆÐI
HJARTAR
Hágæða verkstæði með nútíma tækjabúnaði.
- Réttum og málum allar tegundir bíla.
- Þjónustum öll tryggingafélögin.
- Útvegum bílaleigubíla.
- Tjónaskoðun.

TOYOTA ÞJÓNUSTA
Viðurkennt CABAS verkstæði



Smiðjuvegi 56 (rauð gata) • 200 Kópavogi
Sími 587 9020 • Fax 587 9021 • rettingar@rettingar.is






Einfalt er að athuga hvort þurfi olíu á bílinn og afgreiðslumenn bensínstöðva aðstoða fólk gjarnan við verkið.

# Reglubundið viðhald mikilvægt

***Líftími og gæði bíls fer að miklu leyti eftir því hversu vel er hugsað um hann og skiptir til að mynda miklu máli að fylgjast vel með olíunni á vélinni.***

Bílaeigendur kallar á viðhald á bílnum en margir eiga það til að trassa einfalda hluti eins og að tékka olíuna og athuga með loftþrýsting í dekkjum.

Nú þegar fólk afgreiðir sig að miklu leyti sjálft á bensínstöðvum eru margir hættir að biðja afgreiðslumanninn á bensínstöðinni að athuga olíuna. Þessi einfalda litla aðgerð hefur þó tilhneigingu til að gleymast og á hverju ári skemmast vélar vegna olíuleysis. Í flestum bílum er þó olíuljós sem gerir eiganda viðvart þegar þarf að bæta á olíuna en ekki er þó alltaf hægt að treysta á það.

Fréttablaðið spurðist fyrir á Bílaverkstæði Bubba í Kópavoginum um hversu oft menn ættu að athuga olíuna á bílum sínum. Þar fengust þær upplýsingar að ekki væri til nein sérstök þumalputtaregla um hversu oft ætti að athuga olíuna en það getur farið eftir bílategund og geta því umboðin gefið upplýsingar varðandi einstakar tegundir, auk þess sem bæklingar þeir sem fylgja bílnum gætu geymt þessar upplýsingar. En betra getur verið að athuga olíuna frekar of oft en of sjaldan og því gæti til dæmis verið hugmynd að athuga hana eftir hverja 1000 km sem bíllinn er keyrður, eða í þriðja hvert sinn sem fyllt er á bensín.

Annað sem þeir hjá Bílaverkstæði Bubba vilja benda á er að athuga ætti loftþrýsting í dekkjum mánaðarlega. Mjög mikilvægt er að réttur loftþrýstingur sé í dekkjum, því það hefur meðal annars áhrif á slit, fjöðrunar- og bremsueiginleika bílsins. ■



Hummer H3 á að höfða til fleiri en hinn upprunalegi Hummer þar sem H3 er talsvert smærri í sniðum.

## H3 framleiddur í Suður-Afríku

GENERAL MOTORS ÆTLA AÐ FJÁRFESTA HUNDRAÐ MILLJÓNIR DOLLARA Í SUÐUR-AFRÍKU.

Bílaframleiðandinn General Motors ætlar að framleiða útfærslu af Hummer H3 í Suður-Afríku á næsta ári en það verður í fyrsta sinn sem Hummer verður framleiddur utan Bandaríkjanna.

Eins og kemur fram á vefsíðu fréttastofunnar AP ætlar General Motors að fjárfesta hundrað milljónir dollara í að þróa og framleiða miðlungsstóra Hummerinn í Struandale verksmiðjunni í Port Elizabeth í Suður-Afríku sem framleiðir nú Opel og Isuzu farartæki. Framleiðandinn hyggur á að framleiða tíu þúsund H3 í Suður-Afríkur sem verða aðeins fluttir til Evrópu, Asíu, Mið-Austurlanda og Afríku en H3 fer væntanlega í sölu í Suð-Afríku um mitt ár 2007.



Nýr Honda Jazz verður frumsýndur í dag.

## Nýtist eins og lítill skutbíll

BERNHARD KYNNIR NÝJAN HONDA JAZZ.

Í dag verður nýr og endurbættur Honda Jazz fjölnotabíll frumsýndur hjá Bernhard Vatnagörðum. Hönnuðir hafa lagt mikla vinnu í að gera bílinn jafn notadrjúgan og lítinn skutbíl. Sætin er hægt er að fella fram eða aftur sem skapar mikið farangursrými. Ný kveikjutækni Honda gerir hann mjög sparneytinn. Hann eyðir aðeins um 5,8 l í blönduðum akstri. Honda Jazz er fáanlegur með 5 gíra beinskiptingu eða 7 þrepa sjálfskiptingu. Honda Jazz var valinn bíll ársins 2003 á Íslandi í sínum flokki.

Umboðsaðilar Bernhard Honda á Íslandi eru: Bílavík í Reyjanesbæ, Bílver á Akranesi, Höldur á Akureyri og Bragginn í Vestmanneyjum. Um helgina verður opið hjá öllum þessum aðilum frá 12 til 16 báða dagana.

1.4i LS, 5 dyra beinskiptur Honda Jazz fæst nú á 1.499.000 krónur.



Toyota Aygo er nettur bíll.

## Öruggur og umhverfisvænn

NÝR SMÁBÍLL ER VÆNTANLEGUR FRÁ TOYOTA.

Smábíllinn Toyota Aygo var kynntur á bílasýningunni í Genf í síðasta mánuði. Bíllinn er 3,4 m á lengd, 1,6 m á breidd og 1,4 m á hæð. Hann er knúinn 1,0 lítra bensínvél og 1,4 lítra dísilvél. Öryggisbúnaðurinn þykir fullkominn, auk þess sem bíllinn er afar umhverfisvænn. Toyota Aygo er hannaður með evrópskan markað í huga, þar sem eftirspurn eftir bílum í flokki smábíla hefur mikið verið að aukast.



Tom LaSorda, einn af yfirmönnum hjá Chrysler, tilkynnir um kaup á nýju verksmiðjunum á blaðamannafundi.

## Ný kynslóð minni bíla

CHRYSLER HYGGST SETJA Á MARKAÐ STAÐGENGLA CHRYSLER SEBRING OG DODGE STRATUS.

Bandaríski bílaframleiðandinn Chrysler hefur lagt heilar 506 milljónir dollara í tvær bílaverksmiðjur sem báðar eru staðsettar í úthverfi Detroit. Í verksmiðjunum verður hafin framleiðsla á nýrri kynslóð lítilla og miðlungsstóra bíla. Um nýja og hagkvæmari framleiðsluaðferð mun að ræða – aðferð sem á hjálpa til í keppninni við bílaframleiðendur í Asíu. Til marks mum þetta má geta þess að alls munu 620 vélmenni starfa í verksmiðjunum.

Chrysler mun framleiða staðgengla Chrysler Sebring, Dodge Stratus og Dodge Neon ef eftirspurnir markaðarins eru á þá leið.



Patricia Hewitt brúnaþung á blaðamannafundi sem haldinn var á fimmtudag þar sem hún tilkynnti um örlög MG Rover.

# Rover-veldið rústir einar

***Síðasti stóri bílaframleiðandi Bretlands, MG Rover, hrundi síðasta fimmtudag þegar framleiðandinn gat ekki tryggt samning við kínverskan meðeiganda.***

Þessi hundrað ára bílaframleiðandi er nú í skiptameðferð sem er eitt form gjaldþrots, þar sem þriðji aðili, sem skipaður er af dómstólum, stjórnar fyrirtækinu, eins og Patricia Hewitt, iðnaðar- og viðskiptaráðherra Bretlands, greindi frá á blaðamannafundi á fimmtudaginn.

„MG Rover hefur tilkynnt að stjórn fyrirtækisins hafi ákveðið að kalla inn skiptastjóra. Þetta er hrikalegt áfall fyrir alla sem tengjast fyrirtækinu – starfsmenn og fjölskyldur þeirra, birgja fyrirtækisins og samfélagið í heild,“ sagði Hewitt á fundinum.

Til skiptameðferðar kom þegar ljóst varð að bílafyrirtæki í Shanghæ í Kína, SAIC, vildi ekki fjárfesta í fyrirtækinu. „Ríkisstjórnin gat ekki lánað MG Rover hundrað milljónir punda því samningar tókust ekki við SAIC,“ sagði Hewitt.

MG Rover þurfti að stöðva framleiðslu á fimmtudaginn því birgjar stöðvuðu sendingar sínar til fyrirtæksins, því þeir óttuðust að fá ekkert borgað. Hrun framleiðandans gæti haft áhrif á atvinnu sex þúsund starfsmanna og þúsundir fleiri birgjastarfa, sem skapar væntanlega pólitískan höfuðverk fyrir bresku ríkisstjórnina dagana fyrir kosningarnar 5. maí.

MG Rover var stofnað árið 1905 og selt til BMW í Þýskalandi um 1990 áður en það var keypt aftur til Bretlands af Phoenix Venture Holdings fyrir fjórum árum.

*lilja@frettabladid.is*


PORSCHE

NOTAÐUR LÚXUSBÍLL

PORSCHE CAYENNE S
350 HESTÖFL
(Ekinn 41.000 km)



- Tölvustýrð loftpúðafjöðrun
- Leður innrétting – rafstýrð
- Bi-Xenon ökuljós
- Dökk "burr walnut" viðarinnrétting
- Tiptronic sjálfskipting
- Dökkar rúður
- Sóllúga
- Hraðanæmt stýri
- Dráttarkúla
- Turbo felgur
- Hitun í sætum og stýrishjóli
- Áttaviti
- Bose digital hljómflutningstæki með 14 hátölurum
- Hraðastillir (Cruise)

Bílabúð Benna

Verð 6.900.000,-

Bílabúð Benna • Vagnhöfða 23
Sími 590 2000 • www.benni.is



VÍKURVAGNAKERRURNAR
ÞESSAR STERKU



Allar gerðir af kerrum
Allir hlutir til kerrusmíða

VÍKURVAGNAR EHF.

Víkurvagnar ehf • Dvergshöfða 27
Sími 577 1090 • www.vikurvagnar.is



!
Talstöðin
FM 90,9



Jeep



Jeep Grand Cherokee 2005

Amerísk gæði í Garðabæ

KAUPTU EKKI KÖTTINN Í SEKKNUM
BJÓÐUM EVRÓPUGERÐIR MEÐ 24 MÁN.VERKSMIÐJUÁBYRGÐ

- Eigum á lager nokkra Chrysler 300C
- Bíll ársins 2005 í USA.
- Hæsta einkunn í árekstrarprófum 5 stjörnur, samkvæmt EURONCAP



Chrysler 300 Verð frá kr. 3.990.000.-
Syningarbíll á staðnum




DODGE · Jeep · CHRYSLER · Mercedes-Benz · MASERATI

**Studiobilar ehf**. Sími: 540 6700 / 5400 800 Fax: 5400 801 - Smiðsbúð 2 - 210 Garðabær - E-mail: studiobilar@studiobilar.is

www.studiobilar.is

Opið mánud.-föst. kl.9-18 laugard. kl.12-16
2ja ára verksmiðjuábyrgð - Sérhæft þjónustuverkstæði með bilanaleitatölvu sem tryggir vönduðvinnubrögð





LÖÐUR
miðstöð bílaunnenda
sími 544 4540 | www.lodur.is

HUNDABAÐHÚS
Stekkjarbakki

HÁRSÁPA • HÁRNÆRING • HÁRÞURRKA

HUNDABAÐHÚSIÐ við Stekkjarbakka er það fyrsta sinnar tegundar í Evrópu. Þeir hundaeigendur sem notað hafa aðstöðuna eru himinlifandi og hundarnir líka.

OPIÐ ALLAN SÓLAHRINGINN

concept

BÍLAMIÐSTÖÐIN
HYRJARHÖFÐA 2 - SÍMI 5405800


Toyota Avensis Terra 1.8, árgerð 2002, ekinn 21 þ. km, 5 gíra, geislaspilari, Abs, og fl. Verð 1430 þ. Skipti ódýrari, fallegur bíll. www.bilasala.net


Toyota Yaris 1.0 Terra vvt-I árgerð 2002, ekinn 63þkm beinsk, geislaspilari, sumar/vetrardekk. Verð 890þ.bill. www.bilasala.net


Isuzu Trooper 3.0 TDI. Árgerð 2000, ekinn 93 þ. km, 7 manna, 5 gíra, dráttarkúla, hiti í sætum, þjónustubók, ABS, skipti á ódýrari. Verð aðeins 1.990.000 www.bilasala.net

**Bílamiðstöðin**
**Hyrjarhöfða 2, 112 Rvk.**
**Sími: 540 5800**
**www.bilasala.is**

Bílalíf.is
Bílasala Matthíasar


M. Benz 420 '88, ek. 270 þús.km Sjálfs. Litur vel út. ABS, álf. Topplúga smur og þjónustubók, rafmagn í rúðum og speglum 225hö V:480þ. Allir bílarnir eru til sýnis og sölu hjá Bílalíf á nýja stóra bílasölusvæðinu við Klettháls 11, 110 Rvk. S. 562 1717, sjá fleiri myndir á www.bilalif.is


M .Benz 420 '88, ek. 270 þús.km Sjálfs. Litur vel út. ABS, álf. Topplúga smur og þjónustubók, rafmagn í rúðum og speglum 225hö V:480þ. Allir bílarnir eru til sýnis og sölu hjá Bílalíf á nýja stóra bílasölusvæðinu við Klettháls 11, 110 Rvk. S. 562 1717, sjá fleiri myndir á www.bilalif.is

**Bílalíf**
**Klettháls 11, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**www.bilalif.is**

automax.


Til Sölu. Jeep Grand Cherokee limited 2005. Nýr bíll, Hemi 5.7. 25k aukapakki. Verð 4.820 þ. 2 litir í boði til afgreiðslu strax. Uppl. í s. 899 4681 www.automax.is

**Automax**
**Sími: 899 4681**
**www.automax.is**

AÐALBÍLASALAN
VIÐ GRENSÁS


BMW 740 IA, árg. 6/'94, ek. 190 þús., sjálfskiptur, m. öllu. Verð 1.690 þús. Tilboð 1.490þús. S. 551 7171.


Ford Mondeo Trend 2.0, árg. 8/'01, ek. 44 þús., sjálfskiptur. Verð 1.390 þús. S. 551 7171.


Ford Puma, árg. 6/'00, ek. 58 þús., beinskiptur. Verð 850 þús. Tilboð 670 þús. S. 551 7171.


Honda Accord Comfort, árg. 5/'03, ek. 25 þús., beinskiptur. Verð 1.990 þús. S. 551 7171.


Peugeot 206 Xr, árg. 9/'01, ek. 36 þús., beinskiptur. Verð 890 þús. S. 551 7171.


Peugeot 306 Xr Stw, árg. 6/'02, ek. 55 þús., beinskiptur. Verð 950 þús. S. 551 7171.


Opel Vectra Gl 1,6, árg. 1/'00, ek. 108 þús., beinskiptur. Verð 790 þús. S. 551 7171.


VW Passat Basicline 1,6, árg. 4/'98, ek. 50 þús., beinskiptur. Verð 795 þús. S. 551 7171.


Toyota Corolla Wagon Luna, árg. 1/'99, ek. 84 þús., beinskiptur. Verð 670 þús. S. 551 7171.


Suzuki Grand Vitara V6, árg. 8/'02, ek. 42 þús., sjálfskiptur. Verð 2.295 þús. S. 551 7171.


Suzuki Liana 1,6, árg. 7/'03, ek. 32 þús., sjálfskiptur. Verð 1.490 þús. S. 551 7171.


Peugeot 406 2.0, árg. 9/'00, ek. 67 þús., sjálfskiptur. Verð 1.190 þús. S. 551 7171.


MMC Pajero 2.8 TDI, árg. 3/'99, ek. 86 þús. Leður og lúga, sjálfskiptur. Verð 2.350 þús. S. 551 7171.


Jeep Grand Cherokee LTD 4,7, árg. 5/'00, ek. 85 þús., sjálfskiptur, m. öllu. Verð 2.690 þús. S. 551 7171.


Honda Crv Advance, árg. 5/'02, ek. 67 þús., sjálfskiptur. Verð 2.440 þús. S. 551 7171.


Peugeot 307 Sw" Glerþak, árg. 1/'03, ek. 54 þús., beinskiptur. Verð 1.480 þús. S. 551 7171.


Peugeot 206 RC, árg. 9/'04, ek. 6 þús., beinskiptur, 180 HÖ. Verð 2.190 þús. S. 551 7171.


Opel Zafira 1,8 Comfort, árg. 4/'00, ek. 63 þús., beinskiptur. Verð 1.290 þús. S. 551 7171.


Peugeot 406 HDI Stw, árg. 6/'03, ek. 105 þús., sjálfskiptur. Verð 1.790 þús. S. 551 7171.


Subaru Legacy Outback, árg. 7/'98, ek. 147 þús. Moli ! Verð 1.190 þús.

**Aðalbílasalan**
**Grensásvegi 11, 108 Reykjavík**
**Sími: 551 7171**
**www.abs.is**

SPARIbill


Nýr '05 Dodge Durango Limited. Svartur, Dökkgrátt leður, lúga, rafm. í öllu, DVD spilari. Til sýnis á staðnum. Verð: 4.980 þúsund.

**Sparibíll ehf**
**Skúlagötu 17, 101 Reykjavík**
**Sími: 577 3344**
**www.sparibill.is**

BÍLASALAN
HÖFÐA HÖLLIN
Vagnhöfða 9 · Sími 567-4840 og 660-0565


VW Caravelle dísel 2,4L, árg. 1997, ek. 170 þús. km. 11 manna, Dísel, 2400 cc, 5 gíra og fl. Verð 750 þús.


Ford Escape XLT, árg. 2005, ek. 31 þ. mílur, sjálfsk., 182 hö, álfelgur, heilsársd., CD + magasín, kastarar og fl. Verð 2980 þús. Ath. skipti á ód.

**Höfðahöllin**
**Vagnhöfða 9, 110 Rvk.**
**Sími: 567 4840**
**www.hofdahollin.is**

567 2277
NÝJA BÍLAHÖLLIN


Kawasaki 1000 Police árg. 1982, ekið 68 þús. Mikið uppgert, verð 590 þús.


Land Rover Freelander XEI nýsk. 6/2001 km, 65 þ., 5 g., álfe og fl. Verð 1.550 þús.


Nissan Murano SE árg. 2004 km. 10 þ. ssk., álfe., leður, lúga og fl. Verð 4.390. Tilboð 3.790 þ.


Toyota Landcr 100 VX bensín árg. '99, ekinn 124 þ. 35" dekk, leður, r/ö og fl. Verð 3.400 þ. ath. skipti.


VW Polo 1400 I, nýsk. 11/'98, km, 41 þ., 5 d., 5 g., álfe. Verð 590 þús. Topp bíll.

VIÐSKIPTAVINIR ATH
OPIÐ ALLA VIKUNA

**Nýja bílahöllin**
**Funahöfða 1, 112 Rvk.**
**Sími: 567 2277**
**www.notadirbilar.is**

12 Volt

**Subaru forrester Til sölu.**
10/02 4x4, ek 22.500km, dökkrauður dráttarkrókur, spoiler, álfelgur, Rafmagn í rúðum og speglum.
**Uppl í síma 820-1101.**

**12 Volt**
**Malarhöfða 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 565 2500**

MAGNÚSSON EHF

**Innflutningur á notuðum og nýjum bifreiðum frá Þýskalandi og USA. www.bilasolur.is/magnusson**


Getum útvegað allar gerðir af BMW nýum eða notuðum frá þýskalandi 520i eða 525i ,vel búnum. Ágúst sími 862-2000. E-mail magnusson@internet.is


Getum útvegað allar gerðir af nýjum og lítið eknum Mercedes-Benz E200 og E320 frá þýskalandi eða USA ,vel búnum. Ágúst sími 862-2000 E-mail magnusson@internet.is


Nýr og lítið notaðir Grand Cheeroke frá USA , Getum útvegað allar gerðir af nýjum og lítið eknum Grand Cheeroke, 4,7 Limitied og 5,7 Hemí Limitied vel búnum. Ágúst sími 862 2000 E-mail magnusson@internet.is

**Magnússon ehf.**
**Sími: 862 2000**
**a.magnusson**

VÍKUR
V·E·R·K


LMC Hjólhýsi. Mikið úrval af LMC hjólhýsum frá þýskalandi. Mjög vönduð hjólhýsi. Opið laugardag 12-16 og sunnudag 13-17 Víkurverk Tangarhöfða 1 sími 557 7720 www.vikurverk.is


Húsbílar. Landsins mesta úrval af húsbílum. Framdrifnir, afturdrifnir Ford,Fiat,Bens. Opið laugardag 12-16 og sunnudag 13-17. Víkurverk Tangarhöfða 1 sími 557 7720 www.vikurverk.is

**Víkurverk**
**Tangarhöfði 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 567 2357**
**www.vikurverk.is**

HEIMSBÍLAR
www.heimsbilar.is


Mercedes Benz E220 AT., nýskr 06/94., ek. 168. þ.km., dökkblár., abs., álfelgur., topplúga., reyklaus o.fl., Verð 890.000.-., Heimsbílar eru staðsettir á nýja stóra bílasölusvæðinu við Klettháls 11.

Nissan Sunny 4WD Station., nýskr 02/96., ek. 154 þ.km., hvítur., dráttarkúla., reyklaus., toppbogar o.fl., Verð 280.000.-., Heimsbílar eru staðsettir á nýja stóra bílasölusvæðinu við Klettháls 11.

**Heimsbílar**
**Kletthálsi 11a, 110 Reykjavík**
**Sími: 567 4000**
**www.heimsbilar.is**

BÍLATORG.IS

Bílar frá USA. 2005 Ford Mustang. GT V8. Verð frá 3.990þ. Toppbílar á toppverði! www.bilatorg.is

Aprilia RSV 1000R Verið að taka niður pantanir. Náðu þér í alvöru sporthjól fyrir sumarið!!! www.bilatorg.is

**Bílatorg**
**Sími: 691 8386**
**www.bilatorg.is**

## Bílar til sölu

Vegna flutninga! Gullmolinn til sölu, Benz A-160 Avant Garde, '00 ekinn 78.000 Sjálfskiptur, álfelgur, leður, CD o.fl. Áhv. 620.000, 27.800 á mán. Verð 1.390.000 kr. Sími 669-9782.

VW Passat '97, ek. 145 þús., sk. '06. Uppl. í síma 898 9324.

Toyota Corolla árg. '99, ek. 122 þús., cd, 15" álfelgur. Uppl. í s. 860 2075.

**Chevrolet P-20**
árgerð 1987, nýsprautaður, innréttaður sem eldhúsbíll með gasofn, gaspönnu, gashellu, ísskáp sem er gas/12v/230v, pylsupott, skúffu og skápar (allt stainless steel að innan), vaskur (heitt og kalt vatn) og sölulúga. Einnig er auglýsingaskilti á annari hlið bílsins sem hægt er að leigja út (plötur sem skipt er um). Bíll í góðu standi og tilbúinn fyrir keyrslu. Bíllinn er til sýnis á bílasölunni Planinu (beint á móti IKEA) Uppl. eru veittar í síma 699 6999.

**Chevrolet P-20**
Grand Cherokee Laredo. Árg. 1999, ek. 145 þús., breyttur fyrir 35", er á nýlegum dekkjum. 6cyl, 4.0l. Bensín. Uppl. eru veittar í síma 847 5007.

VW Polo 1400 árg. '97 til sölu. Ek. 142 þús. Vetrar og sumar dekk. Ný yfirfarinn. Verð 300 þ. Uppl. í síma 694 6053.

BÍLAR TIL SÖLU

# Nýir KIA bílar

Eftirtaldir bílar eru bjóðast til sölu
í Þýskalandi, tilbúnir til flutnings.

BÍLAR TIL SÖLU



Til sölu Toyota Land Cruiser turbo dísel GX 90 árg. '98, ek. 125 þús., einn eigandi. Uppl. í s. 555 4735 & 894 1124.



Nýskoðaður Ford Explorer XL '92, ekinn 190 þús. Verð 250.000 stgr. Uppl. í s. 822 8589.



Dodge Ram 1500 árg. 2003, 4x4, ek. 23 þús. mílur, leðursæti, lok á palli, gangbretti. Verð 2.600 þús. Uppl. í s. 897 8080.



L.C. árg 97 e. 169.000. 38" lítur vel út, kastarar í grind. Loftdæla, krókur, tengi fyrir Nmt, Vhf, síma, gps. Uppl í síma 660-7575 eða 660-7577. V: 2.490.000. Lán 1.700.000



4Runner Toyota, nýskr. '94. Beinsk., benzín, ekinn 50 þ. á vél. 32" ný dekk, dr. krókur. Mjög fallegur bíll í toppstandi. Verð 690 þús. Uppl. í s. 821 5121.



**Gullmoli frá Akureyri**
Land Cruiser 100 árg. 2001, ek. 70 þús., 6 cyl., dísel, túrbó, intercooler, topplúga, ssk, pluss, loftpúðafjöðrun, 6 diska magasín, ný dekk. Sími 862 0026.



Til sölu Landcruiser 80 VX, árg 93 sjálfsk, ekinn 254 þ., vel útbúin bíll. Uppl. í s. 893 1632 og 451 3463 Ómar.



Til sölu Pajero stuttur árg '99, beinsk., dísel, ek. 96 þús. km. Skipti koma til greina. Uppl. í s. 898 8160/587 3080.



Izuzu Trooper á 38" dekkjum, læsingar 100%, hlutfall að framan og aftan, rafnagnsloftdæla, cd o.fl. mikið endurnýjað. Skipti ódýrari möguleg. S. 865 9354.



Toyota Hilux D/C Dísel, 38" br. Árg. '93, auka tankur, hlutföll, læstur að aftan, kastarar, loftdæla, intercooler og fl. Verð 1090 þús. Uppl. í s. 820 3371.

Til sölu Nissan Patrol '90. Diesel 2,8. Ekinn 250 þús. Nýskoðaður, upphækkaður, nýleg sumar/vetrardekk, mælir. Verð 550.000. Upplýsingar í síma 849 1805.

Til sölu Suzuki Side kick árg. '92, ssk., nýsk. Verð 230 þús. S. 863 8528.

Til sölu Izuzu Trooper árg. '93, 2,6 bensín ssk., á nýlegum dekkjum, ek. 185 þús. Verð 250 þús stgr. Uppl. í s. 862 1147.

**250 þús. í afslátt.**
Til sölu Sangyoung Family árg. '99 breyttur, fæst gegn yfirtöku á láni. Uppl. í s. 894 9208.

Til sölu Nissan Terrano '90. Ekinn 200 þús. Svartur og grár. Skoðaður '05. Vel með farinn. Verð 190.000. S. 822 1519.

Til sölu gullfallegur MMC Pajero '93, upphækkaður á nýjum 33" dekkjum. Skipti á ódýrari fólksbíl möguleg. Uppl. í s. 660 8913.

Til sölu MMC L 200 TD. Árg. '94, upph. 33 tommur, ek. 250 þús. Uppl. í s. 820 0989.

Land Rover Discovery árg. '98, dísel, sjálfskiptur, álfelgur, 33" dekk, ekinn 145 þús. Verð 1.350 þús. Uppl. í s. 660 1548.

Gott verð á Daih .Ferosa SX 1600 '90, USA, ek. 199 þ. Skoðaður 2006, 30" dekk, CD, Viper ör. S. 698 2266.

Terrano '95, 2.4, 7m, ek. 188 þ., sk. '06, sumard.+ ný vetrard. V. 650 þ. S. & 847 2444.

## Fornbílar

Til sölu Mercedes Benz 280 SE árg. 1978, ekinn 240 þús. Uppl. í s. 897 6450.

## Pallbílar



GMC Sierra 6,5 Turbo Disel, árg. '96, ek. 220 þús., ssk., 33ja" dekk. Vínrauður. Verðtilboð. Einnig Toyota Touring árg. '91. Uppl. í s. 865 0696.

## Sendibílar



Til sölu Izusu NPR árg. '92. Kassi 19 m3. Lyfta. Bíll í góðu ástandi. Nýsk. Uppl. í s. 897 5659.



HYUNDAI H-1 sendibíll árgerð 1998. Góður bíll í góðu standi. Nýtt hedd, dekk, geymir, altenator, tímareim. Ásett 630 þús. Fæst á 470 þús. Áhv. 150 þús. S. 822 4060.

Tilboð óskast í Bens '84 4x4, nýsprautaður, ssk. Verðhugmynd 500 þús. Uppl. í s. 662 6795.

Til sölu 5 manna Volks Wagen transporter. Árg. '91. 2 L bensín. Sk. '06, ek. 260 þús. Ásett verð 170 þús. Uppl. í s. 863 0206.

Toyota Hiace '93 dísel, 7 manna. Mikið endurnýjaður. Er á mæli. Uppl. í s. 897 3673.

## Hópferðabílar

Til sölu Bens Clubstar árg. '93, 31 farþega, með wc og eldhúsi, 2 farþegahurðir, ný sprautaður góður og fallegur bíll. Uppl. í s. 566 7420.

Bens o 303 árg. '84, 34 farþega, fínn bíll í skólaakstur eða sem húsbíll. Uppl. í s. 566 7420.

Bens 1625 grindarbíll árg. '79, 53 farþega, hár og öflugur fjallabíll, mikið endurnýjaður. Uppl. í s. 566 7420.

Bens 1620 grindarbíll árg. '89, 41 farþega, hár og öflugur fjallabíll mikið endurnýjaður. Uppl. í s. 566 7420.

## Vörubílar



**Til sölu MAN 14-224**
Til sölu MAN 14-224 LC árg. 1998 með 10 tm/m krana og 6 m. palli m/sturtu, ekinn 158 þús. km. Mjög vel við haldið, tilboð óskast. Uppl. í síma 693 7327.

Til sölu vörubílar til niðurrifs eða uppgerð. Scania, Volvo og Ivecó. Hino vörubílspallar og malarvagnar ofl. Uppl. í s. 893 4880 & 849 9536

Benz Actors 26570 loft árg. '99. Einnig 2635 Stell. Volvo 12.10. FL 10. FL 7. Scania 143. 142. 112. o.fl. Uppl. í s. 660 8910.

Scania 112 H, ek. 689 þ. Tveir pallar fylgja. V. 500 þ. stgr.+vsk. S. 694 3140 & 661 9141.

## Húsbílar



Fiat Euro Mobil árg. 2000, ek. 54.000 km, með öllu. Uppl. í síma 663 4929.



Ford-Econoline-Winnebago árg. '92. Í góðu átandi sk '06. Ek. 62 þ. s. pláss f. 6m. H bíll. M.Öllum þægindum. Rafm.110/220 w. Gaseldv.4H.+ b. ofn, wc + sturta, hjónarúm. Uppl. s. 821 2529 eða gudjon@internet.is



Vel með farið Palomino pallhýsi árg. 2000 til sölu. Upplýsingar gefur Jón í síma 564 2202.



Peugor JT húsbíll diesel 2.5, '91 árg. Ekinn. 220 þús Heitt vatn, ísskápur, klósett, sturta, eldavél, svefnaðstaða fyrir 3. Uppl. í síma 847 4008.



Til sölu Econoline 1988 250. Hár toppur, WC, gasmiðstöð, í góðu standi. Tilboð. S. 892 7060.

Til sölu Fiat Dukato árg. '95, ekinn 51 þús. Svefnpláss f. 6. Litur vel út. Uppl. í s. 453 6702, 864 3902 & 894 7466.

## Mótorhjól



KTM 200SX. Árgerð 2003. Hjól í toppstandi. Tilvalið hjól fyrir byrjendur sem og lengra komna. Hjól sem vert er að skoða. Ásett verð 490.000 Sími 898 2130.



**Go-kart keppnisbíll**
Árg. '04, ekinn 10 tíma. Verð 400 þús. Ath. skipti á krossara. Uppl. í s. 698 4945.



Til sölu GY-200 torfæruhjól. Diskabremsur framan og aftan. Ljósabúnaður, rafstart/kick start, hraðamælir, farangursgrind og fl. Burðargeta: 150kg. Hjólið er nýtt (pakkað í kassa). Tilboðsverð með skráningu: 159.000.- Jóhannes, s. 893 9503, Þráinn, 892 9594 milli 10.00 og 16.00



Stórglæsilegt Suzuki GSX 600 FX til sölu. 5 gíra, beinskipt. Ekið aðeins 6000 km. Frábært eintak. Verð ca. 650 þús. Uppl. í síma 896 6977.



Honda CBR 1000 '88 til sölu. Mikið yfirfarið, nýlega sprautað. Verð 300 þús. S. 690 9878.



KTM 520 EXC árg. '01 til sölu. Mjög vel með farið. Verð 590 þ. kr. stgr. S. 861 2478.



Til sölu Dragstar 1100 árg. 2000. Hlaðið aukahlutum. Uppl. í síma 862 9307.



Mótorhjól til sölu. Yamaha PW 80 árg. 2003. Lítið notað. Verð 200 þ. Uppl. í síma 896 6551.

Óska eftir að kaupa Kawazaki LDT 454 eða Honda Rebel 250. S. 893 4744 Eggert.

Til sölu Ducati ST2 944 Sport touring '03. Ásett verð 1040.000 kr. Tilboð 930 þ. Uppl. í s. 894 7566

Öku- og bifhjólakennsla. Ný hjól nýjar áherslur. Davíð S. Ólafsson. S. 893 7181. www.simnet/dso.is

Til sölu Yamaha wr 450f árg. '04, ek. 30 tíma. Verð 650 þús. S. 897 3188.

Til sölu gullfallegt Suzuki gsxr 750, blátt á lit, árg. '92. Uppl. í s. 822 3629 Gunna.

## Fjórhjól



Eitt skemmtilegasta hjól landsins til sölu Yamaha Radtor 660R, árg. '03. Verð hugmynd 630 þ. Tilb. óskast. S. 848 1057.

## Vélsleðar



Yamaha RX1 ER árg. '03, bakkgír, rafstart, 136" og 40 mm belti, opnara púst og grind. Listaverð 1.050 þ. Tilb. 800 stgr. eða skipti á mótorhjóli. S. 893 6132.

Tveir góðir lítið eknir til sölu! Mountain cat 900 151t árg'04 ásett verð kr.1mil TILBOÐ kr.820þ v/skemmda á húddi. Einnig F7 artic cat árg'03 TILBOÐ kr.750þ S: 8983354 Helgi.

Skidoo grand touring SE 700 '97 til sölu. Flottur alhliðasleði. Uppl. í s. 697 7685. V. tilb.

## Kerrur

VÉLAR & ÞJÓNUSTA



**Kerrur !**
Fólksbíla-, mótihjóla og jeppakerrur úr galvaniseruðu stáli, með og án sturtu, með og án bremsa, með ljósabúnaði. Verð frá 85.000- Vélar og þjónusta Reykjavík, sími 5 800 200. www.velar.is Hafið samband við sölumenn.

Jeppa- og hestakerrur til sölu. Hentar fyrir verktaka, nokkrar stærðir. S. 899 2202. J.E.S ehf.

## Hjólhýsi



Spirt Alpine Hjólhýsi til sölu árg. '89, Skráð hér '93. Vel með farið og með aukahlutum. Sími 555 2248.

## Fellihýsi

Óska eftir fellihýsi gegn ca. 500.000 staðgreiðslu. Einar/Inga í síma 693 0850.

Til sölu 11 feta Coleman Yukon '96. Eitt með öllu. Verð 650.000. S. 897 6302.

Óska eftir fellihýsi fyrir um 400 þ. stgr. Helst með fortjaldi. Uppl. í s. 822 0501.

12 feta Coleman fellihýsi árg. '97. Ýmsir aukahlutir fylgja með. Einnig grænuskápur frá Míru. Uppl. í s. 821 7852.

Til sölu Coleman Sedona. með ísskáp, fortjaldi og loftpúðafjöðrum. Aðeins verið notað í 3 útilegur. Verð 1090 þús. Uppl. í s. 893 3324 & 564 3323

Coleman Redwood árg. '99 til sölu. Reyklaust, einn eigandi. Verð 550 þús. Uppl. í síma 893 9732.

Til sölu Coleman fellihýsi árg. '01, mjög vel með farið. Uppl. í s. 567 2154 & 895 7710.

## Tjaldvagnar

Ægisvagn árg. '99, með kassa á beisli. Verð 350 þús. Uppl. í s. 897 0444.

Óska eftir tjaldvagni. Verðhugmynd 150 - 300 þús. Uppl. í s. 660 2407, Grétar.

## Vinnuvélar



Úrval notaðra innfluttra lyftara til sölu. PON Pétur O. Nikulásson ehf s. 552 0110.



Til sölu Krani. Grove TMS 475 LP árgerð 1975 Lyftigeta 50 US tonn. Kraninn er í mjög góðu ástandi. Nánari upplýsingar í síma, Lárus 892 3269, Sigurlaugur 892 2079.

Tvæt skóflur á Fermick traktórsgröfur til sölu. 30 og 60 cm. Uppl. í s. 892 0636.

Til sölu lítil vinnuvél með framskóflu, bakkói og staurabor í góðu ástandi. S: 822 3650.

JCB 3x4 '98, ek. 8200 st. Fleygur og fleyglagnir-nýtt. 4 skóflur og sér gaffall. V. 2.500 þ.+vsk. S. 694 3140.

## Lyftarar



Allar gerðir af vinnulyftum til leigu. Góð tæki & betra verð Armar ehf s:565-4646 & 660-1700

VÉLAR & ÞJÓNUSTA



**Handpallettutjakkar**
Sterkir og endingargóðir, Jungheinrich lyftigeta 2200 kg. með hraðlyftibúnaði. Verð frá 43.000.- án vsk. Vélar og þjónusta, Járnhálsi 2, s. 5800 200, www.velar.is Hafið samband við sölumenn.

## SAMLESNAR AUGLÝSINGAR

90,9 · Vísir · FRÉTTABLAÐIÐ · 90,9 · Vísir

Góðan daginn, góðan daginn.
**Hamborgarabúlla-Tómasar.**

Njótið lífsins.
**Hamborgarabúlla-Tómasar.**

Lífið er dásamlegt.
**Hamborgarabúlla-Tómasar.**

Það jafnast ekkert á við Jazz- Honda Jazz. Frumsýnum Honda Jazz um helgina. Komdu og upplifðu fjölnotabíl á verði smábíls. Honda Jazz, sannkallaður jazzgeggjari.
**Bernhard Vatnagörðum.**

Svik, síðasta sýning í kvöld.
**Borgarleikhúsið.**

Segðu mér allt, í kvöld.
**Borgarleikhúsið.**

Draumleikur, í kvöld.
**Borgarleikhúsið.**

Opið til sex í dag..
**Ikea**

Tilkynning til þeirra sem eiga sparískírteini á gjalddaga 10. apríl! Tryggið ykkur áframhaldandi örugga ávöxtun hjá Netbankanum. Stofnaðu til sparnaðar á nb.is eða hringdu í síma 550-1800.
**NETBANKINN- með bestu vextina 5 ár í röð.**

Opnum nýjan og glæsilegan sýningarsal fullan af húsbílum, hjólhýsum, fellihýsum, tjaldvögnum og aukahlutum. Opnunartilboð um helgina.
**Seglagerðin-Ægir.**

Allt í svefnherbergið..
**Ikea.**

Cockteilsósa, Cockteilsósa.
**Hamborgarabúlla-Tómasar.**

Mjólkurhristingur með kaffibragði, nammi nammi namm.
**Hamborgarabúlla-Tómasar.**

## Verslun




**100% Verðvernd!!!!**
Venus erotic store. Vorum að fá nýjar 10 og 12 tíma 2ja diska DVD, verð 3.990. Allar spólur 1990. 3 á 5.000. Venus Freyjugötu 1 sími 552 2525. www.venus6.is. Sendum í póskröfu um land allt.

## Ýmislegt

Vantar notað trimformtæki í góðu standi, hef einnig áhuga á brúnkuklefa. Uppl. í s. 698 0868.

# ÞJÓNUSTA

## Hreingerningar

Hreinlega - Hreingerningarþjónusta. Tökum að okkur heimilisþrif, flutningaþrif, teppahreinsanir, stigagangar og fyrirtæki. Ellý og Co. S. 898 9930.

Ertu að flytja? Og búin á því? Láttu mig um þrifin. Föst verðtilb. Flutningsþrif Bergþóru s. 699 3301.

Tökum að okkur ræstingar fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Uppl. í s. 894 9208 Finnur.

## Garðyrkja




Trjáklippingar, garðsláttur, garðaúðun og önnur garðvinna... Nú er tíminn til að klippa og fá tilboð í garðslátt sumarsins! Garðar best, ánægðir viðskiptavinir frá 1988.




Garðsláttur, trjáklippingar, garðaúðun, beðahreinsun o.fl. Hér færðu alla viðhaldsþjónustu á einum stað fyrir garðinn. Garðlist 554-1989 www.gardlist.is .

**Trjáklippingar - garðyrkja.**
Klippi tré og runna og felli tré. Fljót og góð þjónusta. Látið fagmann vinna verkin.
**Jóhannes garðyrkjumeistari, s. 849 3581.**

Öll garðyrkju- og lóðavinna er okkar fag. Því nú er rétti tíminn, pantið tímanlega hjá Blóma. S 896 7969.

Tökum að okkur trjáklippingar og garðslátt. Gerum föst verðtilboð. Góð þjónusta. Uppl. í s. 698 6564 & 896 6936.

Trjákurlun. Kem og kurla afklippur og tré. Er á Suðurlandi. S 898 1505.

**Blómstrandi garðar**
Felli tré, klippi, garðsláttur og önnur garðverk. Geri tilboð. S. 695 5521.

Trjáklippingar. Þórarinn Ingi Jónsson, Skrúðgarðyrkjumeistari. S. 564 2114.

Trjáklippingar. Klippi og grisja garða, tugára reynsla. Sanngjörn þjónusta. Uppl. í s. 698 7991. Gunnar, garðyrkjumaður.

Nú er rétti tíminn að leita tilboða í garðsláttinn fyrir sumarið. S. 897 5730.

## Bókhald

Framtal 2005. Einstaklingar og minni rekstraraðilar. Sæki um viðbótarfrest. Framtalsþjónustan. S. 533 1533.

## Fjármál

Skattaframtöl fyrir einstaklinga og rekstraraðila.Er viðskiptafræðingur - vanur. Uppl. í s. 517-3977 og framtal@hotmail.com

## Málarar

Málari, tek að mér smærri verk. Eyjólfur. S. 867 4325.

Stigahús - íbúðir - nýsmíði eða endurmálun. Föst verðtilboð. Arnar málarameistari. S. 893 5537.

## Búslóðaflutningar




Búslóðaflutningar og búslóðageymsla. Stór bíll. Gerum tilboð í flutning út á land. S. 898 6565. Flutningaþjónusta Brynjars.

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560.

## Meindýraeyðing




Öll meindýraeyðing fyrir heimili, húsfélög. S. 822 3710.

## Húsaviðhald







www.k-2.is

Þak- og utanhússklæðningar og allt húsaviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.

**Glerjun og gluggaviðgerðir !**
Sjáum um öll glerskipti, viðgerðir og breytingar utanhúss sem innan. Fyrir húseigendur og húsfélög. Tilboð þér að kostnaðarlausu. Fagþjónustan ehf, s. 860 1180.

**Móðuhreinsun Glerja !**
Er komin móða eða raki á milli glerja? Móðuhreinsun, Ólafur í 860 1180.

Tek að mér alm. viðhald húsa, málun, múrun, flísa & parket lagnir og aðra trésmíðavinnu. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

Byggingameistari getur bætt við sig verkefnum. Upplýsingar í síma 659 3348.

**Viðvik fasteignaviðhald**
Sólpallar, þakrennur, háþrýstiþvottur, steypuviðgerðir, hellur, flísar ofl. Anton s. 866 5262.

Tek að mér allt viðhald húseigna. Vönduð vinnubrögð. Áralöng reynsla. S. 661 4345 869 1578. mastercard/raðgr allt að 36 m.

## Stífluþjónusta

Fjarlægum stíflur úr WC, vöskum og fl. Röramyndavél og viðgerðir á frárennslislögnum. Stífluþjónusta Geirs, s. 697 3933.

## Tölvur

Ódýrar tölvuviðgerðir. Kem samdægurs í heimahús. Kvöld- og helgarþjónusta. 695 2095.

Þarftu aðstoð við tölvuna? Kem á staðinn og geri við. Viðurkenndur af Microsoft. 10 ára reynsla. S. 616 9153 ( Friðrik). Milli kl 8-23 alla daga.

Er vírus í tölvunni eða er hún biluð? Mæti á staðinn. Þekking og reynsla í 20 ár. S. 696 3436. www.togg.biz

Tölvuvandamál? Kem á staðinn. Viðurk. af Microsoft. Mikil reynsla. Ríkharður s. 898 0690, til kl. 23 alla daga.

Opið allan sólahringinn. Geri við tölvur í heimahúsum. Fljót og góð þjónusta. Viðgerðir og uppsetning. Sími 693 9221. www.tolvuvaktin.is

Tölvuhjálp PC og Mac aðstoð www.tolvuhjalp.is S. 534 3700.

Ódýrar tölvuviðgerðir. Kem samdægurs í heimahús. Kvöld- og helgarþjónusta. 695 2095.

Tek að mér að gera við tölvur. verð frá 1200 kr. Vönduð og góð þjónusta. Uppl. í síma 664 1622 & 587 7291.

## Spádómar

Andleg leiðsögn, miðlun, tarot, spilaspá, draumar, og huglækningar. Hanna. S. 908 6040. Frá kl. 13 til 01.

Spásíminn s. 908 5666. Ársspá 2005. Stjörnuspá, draumráðningar (ást og peningar), andleg hjálp. Trúnaður.

**Örlagalínan 908 1800 & 595 2001**
Miðlar, spámiðlar, tarotlestur, draumráðningar. Fáðu svör við spurningum þínum.

Spennandi tími fram undan? Spákonan Yrsa í beinu samb. S. 908 2288 - (129 mín.). Símaspá, draumaráðn. Opið 14 til 23.

908 6116 er spákonan Sirrý. Ástir, fjármál, heilsa. Tímap. í s. 823 6393.

Spámiðlun, miðlun. Margrét S. 567 2478 og 863 2478 eftir kl. 17.

## Trésmíði

Smiðir eða vanir menn óskast í byggingarvinnu. Uppl. í s. 696 4772.

## Viðgerðir

**PÍPULAGNIR VIÐGERÐAÞJÓNUSTA.**
Nýlagnir/ breytingar
almennt viðhald.
**Sími 897 6613. Gísli Steingrímsson. Löggiltur pípulagningarmeistari.**

# HEILSA

## Heilsuvörur




Frábær líðan. Alveg síðan, Herbalife www.eco.is Erla Bjartmarz erla@eco.is 899 4183.

Bætt heilsa betra útlit og 30-50 þús. auka á mánuði. Er það eitthvað fyrir þig? www.hannakristin.is S. 892-4284

Vantar þig pening fyrir sumarið? www.diet.is/auka Hringdu strax! Margrét s:699-1060

Glæný! Skoðaðu arangur.is Þökkum frábærar viðtökur. Lífsstílsráðgjöf s. 586 8786.

## Líkamsrækt

**Fit - Pilates**
Alhliða styrktaræfingar sem þjálfa djúpvöðva líkamans og gefa flatan kvið. Komdu í prufutíma. Uppl. í s. 896 2300 og á www.einka.is

Lítið notaðir Rope yoga bekkir til sölu v/flutninga. Uppl. í síma 895 7275.

## Fæðubótarefni

Ég;-12 kg/ 8 vikur. Þú;??? Allt er hægt með Herbalife!! Sigurborg, s. 865 8607.

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

## Nudd

Hugurogheilsa.com er flutt í heilunarsetrid.is, Dverghöfða 27, s. 866 0007.

## Ýmislegt

Rakatæki, Lofthreinsitæki og jónatæki. Sýning á alvöru lofthreinsi- og jónatækjum ásamt rakatækjum frá hinum heimsþekkta framleiðanda BIONAIRE. Laugardag 9 apríl og sunnudaginn 10 apríl frá kl 14 - 18 báða dagana. Staður: Kirkjulundur 19 Garðabæ Rökrás ehf, sími 565-9393, gsm 849-8442 Heimasíða "www.rak.is"

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

Franska, spænska, ítalska. Einkatímar, námsaðstoð. S. 552 6116 estudiolatino.is.

**Öðruvísi gítarnám**
Gítarnámskeið fyrir byrjendur og lengra komna, á öllum aldri. S. 695 3893.

## Ökukennsla

Ásgeir Gunnarson kennir á Peugeot 407, árgerð 2005. Tek einnig í akstursmat og hjálpa við endurtökupróf. Sími 568 7327/862 1756.

Bifhjóla -og ökukennsla Eggerts Vals. Er byrjaður í bifhjólakennslunni. S. 893 4744.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Til sölu borðstofuhúsgögn, 8 stólar og skenkur með gamaldags útliti. 2 rúm 90x210 með nuddi og fjarstýringu. Basthúsgögn, 2 stólar, 2ja sæta sófi og sófaborð m. glerplötu. S. 567 1826 & 616 7853.

Til sölu sófasett 3+2+1 með pluss áklæði og stakur leðurstóll og skammel. S. 899 1157.

Eins og nýtt. Ársgamall sófi til sölu! Bara 25.000! Kostaði nýr 60.000. S. 691 7895.

Tveir sófar úr versluninni Í húsinu, skenkur og glerskápur frá Öndvegi. Sími 554 1323 & 694 2629.

Borðstofuborð 80x140, stækkanlegt í 180x220 úr kirsuberjavið ásamt 6 vönduðum stólum úr beyki. Verðhugmynd 30 þús. S. 864 7438 & 557 3961.

Til sölu DUX rúm 120x200 cm. með yfirdýnu og gafli. Sími 893 7903.

Stórglæsilegur sérpantaður nýr stofuskápur með skúffum, glerhurðum. 116 B, 201 H, 46 D. Uppl. í s. 864 7670.

## Antík



Til sölu borðstofusett ca 1920, stór skenkur, lítill skenkur, borðstofuborð, 2 armstólar og 8 stólar. Verð 200.000. Uppl. í s. 699 7317.

## Heimilistæki

Óska eftir nýlegu 100 riða sjónvarpi með góðum staðgreiðsluafslætti. Uppl. í s. 896 6654.

Vel með farin hvít AEG frístandandi eldavél m/ofni. Verð 25 þús. S. 893 2386.

Vínkælakynning. Íslenskur vínkælir! Til sýnis að Kirkjulundi 19 Garðabæ. Laugard. 9/4 og sunnud. 10/4 frá kl. 14 - 18. Kaffiveitingar. Rökrás ehf. sími 565 9393, gsm. 849 8442. Heimasíða "www.rak.is"

## Gefins

Stór eldhúsinnrétting fæst gefins gegn því að hún sé tekin niður. s. 898 3135.

# FUNDIR

# Félagsfundur

Félagsfundur verður haldinn í Kiwanishúsinu við Engjateig þriðjudaginn **12. apríl** og hefst hann kl. **18.00.**

***Dagskrá:***

1. Breytingar á reglugerðum sjúkrasjóða fyrir aðalfund 2005
2. Breytingar á reglugerð Fræðslusjóðs fyrir aðalfund 2005
3. Önnur mál.

**Félagar!** Mætið vel og stundvíslega

Stjórn
Eflingar – stéttarfélags

EFLING
STÉTTARFÉLAG
*Stendur með þér!*

# ATVINNA

# HLÍÐASKÓLI

Hlíðaskóli óskar að ráða eftirtalda starfsmenn skólaárið 2005-2006:

**Kennara í textílmennt**

**Kennara á yngsta stig. Táknmálskunnátta nauðsynleg**

**Táknmálstúlk**

Upplýsingar gefa Kristrún G. Guðmundsdóttir skólastjóri í síma 552 5080 netfang *kgg@hlidaskoli.is* og Ingibjörg Möller aðstoðarskólastjóri í síma 552 5080 netfang: *imoll@hlidaskoli.is*

# TILKYNNINGAR




## Úthlutun sumarhúsa árið 2005

Orlofsnefnd Eflingar - stéttarfélags minnir á að frestur til að sækja um orlofshús í sumar rennur út föstudaginn 15. apríl.
Vekjum einnig athygli á að enn eru laus pláss í ferðir til Calpe á Spáni.

Hægt er að nálgast **eyðublöð** á heimasíðu félagsins www.efling.is og á skrifstofu félagsins í Sætúni 1, 105 Reykjavík fyrir 15. apríl nk. Einnig er hægt að **sækja um rafrænt** á heimasíðunni.
**Ekki er tekið á móti umsóknum símleiðis.**

41.191

**Umsóknarfrestur er til 15. apríl - Úthlutun liggur fyrir 25. apríl.**



# SPÁNN

## Dæmi úr eignaskrá - söluíbúðir



### Almeria

Parhús inn á golfvallarsvæðinu. Þrír 18 holu golfvellir í hverfinu. 2 svefnh. 2 salerni. Öll húsgögn fylgja. Sundlaug. Verð 13,1 millj kr.

### Altos de Bahia

Raðhús með 2 svefnh. 2 Salerni. Þaksvalir og góður garður. Öll húsgögn fylgja. Þjófavarnakerfi og loftkæling. Stór falleg sameiginleg sundlaug fylgir. Inn í Torrevieja. Stutt á ströndina. Verð 14,3 millj. kr.





### Galan Golf

Efri hæð í parhúsi með 2 svefnh. Öll húsgögn fylgja. Sameiginleg sundlaug. Er í göngufæri við alla þjónustu og þrír golfvellir í hverfinu. Verð 8,7 millj kr.

### Playa Flamenca

Einbýlishús á frábærum stað. 3 svefnherbergi. Góður garður. Öll húsgögn fylgja. Sundlaug. Stutt á ströndina. Verð 27,6 millj kr.



## Leiguíbúðir

*Vegna mikilla sölu undanfarið hefur fjöldi leiguúbúða bæst við leiguskrá okkar. Eigum því fyrirliggjandi lausar vikur til útleigu af öllum gerðum íbúða. Sjáum um að útvega flugfar í gegnum samningsaðila okkar á ódýrara verði. Sjáum einnig um alla milligöngu varðandi pantanir á bílaleigubílum fyrir viðskiptavini okkar á góðum kjörum. Veitum einnig flugvallarakstur til og frá Alicanteflugvelli.*

### Galan Golf

2 svefnherbergi með svefnaðstöðu fyrir allt að 6 manns. Í göngufæri við alla þjónustu. Sameiginleg sundlaug. Verð 25.000 kr. vikan.



*Gloria Casa hefur eignir í öllum stærðum og gerðum til sölu og leigu á Torrevieja svæðinu. Möguleiki er að fá allt að 100% lán. 80% lán í spænskum banka á aðeins 3,25% óverðtryggðum vöxtum og 20% lán á Íslandi.*

*Gloria Casa leggur áherslu á áreiðanleika í fasteignaviðskiptum enda er um viðskipti einstaklinga að ræða á erlendri grund, þar sem spænsk lög gilda. Fulltrúi Gloria Casa er einnig alltaf viðstaddur við lokafrágang allrar skjalavinnslu. Þannig tryggjum við okkar viðskiptavinum fullt öryggi allt ferlið á enda.*

### El Galan

Einbýlishús inn á golfvallarsvæðinu. 3 svefnherbergi og 2 salerni. Loftkæling er í húsinu og í göngufæri við alla þjónustu. Verð 43.000 kr. vikan.



## *Fasteignasala og leigumiðlun Íslendinga á Spáni*

gloria casa

www.gloriacasa.com

info@gloriacasa.com

S: 517-5280 / 820 5280 á Íslandi

S: +34 687 912 515 á Spáni

---

Hverfisbarinn óskar eftir að ráða fólk í sal og á bar. Uppl. í síma 845 2559.

**Sjómenn ATH!**
Háseta vantar á Steinunni Finnbogadóttur BA 325 sem stundar netaveiðar frá Grindavík. Uppl. í s. 852 2388, 863 2692 & 863 6665.

**Ræstingar**
Vantar duglegt fólk í 50% og 100% störf. Sveigjanlegur vinnutími. Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Upplýsingar í 898 9930.

Tekju leið. www.simnet.is/okkarheimur

**Þjónustufyrirtæki**
Fyrirtæki í miðbæ Rvk. óskar eftir að ráða duglegan og stundvísan starfskraft. Verður að geta unnið sjálfstætt. Uppl. gefur Björn í s. 899 5968.

Stúlku í 10. bekk vantar aðstoð við stærðfræði STRAX! Uppl. í síma 587 5977 & 866 9747 e. kl. 17.

Rútubílstjóri. Vantar rútubílstjóra til starfa sem fyrst. S. 566 7420 & 892 3102.

**Járnabindingar.**
Óska eftir mönnum í járnabindingar. Uppl. í s. 820 4362.

GG lagnir pípulagningaþjónusta óskum eftir verkamönnum. Einnig gröfumanni til starfa næg vinna framundan. Uppl. í síma 660 8870.

Óska eftir fólki á dekkjaverkstæði og smurstöð og bílaverkstæði. S. 587 4700 & 699 4009.

Starfsfólk óskast á nýjan veitingastað. Uppl. í s. 511 2272.

Starfsmenn óskast tímabundið. Í byggingarvinnu. Uppl. í s. 693 7700

Starfsmenn óskast tímabundið. Í byggingarvinnu. Uppl. í s. 693 7700

Óskum eftir að ráða vanan smið og verkamenn á innréttingaverkstæði í Rvk. Umsóknir berist Fréttablaðinu merkt "innréttingaverkstæði".

**B.T. Verktakar ehf**
**Óskum eftir verkamönnum í vinnu við hellulagnir strax. Mikil vinna framundan. Upplýsingar í símum 898 4202 Baldur & 897 4583 Tóti.**

### Atvinna óskast

30 ára kk vantar vinnu í sumar, helst við akstur, er með vinnuvélaréttindi, ADR-Tankaréttindi , 8 ára reynsla af vélum og bílum. Uppl. í s. 891 9464 e. kl. 16, Halli. haraldurs@thi.is

18 ára kk óskar eftir að komast á samning í hárgreiðslu. Getur byrjað strax. Uppl. í síma 867 7763.

TILKYNNINGAR

### Tilkynningar

E - FJÖRFÁR. Ergelsi, reykelsi, stífelsi, stoppelsi, bakkelsi, fangelsi, skúffesli, hrognkelsi. Láttu þér líða vel. Þú ert á besta aldri. 10x styrkur, 5x sterkur. Abs ó lút.

---


HÚSIÐ FASTEIGNASALA 533 4300
Salómon Jónsson lögg. fasteignasali

SMÁRINN FASTEIGNASALA 564 6655
Vilhjálmur Bjarnason lögg. fasteignasali

**Opið Hús í dag Laugardag kl. 15:30 – 16:30 í**
**Lautasmára 24**



Glæsileg 95 fm, 3ja herbergja íbúð á annari hæð . Örstutt í verslanir í Smáranum, í Smáralind, íþróttasvæði og skóla. **Verð 22,5m.**

**Frekari upplýsingar veitir Guðný í síma 821-6610.**



HÖLL www.holl.is

Tákn um traust
**555 6669**

Björn Daníelsson, hdl. og lögg. fasteignasali




**TIL LEIGU**
**VERSLUNARRÝMI OG SKRIFSTOFUHÆÐ**
Með betri stöðum í borginni.

Síðumúli 13, 108 Reykjavík. Annars vegar er til leigu 214 fm verslunarými á jarðhæð, auk 83 fm lagerrýmis með innkeyrsluhurð á neðri hæð, hringstigi á milli hæða. Stórir gluggar, góð birta og útsýni. Húsnæðið getur leigst í tveimur hlutum. HÚSNÆÐIÐ ER LAUST TIL AFHENDINGAR.

Hins vegar skrifstofurými á þriðju, efstu, hæð samtals um 220 fm. Snyrtilegt og með öllu því sem þarf fyrir góða skrifstofu. Laust 1. júní n.k.



**100% Verðvernd**
**Alltaf ódýrastir!**

**Álftamýri 30**
**Opið hús!**



Dóri og Irma taka á móti þér milli kl. 14.00 og 16.00 í dag laugardag að Álftamýri 30. Íbúðin er falleg og nýlega endurnýjuð 3. herbergja, 75,3 fm íbúð á 1. hæð á mjög góðum stað í Reykjavík. Stutt er í skóla, íþróttasvæði Fram og Kringluna svo eitthvað sé nefnt. Endilega kíkið við og skoðið þessa áhugaverðu eign.

**Verð 16,9 millj**

Fasteignasala á Netinu
neteign.is
Sími: 595 9090

Jóhann Baldursson, héraðsdómslögmaður og löggiltur fasteignasali



HRAUNHAMAR FASTEIGNASALA

Fasteignasala snýst ekki bara um fasteignir...
...heldur líka um fólk

Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500 • Fax 520 7501
hraunhamar@hraunhamar.is • www.hraunhamar.is

**Reykjanesbær**

**Mávabraut 2 - Opið hús**



Opið hús laugardag 9/4 milli kl. 16 og 18 Íbúð 201 - Lilja sýnir. Vorum að fá í sölu skemmtilega 4ra herbergja íbúð á annarri hæð (fjórar íbúðir í stighúsi). Eignin skiptist þannig: 3 svefnherbergi, stofa, eldhús, lítil geymsla innaf eldhúsi, baðherbergi, geymsla í kjallara. **Verð 9,5 millj.** 108998

Magnús Emilsson löggiltur fasteignasali

# Eignakaup

Ármúli 38 • 108 Reykjavík • Fax: 520-6601 • Veffang: www.eignakaup.is

Sími 520 6600 | Helgi Hákon Jónsson
Viðskiptafræðingur & lögg.fasteignasali

Opnunartími frá kl. 9-17 mán-fös. kl. 12-14 laug.

www.eignakaup.is

## OPIÐ HÚS

## LAUGARD. 9 APRÍL

## MILLI KL: 14 OG 16


**Helgi Hákon Jónsson**
Viðskiptafræðingur & lögg.fasteignasali


**Grétar J. Stephensen**
sölufulltrúi
**861-1639**


**Mikael Nikulásson**
Framkvæmdastjóri
**694-5525**


**Guðrún Helga Jakobsdóttir**
ritari/skjalavinnsla


**Ólafur Sævarsson**
sölustjóri
**820-0303**


**Berglind Ósk Sigurjónsdóttir**
sölufulltrúi
**822-2435**

# Vatnsstígur 3b



Sölusýning á 6 nýuppgerðum fallegum íbúðum í hjarta borgarinnar. Fullbúnar eignir með sér inngangi. Eikar innréttingar sem og eikar parket. Baðherbergi eru flísalögð. Vandaðar innréttingar og vönduð tæki. Einstakt tækifæri til að eignast fallegar íbúðir á þessum vinsæla stað.

**Stærðir frá 57 fm -124 fm**
**Um er að ræða einstaklingsíbúðir og 2-3 herb. íbúðir.**
**Verð frá 17,7m - 34 m.**











***Léttar veitingar í boði • Verið velkominn!***

***Starfsfólk frá Eignakaupum verður á staðnum og tekur á móti gestum***

**Opnunartími frá kl. 9-17 mán-fös. kl. 12-14 laug.**

## Vissir þú ...

...að þyngsta dagblað sem hefur verið gefið út er sunnudagsútgáfa New York Times, frá 14. september 1987. Blaðið vó 5,4 kíló og var 1.612 síður.

...mest seld hljómplata allra tíma er Thriller Michaels Jacksons. Platan hefur selst í 47 milljónum eintaka frá árinu 1982.

...mesti seldi táningurinn er Britney Spears, en hún hafði selt 37 milljónir platna um veröld alla áður en hún hélt upp á tvítugsafmælið sitt í desember 2001.

... að hinn tékkneski Jan Skorkovsky hefur manna lengst haldið bolta á lofti. Skorkovsky hélt bolta á lofti þegar hann hljóp maraþon í Prag árið 1990.

...að hæsta núlifandi kona er Sandy nokkur Allen frá Bandaríkjunum. Allen er 2,31 metri á hæð en hún vó aðeins 12 merkur við fæðingu. Tíu ára var hún hins vegar orðin 1,90 á hæð.

...að lægsta kona sem vitað er um hét Pauline Musters, fædd í Hollandi árið 1876. Musters mældist 30 cm við fæðingu og þegar hún var níu ára mældist hæð hennar aðeins 55 cm. Hún lést nítján ára að aldri og mældist þá 61 cm á hæð.

...að lengsta hjartastopp er fjórar klukkustundir. Hjarta norska sjómannsins Jans Egils Refsdal stöðvaðist þegar hann féll í sjóinn í desember 1987. Líkamshiti hans var kominn niður í 24 gráður þegar hann kom á sjúkrahús. Hann náði sér að fullu.

...að mesti hraði sem náðst hefur með ökumann sem snýr öfugt á mótorhjóli er 200,726 km á klst. Metið sló Szabolcs Borsay í Ungverjalandi í júlí 2002.

...að umfangsmestu prufur fyrir eina kvikmynd voru teknar á 45.415 metra langa svarthvíta filmu. Það var MGM stúdíóið sem stóð að þessum prufutökum en verið var að leita að leikkonu í kvikmyndina Á hverfanda hveli. Sextíu leikkonur mættu í prufutöku en engin þeirra var valin – Vivien Leigh hreppti hlutverk Scarlett O'Hara síðar.

...að mál Ubyka í Kákasusfjöllum er með flesta greinanlega samhljóða allra tungumála eða 81. Enginn kann þetta tungumál til hlítar, því síðasti maðurinn sem talinn var altalandi á máli Ubyka lést árið 1992.

...að fjölmennasti samleikur á selló fór fram í Kobe í Japan árið 1998. Þá léku 1.013 sellóleikarar níu tónverk – þeirra lengst var Svíta í D moll eftir Bach sem tók rúmar 8 mínútur í flutningi.

...að Archie Thompson frá Ástralíu hefur skorað flest mörk í landsleik. Thompson skilaði boltanum 13 sinnum í netið í leik Ástralíu gegn Samóa.

...að yngsti heimsmeistari í Formúlu 1 er Emerson Fittipaldi frá Brasilíu. Fittipaldi sem er fæddur árið 1946 varð heimsmeistari árið 1972 og var þá 25 ára og 273 daga gamall.

...að Bandaríkjamaðurinn, Robert Earl Hughes, mældist með mesta brjóstkassa sögunnar. Ummálið var 315 cm.

...að Rodney Kenny frá Bretlandi á heiðurinn af því að hafa leikið lengst allra á túbu. Kenny blés í túbuna í 24 klukkustundir og 8 mínútur í ágúst árið 2002.

...að stærsti vinnuveitandi heims eru indversku járnbrautirnar. Starfsmenn voru þá 1.583.614 árið 1997.

GÍTARINN EHF.
www.gitarinn.is STÓRHÖFÐA 27 -SÍMI: 552 2125 gitarinn@gitarinn.is
Erum að taka upp nýja sendingu
Rafmagnsgitarpakki verð frá kr. 22.900
Rafmagnsgítar, magnari, poki, ól, snúra og gítarneglur. Stillitæki
Klassískur gítar frá 10.900
Þjóðlagagítar frá kr. 14.900
MAPEX trommusett með stöndum og diskum
rétt verð kr. 79.900
tilboðsverð kr 59.900
BJÓÐUM UPPÁ RAÐ- OG LÉTTGREIÐSLUR

KOLAPORTIÐ
Það er ekkert mál að selja í Kolaportinu



1 Þú pantar sölubás
2 Þú greiðir básinn
3 Þú velur básinn
4 Þú selur
Pantaðu bás núna í síma 562 5030
OPIÐ UM HELGINA FRÁ KL. 11-17

Menntaskólinn Hraðbraut býður uppá metnaðarfullt nám og fyrsta flokks aðstöðu fyrir duglega nemendur í líflegu og skemmtilegu umhverfi.

Athugaðu málið á hradbraut.is

Menntaskólinn Hraðbraut.
Faxafeni 10, húsi Framtíðarinnar.

"... tveimur árum á undan"

• Viltu ljúka stúdentsprófi á tveimur árum?
• Viltu fara í persónulegan skóla með frábæru félagslífi?
• Viltu eiga viku frí í skólanum sjöttu hverja viku?
• Viltu ljúka heimavinnunni í skólanum?

MENNTASKÓLINN HRAÐBRAUT



OPIÐHÚS
Laugardaginn 9. apríl
kl.14-17.

**VÍSINDAVEFUR**
**HÁSKÓLA ÍSLANDS**

# Ábendingarorð og samhengi

**HVENÆR ER NÚNA?**
**Svar:** Núna er auðvitað nákvæmlega á þessari stundu, það er að segja þegar þetta er skrifað ... eða kannski alveg eins þegar þetta er lesið.

### Ábendingarorð

Núna er eitt af þeim orðum sem kölluð hafa verið ábendingarorð (e. indexicals) og eru þeim eiginleikum gædd að merking þeirra ræðst af því hver segir þau, hvar og hvenær. Með öðrum orðum ræðst merking ábendingarorða af samhengi og aðstæðum. Meðal annarra slíkra orða má nefna hérna, ég, þú, hún, hann, þetta, í gær og reyndar.

### Aðstæður mælanda gefa ábendingarorðum merkingu

Að sjálfsögðu má segja um flest orð að samhengi og aðstæður hafi einhver áhrif á merkingu þeirra en þegar um ábendingarorð er að ræða má segja að merkingin sé með öllu óljós ef ekki er vitað um aðstæður þess sem þau mælir. Ef ég heyri til dæmis sagt „Ég er hér“ gefur það mér nákvæmlega engar upplýsingar nema ég hafi einhverja hugmynd um hver það er sem talar og hvar viðkomandi er.

### Orð hafa tvenns konar merkingu

Sá heimspekingur sem hefur haft mest áhrif á hugmyndir málspekinga um ábendingarorð á síðari tímum er David Kaplan sem birti árið 1977 tímamótagreinina „Demonstratives“. Kaplan færir rök fyrir því að ábendingarorð hafi svokallaða beina tilvísun, það er að þau vísi beint til þeirra hluta sem talað er um fremur en að merkingin vísi til einhvers konar lýsingar eða eiginleika. Kaplan heldur því einnig fram að ábendingarorð sýni okkur berlega að orð hafi tvenns konar merkingu. Annars vegar er um að ræða málfræðilega merkingu sem er óháð samhengi og aðstæðum. Til dæmis merkir „Ég er hér“ í þeim skilningi alltaf það sama; ég vísar til þess sem talar og hér vísar til staðarins sem viðkomandi er á. Hin merkingin er svo sú sem er breytileg og felur í sér hina beinu tilvísun sem Kaplan talar um. Í þeim skilningi merkir „Ég er hér“ eitt þegar undirrituð skrifar það í New York-ríki í Bandaríkjunum og allt annað þegar lesandi þessa svars (líklega á Íslandi) segir „Ég er hér.“



### Núna merkir alltaf það sama

Samkvæmt þessum hugmyndum Kaplan má því segja að í einum skilningi sé merking orðsins núna alltaf hin sama, það er að segja orðið núna vísar alltaf til þess tíma sem það er notað. Í þeim skilningi eru setningar á borð við „Núna er einmitt á þessari stundu“ og „Ég er hér núna“ alltaf sannar. Í öðrum skilningi er merkingin breytileg eftir samhengi og aðstæðum. Ef við gerum ráð fyrir að spyrjandinn hafi átt við þann skilning orðsins væri „núna“ væntanlega á þeirri stundu sem spyrjandinn setti fram spurninguna.

### Samhengisbundin merking

En merking orðsins núna getur líka verið samhengisbundin á annan hátt sem hefur ekkert með eðli ábendingarorða að gera. Merking orðsins núna er nefnilega afstæð og ræðst það af samhenginu hve stór tímaeiningin er sem orðið vísar til. Þegar ég segi „grænir skór eru í tísku núna“ vísar núna líklega til þessa árs og þegar ég segi „bílar eru algeng farartæki núna“ er ég væntanlega að tala um mörg ár eða áratugi. Ef ég hrópa skyndilega „stígðu á bremsuna núna“ er ég hins vegar ekki að biðja um að stigið sé á bremsuna á þessu ári eða þessa vikuna heldur vísar núna til þessarar sekúndu eða sekúndubrots.

### Ábendingarorðin hér og ég

Ýmis önnur ábendingarorð eru afstæð á svipaðan hátt og núna, til dæmis orðið hér (er átt við einhvern pínulítinn blett sem bent er á, borgina sem viðkomandi býr í, jörðina eða kannski alheiminn?). Önnur ábendingarorð eru ekki afstæð, til að mynda vísar ég alltaf til nákvæmlega einnar persónu og á morgun til nákvæmlega eins dags. Fjölmörg orð sem ekki eru ábendingarorð hafa líka afstæða merkingu, þar má nefna orðin oft, stór og ríkur.

Með þessi einkenni orðsins núna í huga, að það sé bæði ábendingarorð og afstætt, geta lesendur svo líklega svarað spurningunni sjálfir.

*Eyja Margrét Brynjarsdóttir,*
*doktorsnemi í heimspeki við*
*Cornell-háskóla*

Vísindavefurinn fjallar um öll vísindi, hverju nafni sem nefnast, allt frá stjörnufræði til handrita og frá sameindalíffræði til sálarfræði. Hversu litlir eru hlutir á nanóskala, hvaða gróður kemur fyrstur undan skriðjökli, hver er munurinn á AMD- og Intel-örgjörvum og af hverju segja allir „talva“ í staðinn fyrir „tölva“? Hægt er að lesa svörin með því að slá inn viðeigandi leitarorð á forsíðu Vísindavefsins www.visindavefur.hi.is.

**NETIÐ**

# Bítlarnir vinsælli en Jesú?

Íslendingar hafa gaman af því að skrifa um trúmál og kirkjunnar menn á netinu. Þegar leitað er eftir orðinu



**Biskup Íslands** finnast rúmlega sjö þúsund og fimm hundruð færslur. **Páfinn** nýtur ekki jafn mikilla vinsælda meðal íslenskra netverja, því þegar orðið er slegið inn finnast tæplega fimmtán hundruð færslur. Orðið **prestur** nýtur töluvert meiri hylli, því alls birtast rúmlega þrettán þúsund færslur. Vinnustaður þeirra er þó enn vinsælli, því tæplega fimmtíu þúsund færslur birtast þegar leitað er eftir orðinu **kirkja**. Þeir komast þó ekki í hálfkvisti við skaparann sjálfan, því þegar leitað er eftir orðinu **Guð** finnast tæplega sjötíu og tvö þúsund færslur. Jesú er ekki jafn vinsæll, því eingöngu átján hundruð færslur birtast þegar leitað er eftir orðinu **Jesú Kristur**.



Orð John Lennon eiga því ef til vill við hvað varðar netið, þegar hann sagði að Bítlarnir væru stærri en Jesú, því þegar leitað er eftir hljómsveitinni á íslensku birtast rúmlega þrjú þúsund færslur. Þetta á þó eingöngu við um Ísland því þetta snýst við á ensku: þá finnast rúmlega sjö milljónir færslna hjá Bítlunum en tæplega tíu milljónir þegar slegið er inn **Jesus Christ**.

www.toyota.is

CAR OF THE YEAR 2005

Nú er komið annað hljóð í strokkinn:

Þögn...




Verð: 2.630.000 kr.

**Prius - Framtíðin hefst í dag**

HYBRID SYNERGY DRIVE

Forfeður okkar fundu upp hjólið en nú hefur Hybrid-kerfið verið fundið upp: Lykillinn að umhverfisvænum þægindum í akstri. Með Hybrid-kerfinu er Prius bæði knúinn bensínvél og rafmagnsvél. Í hægum akstri og þegar numið er staðar ræður rafmagnsvélin ríkjum. Þetta veldur því að bíllinn er afar hljóðlátur, ótrúlega sparneytinn og með útblástur í lágmarki. Þeir bjartsýnu og framsæknu sjá framtíðina fyrir sér sem veröld þæginda í heilbrigðu umhverfi. **Komdu og reynsluaktu Prius. Hann er framtíðin.**

TODAY TOMORROW TOYOTA

# Brýnt að fylgjast með breytingum

**Jónmundur Kjartansson yfirlögregluþjónn segir stöðugar breytingar á menntun og störfum lögreglunnar. *Súsanna Svavarsdóttir* ræddi við hann um fjölgun lögreglumanna, breytingar í samfélaginu og vopnaleyfi.**

Trommuleikarinn og Bolvíkingurinn Jónmundur Kjartansson söðlaði heldur betur um í lífinu þegar hann yfirgaf hljómsveitina Mímósu í Bolungarvík og gekk til liðs við lögregluna fyrir tæpum 25 árum. Það má segja að popp-hópur Bolvíkinga á þessum árum hafi tvístrast út og suður. Pálmi Gestsson hélt í leiklistarnám, Soffía Vagnsdóttir (ástargúrú) gerðist tónlistarkennari og Hrólfur Vagnsson hélt til Þýskalands í framhaldsnám í harmónikuleik og hefur gert garðinn frægan með spilerí sínu síðan, svo einhverjir séu nefndir. Jónmundur gekk til liðs við lögregluna í Bolungarvík haustið 1980 og starfaði þar sem afleysingamaður þar til hann dreif sig í Lögregluskóla ríkisins, en því námi lauk hann 1986. Ekkert starf var þá laust í heimabyggðinni, þar sem stöðurnar tvær voru setnar og Jónmundur hóf í framhaldi af því störf hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins, eða snemma árs 1987. Spileríið lagði hann á hilluna, eða hvað?

„Ég hætti trommuleiknum," segir Jónmundur, „en hef gutlað á gítar fyrir sjálfan mig, en ég legg það ekki á aðra, nema þá helst vini mína." Þeir sem þekkja Jónmund vita þó að eitthvað er þetta meira en gutl hjá honum. En, eins og siður er mjög hógværra manna, vill hann ekki ræða það neitt frekar.

### Á annað hundrað sækja um 40 stöður

Jónmundur hefur víðtæka reynslu innan lögreglunnar, bæði á landsbyggðinni og á höfuðborgarsvæðinu. Hann er sviðsstjóri sviðs 3 hjá embætti ríkislögreglustjóra, en undir það heyra starfsmanna- og skipulagsmál, auk tölvumála, útgáfu ökuskírteina og áfengiseftirlits- og vopnalagamála. Jónmundur er enn fremur fulltrúi embættisins í valnefnd Lögregluskólans og segir hann mikla aðsókn að skólanum. „Núna síðast sóttu á annað hundrað manns um skólavist, en aðeins tuttugu stöður voru auglýstar. Við tókum inn 32 nemendur eftir að ljóst var að þörfin var meiri en áætlað var í upphafi."

Jónmundur segir að um 40 stöður hafi verið auglýstar á ári hverju undanfarin ár. Ástæðan er sú að mikil endurnýjun hefur orðið í lögreglunni, m.a. vegna 65 ára eftirlaunaaldurs og nýjar stöður komið til á fjárlögum. „Það var skortur á menntuðum lögreglumönnum víða um land og því mikið um að í stöðunum væru afleysingamenn sem höfðu enga lögreglumenntun. Fyrir örfáum árum voru um 70 afleysingamenn án prófs frá Lögregluskólanum við störf á þessum tíma árs, en nú eru þeir um það bil fimmtán. Ástandið í þessum efnum hefur því stórlega batnað og stutt í að allir starfandi lögreglumenn, utan orlofstíma, verði með lögreglumenntun."

### Breytingar í samfélaginu

„Varðandi fjölgun í lögreglunni má nefna að á þessu ári fjölgar um ellefu stöður lögreglumanna í sérsveit ríkislögreglustjórans og sex til átta í almennar stöður hjá öðrum embættum. Sérsveitin var færð frá lögreglunni í Reykjavík til ríkislögreglustjóra á síðasta ári eftir að dómsmálaráðherra ákvað að efla hana verulega og í tengslum við það komi til tíu nýjar stöður lögreglumanna í Reykjavík. Áætlanir sem nú er unnið eftir gera ráð fyrir því að fjölga sérsveitarmönnum úr 18 stöðum í 52 á næstu árum, þ.m.t. sérsveitarmenn á Akureyri og á Keflavíkurflugvelli. Þessi fjölgun styrkir verulega lögregluna í landinu og eykur öryggi borgaranna til muna," segir Jónmundur.

„Flestar breytingar í samfélaginu kalla á breytingar í lögreglunni. Tvær af þeim stöðum sem koma á fjárlögum þessa árs eru til dæmis á Austfjörðum og eru til komnar vegna stóriðjuframkvæmda þar. Lögreglustjórar úti á landi óska gjarnan eftir fleiri stöðum lögreglumanna við gerð fjárlaga og á hverju ári samþykkir Alþingi nokkrar nýjar stöður að tillögu dómsmálaráðherra."

Jónmundur vill ekki meina að fjölgun lögreglumanna sé eingöngu vegna þess að afbrotum sé endilega að fjölga. „Starf lögreglunnar breytist í takt við tímann og því brýnt að við fylgjumst með breytingum sem verða í tengslum við hin ýmsu afbrot. Stöðugildum í efnahagsbrotadeild hefur t.d. verið fjölgað í takt við þetta. Einnig hefur þurft að fylgja þessu eftir með aukinni menntun lögreglumanna, t.d. með sérhæfðum námskeiðum við rannsóknir efnahagsbrota og rannsóknir tölvubrota svo eitthvað sé nefnt. Það er alltaf eitthvað nýtt að gerast í hinni hröðu samfélagsþróun og við verðum ávallt að vera í stakk búin til að mæta því."

### Konum fjölgar

Svið 3 fer með starfsmannamál hjá embætti ríkislögreglustóra að því er varðar skipanir, setningar og ráðningu lögreglumanna. Samkvæmt ákvæðum lögreglulaga skipar dómsmálaráðherra yfir- og aðstoðaryfirlögregluþjóna, en ríkislögreglustjóri aðra lögreglumenn. Í byrjun síðasta árs voru 671 lögreglumaður við störf á öllu landinu, þar af tveir afleysingamenn án prófs frá Lögregluskóla ríkisins. Þessu til viðbótar voru starfandi 80 héraðslögreglumenn og 39 nemar voru við nám í Lögregluskóla ríkisins. Hlutfall kvenna var á þessum tíma 9,75%, en þetta hlutfall hefur farið hækkandi á undanförnum árum, en það var 4,3% um áramótin 1995/1996. Hlutfall kvenna í lögreglu á Íslandi er svipað og í Danmörku, en til samanburðar má nefna að hlutfall kvenna í lögreglu í Danmörku er tæplega 10%, í Noregi 17,1%, í Finnlandi 10,56% og í Svíþjóð 19,4%.

### Vopnaleyfi

Í ársbyrjun 2003 voru verkefni ríkislögreglustjórans á sviði áfengis- og vopnamála færð frá sviði 2 yfir á svið 3. Verkefnið felur í sér vinnu við stefnumörkun og að annast leyfisveitingar og aðra starfsemi sem heyrir undir hlutverk ríkislögreglustjórans samkvæmt áfengis- og vopnalögum. Í því felst meðal annars að samræma vinnureglur fyrir lögregluna í landinu og gefa út leyfi af ýmsum toga samkvæmt áfengis- og vopnalögum. Í sumum tilvikum, þar sem lögreglustjórar annast leyfisveitingar samkvæmt vopnalögum, t.d. þegar sótt er um leyfi fyrir skammbyssu, þarf heimild ríkislögreglustjórans að liggja fyrir áður en leyfi eru gefin út.

„Við veitum starfsleyfi til innflutningsaðila, bæði hvað vopna- og áfengislög varðar og tölvudeildin hjá okkur heldur utan um skotvopnaskrá á landsvísu, en lögregluembættin úti á landi sjá um leyfisveitingar til einstaklinga," segir Jónmundur. Hjá okkur eru líka leyfisveitingar á innflutningi á vopnum og það er í rauninni dálítið merkilegt hvað það er að verða algengt að útlendingar óski eftir því að koma hingað með vopn tímabundið til þess að stunda veiðar. Sem dæmi má nefna að 102 slík leyfi voru gefin út á árinu 2003." ■




**JÓNMUNDUR KJARTANSSON** Fyrir örfáum árum voru um 70 afleysingamenn án prófs frá Lögregluskólanum við störf á þessum tíma árs, en nú eru þeir um það bil fimmtán.

**UNDIR SVIÐ ÞRJÚ HEYRA MEÐAL ANNARS:**

**STARFSMANNAMÁL**
- Starfsmannamál lögreglu
- Málefni er varða nema í Lögregluskóla ríkisins
- Valnefnd
- Skipulagsmál
- Skipulag og uppbygging lögregluliða

**TÖLVUMÁL**
- Netkerfi ríkislögreglustjóra
- Stefnumörkun um landskerfi lögreglu og aðgangsstýringar – umsjón með landskerfum lögreglu og þjónusta við notendur þeirra
- Innranet ríkislögreglustjóra og heimasíða lögreglunnar (lögregluvefurinn)

**ÚTGÁFA ÖKUSKÍRTEINA**
- Umsýsla og samræming í tengslum við miðlæga útgáfu ökuskírteina

**ÁFENGISEFTIRLITS- OG VOPNALAGAMÁL**
- Leyfisveitingar, skipulag og samræming eftirlits lögreglu
- Skotvopnaskrá

VOGEL®
Smurkerfi

rotor
VÉLAMAÐURINN / RÓTOR EHF.
HELLUHRAUNI 4 HAFNAFIRÐI SÍMI 555 4900

**BREYTTUR HEIMUR**

## Barist gegn afturhaldi kirkjunnar

Frá því að kristni náði að festa rætur í Rómarveldi 324 tókst helsta málsvara hennar, kirkjunni, að öðlast mikil völd, hvort sem um var að ræða veraldleg eða andleg.

Á 18.öld spratt hins vegar fram hreyfing sem leyfði sér að efast um kirkjuna og kristnina og taldi hana „illræmda hjátrú sem þyrfti að uppræta," svo vitnað sé til helsta upphafsmanns upplýsingarinnar, franska heimspekingsins Voltaire.

Fram að þessu var mönnum, sem börðust gegn alræði kirkjunnar, varpað í fangelsi eða þeir drepnir. En tímarnir voru að breytast og sú hugmynd að frjálst ríki yrði að vera veraldlegt, óháð valdi kristninnar og kirkjunnar, náði smám saman fram að ganga.

Jesúítareglan, eitt helsta tákn um vald kirkjunnar, var lögð niður á árunum 1764 til 1773 og áhrifamáttur kirkjunnar tók smám saman að dvína og þá ekki síst fyrir framgang Voltaire. Hann, ásamt samverkamönnum sínum, áleit kirkjuna standa í vegi fyrir upplýstum hugmyndum.

Upplýsingin leit þó ekki á sjálfa sig sem byltingarflokk sem myndi hrifsa til sín völdin með ofbeldi, heldur kristallast tilgangur hreyfingarinnar ef til vill best í bréfi Denis Diderot sem hann skrifaði til Voltaire 1762. „Við verðum að sýna að við séum betri en kristnir menn og að vísindin skapi fleiri góða menn en náðin."

Upplýsingin snerist upp í formyrkvun á tímum frönsku byltingarinnar. Þó var það kirkjan sem lifði af þessa mestu árás sem gerð hafði verið að henni. En andstaðan sem upplýsingin hafði boðað hélt velli í evrópskum stjórnmálum. Áhrifamáttar kristninnar gætir þó enn víða í orðfæri stjórnmálamanna. Það er kannski grátbroslegt að það ríki sem byggir á hvað veraldlegastri stjórnarskrá og endurspeglar upplýsinguna best eru Bandaríki Norður – Ameríku þar sem kristið orðfæri er mjög áberandi.



**VOLTAIRE** Taldi kristnina illræmda hjátrú sem þyrfti að uppræta.

**BYGGT Á BÓKINNI** HUGMYNDIR SEM BREYTTU HEIMINUM **SEM KOM ÚT HJÁ EDDU FYRIR SKÖMMU.**

Jazz

HONDA
The Power of Dreams

# Jössuð frumsýning



**Verðlaun**

- Bíll ársins á Íslandi í sínum flokki árið 2003
- Hagkvæmasti bíllinn; Auto Express 2004
- "Best Supermini"; BBC Magazine Awards 2004
- "Best build Quality"; Auto Express 2004

→ Vel búinn 1.4i LS, 5 dyra, 83hö, beinskiptur verð aðeins

**1.499.000** kr.

**15.659** á mánuði*

* Bílasamningur Lýsingar - 30% innborgun og eftirstöðvar á 84 mánuðum

honda.is

Þessi lipri og knái bíll frá Honda er svo rúmgóður og býður upp á svo mikla möguleika að hann er sannkallaður fjölnotabíll en á verði smábíls. Hvort sem þú snattast í innkaupum, ferjar fjölskylduna eða flytur vörur hentar Honda Jazz frábærlega. Honda Jazz býður jassaðan staðalbúnað og lausnir t.d. töfrasæti, 5 gíra beinskiptingu eða 7 þrepa sjálfskiptingu, tölvustýrða loftkælingu, rafdrifnar rúður og spegla, upphitaða spegla og geislaspilara. Og verðið ... meiriháttar jassað. Honda Jazz er einn sparneytnasti bíllinn á markaðnum, kraftmikill og áreiðanlegur – sannkallaður jassgeggjari.
**Komdu og upplifðu þennan frábæra bíl.**

BERNHARD
Vatnagarðar 24-26 • Sími 520 1100
www.bernhard.is

Umboðsaðilar: Bílavík, Reykjanesbær, sími 421 7800 - Bílver, Akranes, sími 431 1985 - Höldur, Akureyri, sími 461 6020 - Bragginn, Vestmannaeyjar, sími 481 1535

HÉR & NÚ / SÍA

# Í pottþéttu sambandi við náttúruna

**Kristbjörg Kristmundsdóttir** komst í kynni við blómadropa fyrir 20 árum. Hún fann strax hvað þeir gerðu mikið kraftaverk og var staðráðin í að læra að búa þá til. Í dag er hún með blómadropaframleiðslu í Vesturbæ Reykjavíkur en innan tíðar munu droparnir hennar koma á markað erlendis. ***Marta María Jónasdóttir*** hitti hana í góðu tómi í vikunni.



**KRISTBJÖRG KRISTMUNDSDÓTTIR** Jógakennari og blómadropakona. Lesa má nánar um dropana á heimasíðu Kristbjargar www.kristbjorg.is.

Kristbjörg Kristmundsdóttir geislar af heilbrigði og þokka. Hún er jógakennari að mennt en síðustu 20 ár hafa blómadropar skipað stórt pláss í hjarta hennar. Í dag býr hún til og framleiðir íslenska blómadropa, sem eru að sögn sérfræðinga, bestu blómadropar í heimi. Þeir hafa að geyma innsta eðli ferskrar og óspilltrar náttúru landsins. Þeir eru framleiddir úr tæru, íslensku vatni hlöðnu tíðni villtra, íslenskra jurta. Jurtirnar eru einungis tíndar fjarri mannabyggð og allri umferð, þar sem þær eru ósnortnar, hreinar og í sínum fulla krafti. Á sumrin dvelur Kristbjörg aðallega uppi um fjöll og firnindi með tjald, prímus og bakpoka að vopni þar sem hún nýtur þess að tína jurtir og njóta samvista við náttúruna. Fyrir þrem árum kom út blómdropasettið Vitund 1. Það inniheldur níu flöskur af blómadropum sem losa m.a. um ótta, kvíða, óöryggi og aðra spennu. Einnig geta þeir stutt við þá þroskaleið sem hver og einn er á.

„Það er hægt að umbreyta veikleikum í persónunni með blómadropum og til þess er Vitund 1 eiginlega hönnuð. Makindalöngun er t.d. eitt sem fer illa með okkur ásamt eigingirni, meðvirkni og fíkn. Allt þetta tilheyrir persónunni og hinu veraldlega lífi á jörðinni. Vitund 1 hjálpar til við að losa um áföll og spennu sem situr í líkama og tilfinningum. Þeir gefa orkuna sem þarf til að koma eðlilegu flæði á aftur og hjálpa fólki að finna jafnvægi, sátt og frið. Þegar við byrjum að taka inn blómadropana hefst ákveðin umbreyting sem styður þroskaferli okkar og við verðum mun meðvitaðri um okkur og líðan okkar," segir Kristbjörg og bætir við að ekki sé ósennilegt að það vakni spurningar hjá fólki þegar það byrjar að taka blómadropana eins og hver er tilgangurinn með lífi mínu og á hvaða grunni byggi ég líf mitt. „Gleðin og umbreytingin hefst þegar við byrjum að taka inn blómadropa. Svörin við lífsgátunni liggja hið innra en til að finna þau þurfum við oft að greiða úr kaos tilfinninga og hugsana til að heyra svörin. Það er svo merkilegt að lífið skaffar svo alltaf þær aðstæður sem þarf til að vaxa og blómstra."

### Himnasending

Kristbjörg var rúmlega tvítug þegar hún kynntist blómadropunum. Á þeim tímapunkti voru erfiðleikar í lífi hennar. Hún var ung bóndakona með tvö lítil börn og undir miklu vinnuálagi. „Þegar við fluttum í sveitina vantaði nánast allt. Þar voru ekki girðingar, nánast engin tún, húsið lak og var óíbúðarhæft og útihús nánast ónothæf. Það þurfti að gera ALLT. Ég var orðin mjög þreytt og eiginlega þunglynd af vinnuálagi þegar systir mín benti mér á að leita til konu sem vissi allt um blómadropa," segir hún og rifjar upp hvernig henni leið meðan blómadropakonan, Helga Mogensen, var að blanda dropa handa henni. „Ég hugsaði með mér að hún væri ekki með öllum mjalla að halda að þetta „sull" myndi hjálpa mér. Um leið og ég var búin að taka inn fyrstu blómadropana fann ég strax hvað þetta gerði mér gott. Ég hélt því áfram að taka dropana. Þetta var að vori til en um sumarið kom Helga til mín í sveitina ásamt Lindu Konráðsdóttur og við lögðumst yfir blómadropapælingar. Ég var staðráðin í að læra að búa þá til því á þessum tíma var ekki hlaupið að því að flytja inn blómadropa. Þeir voru bannaðir með lögum, því ríkið hafði einkaleyfi á að flytja inn áfengi, það var of mikið áfengi í þeim til að hægt væri að flytja þá inn," segir Kristbjörg og brosir út í annað. Þetta sumar byrjuðu þær stöllur að búa til blómadropa úr lerki og álmi sem þær fundu á Hallormsstað. „Þessir dropar voru svo magnaðir og við vorum ekki lengi að finna út úr því að þeir voru miklu betri en þeir bresku sem stelpurnar höfðu verið að nota." Þetta gerði það að verkum að Kristbjörg og vinkonur hennar fóru að prófa sig áfram. „Ég endaði þó alltaf á því að búa til mest af dropunum því Helga og Linda stoppuðu kannski bara í viku í sveitinni hjá mér. Stundum kom það fyrir að það rigndi allan tímann og þá var ekkert hægt að tína. Svo þarf að tína hverja jurt á réttum tíma líka." Síðan fjaraði samstarf þeirra út en Kristbjörg hélt áfram að þróa dropana.

### Unnið með æðri huga

Um þessar mundir er Kristbjörg að undirbúa sölu nýrra blómadropa, bæði úr einstökum jurtum og Vitund 2. Í þeim er unnið með æðri huga, tilfinningar og sálartenginguna til eflingar á sálarljósinu. Þá opnast fyrir óhindrað flæði frá sálinni ofan í eða í gegnum persónuna og sálarljósið nær að skína skært í gegnum okkur. „Það er svo merkilegt við dropana að ég hef verið leidd áfram með þá. Þegar ég tíni jurtirnar næ ég svo góðu sambandi við þær að við nánast tölum saman. Ég nota skynjunina og finn út hvað hver jurt gerir. Yfirleitt er ég með blað og penna með mér þegar ég tíni jurtir og skrifa þessar upplýsingar niður. Í dag á ég fullt af upplýsingum um íslenskar jurtir sem ég hef safnað saman. Landið okkar er svo lifandi og því miður er það bara brotabrot af þjóðinni sem tengist því og sér það. Um leið og ég fer út í náttúruna fer allt að klikka inn," segir Kristbjörg sem er sannfærð um að hún hafi átt að feta þessa braut.



„Mér var gefið það að vera í sambandi við náttúruna. Ég á að vinna með þetta, en ég er bara nýbúin að samþykkja það. Nú er ég búin að átta mig á því að blómadroparnir eiga að fara út í heim, því íslensk náttúra er kraftmeiri en allt annað," segir hún. Aðspurð um það hvort fólk sé almennt að taka þessum pælingum vel segir hún svo vera og fólk sé mun opnara núna en fyrir 20 árum. „Í dag er mun auðveldara að útskýra blómadropana fyrir fólki, en það er kannski líka vegna þess að ég skil þá betur sjálf," segir hún og hlær. En betur má ef duga skal og draumur Kristbjargar er að kynna blómadropana betur með skrifum í eitthvert vel valið blað. Boðskapurinn er einnig fljótur að berast út á námskeiðum hennar sem hún heldur bæði fyrir „venjulegt" fólk og fyrir þá sem vilja nota blómadropa í þerapíum sínum. Hún er t.d. að hefja blómadropaþerapistanám næstu helgi. Í dag standa yfir viðræður um að flytja blómadropana út til Bandaríkjanna og til Evrópu. Blómadropaævintýrið er því bara rétt að byrja. ■


Birta er komin út!



Einkaviðtal við Svövu Johansen

**Annað efni:**

» 16 síðna sérblað um tísku
» Íslenskir skuldafíklar
» Persónuleikapróf og stjörnuspá
» Öflugasta sjónvarpsdagskrá landsins

birta
MEST LESNA TÍMARIT LANDSINS


**ÁHRIFAVALDUR Í LÍFI MÍNU** BENEDIKT ERLINGSSON LEIKSTJÓRI OG LEIKARI

## Yfir prófessornum er lítill Kristur



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Pólski prófessorinn Marek Kostrzewski hafði mikil áhrif á mig og afstöðu mína til leikara og textahöfunda. Marek er mikill mentor og kynnti mig fyrir öðrum áhrifavaldi, leikskáldinu Strindberg. Hann leikstýrði okkur krökkunum í Nemendaleikhúsinu á sínum tíma, þar sem við sýndum gríska harmleiki í fjóra tíma í ellefu stiga kulda í Héðinshúsinu. Gamlar konur sem sátu undir þessum harmleikjum á general-prufunni urðu svo veikar að sitja í köldu og óeinangruðu húsinu að þær dóu skömmu seinna. Við kynntumst því snemma að leiklistin kostar fórnir.

Seinna varð ég samkennari Mareks í leiklistarskólanum í Málmey. Hann er menntaður kvikmyndagerðarmaður úr sama skóla og Roman Polanski, Krzysztof Kieslowski, Þrándur Thoroddsen og Árni Páll Jóhannsson. Var pólitískur flóttamaður áður en páfinn bjargaði Pólverjum. Hann er svolítið brjálaður maður. Eitt sinn vildi hann sanna fyrir okkur að einræða væri mannskepnunni eðlileg hegðun. Til að sanna það fékk hann lánað úr meðan hann sendi eigandann út úr herberginu. Þá henti hann úrinu út um glugga á sjöttu hæð og kallaði því næst eigandann aftur inn til að leita úrsins í herberginu. Eftir tuttugu mínútna leit var sá farinn að tala við sjálfan sig í bullandi einræðu, eða þegar heilinn skildi ekki veruleikann.

Þetta lýsir Marek vel. Hann gerir aðstæður einfaldar og tekur burt alla dulúð, kryfur hluti og vinnur þannig að maður skilur og skilur í sundur. Maður sat undir Habsborgarmenningu hjá Marek og fann vel djúsinn sem bjó á bak við. Hann hefur óskaplega auðmjúka afstöðu í samskiptum en maður skilur fljótt virði hans og stöðu sem vex án þess að hann geri nokkuð til þess.

Í bréfi til dóttur sinnar sagði hann tvær tegundir fólks í heiminum: neytendur og framleiðendur. Bað hana af fremsta megni að vera framleiðandi, gefandi en ekki bara þiggjandi. Sú áskorun höfðar til mín og Marek lifir í henni sjálfur, er ekki bara orðin tóm. Hann er í raun Tolstoj-fígúra. Yfir honum er lítill Kristur.



**PRÓFESSORINN MAREK KOSTRZEWSKI** Hefur lag á að afhjúpa leyndardóma og skýra afstöðu hlutanna.

thordis@frettabladid.is




**Velkomin á athyglisverða sýningu.**

Samband íslenskra auglýsingastofa býður þér á sýningu á auglýsingahugmyndum í Listasafni Reykjavíkur. Á sýningunni eru tillögur að auglýsingum sem íslenskt auglýsingafólk hefur gert fyrir samkeppnina **Þögnin rofin.** Dómnefnd skipuð enskum auglýsingasérfræðingum valdi verðlaunaauglýsingarnar.

Vandamál þrífast best í þögn og oft er fyrsta skrefið, að leita sér hjálpar, það erfiðasta. Auglýsingunum á **Þögnin rofin** er ætlað að hjálpa fólki sem er einangrað með vanda sinn að taka þetta fyrsta skref.

**Sýningin er opin 9.–14. apríl. Aðeins þessi eina sýningarhelgi!**

sía samband íslenskra auglýsingastofa

Síminn

Síminn er helsti samstarfsaðili SÍA í verkefninu Þögnin rofin

SÍA - Samband íslenskra auglýsingastofa í samvinnu við ÍMARK, SAU, Gallup og Nordicphotos

# Óhefðbundnir og framsæknir

*Tinna Gunnarsdóttir* hönnuður fjallar um nýjustu sköpunarverk **Bouroullec-bræðra**. Þeir voru heiðursgestir á árlegri húsgagnasýningu í Stokkhólmi og hönnuðu setustofu í risavöxnu anddyri sýningarhallarinnar.

Frönsku bræðurnir Ronan og Erwan Bouroullec voru heiðursgestir á hinni árlegu húsgagnasýningu í Stokkhólmi í febrúar síðastliðnum. Af því tilefni hönnuðu þeir setustofu í risavöxnu anddyri sýningarhallarinnar í Älvsjö sem er rétt suður af Stokkhólmi. Í verkið notuðu þeir eingöngu eigin hönnun, veggjakerfi, húsgögn, blómapotta, skjalamöppur, teppi, gólfdúka, leirtau og fleira.

Bræðurnir, sem fæddir eru á Bretagneskaga í Frakklandi 1971 og 1976, hafa unnið saman frá árinu 1998. Á þeim skamma tíma hafa þeir unnið til fjölda franskra og alþjóðlegra verðlauna og unnið með fjölbreyttum fyrirtækjum allt frá litlum frönskum fyrirtækjum upp í heimsþekkt fyrirtæki á borð við ítalska húsgagnaframleiðandann Cappellini, japanska tískujöfurinn Issey Miyake og hið virta svissneska fyrirtæki Vitra, svo eitthvað sé nefnt.

Það sem einkennir einna helst verk bræðranna er annars vegar ljóðræna og hins vegar nýjungar í efnisnotkun. Sem dæmi má nefna fjöldann allan af sérkennilegum blómavösum og alls kyns verk sem afmarka rými á óhefðbundinn hátt.

**Legóveggir**

Á fyrrnefndri sýningu sýndu bræðurnir meðal annars tvö splunkuný veggja- eða skilrúmakerfi sem Vitra framleiðir. Um er að ræða algjöra nýjung í þessum efnum, þar sem veggjakerfinu er púslað saman líkt og legókúbbum úr smáum plasteiningum. Annarsvegar er formið nokkuð kantað (Twigs) og hangir flatt eins og gardína, en í hinu tilvikinu (Algues) er um lífrænt form að ræða sem má móta á mjög svo lífrænan hátt þannig að úr verður einhverskonar plöntulaga gegnsær veggur og jafnvel þak samansett úr fjöldanum öllum af samskonar litlum plasteiningum.

Hver eining í Algues veggjakerfinu er 27 cm x 23 x 4 cm að stærð með 19 litlum hringlaga augum á enda hverrar greinar sem smellast hvert inn í annað. Þegar einingarnar púslast saman fara þær að minna á klifurjurt sem getur vaxið allt að því endalaust. Áhrifin eru einmitt sótt til trágróðurs, ekki síst þess hvernig hann hleypir birtu í gegnum sig. Hægt er að raða einingunum þétt saman eða láta lofta meira um hverja og eina. Um er að ræða vöru þar sem notandinn hefur tækifæri að móta eftir eigin höfði og er þar með virkur þátttakandi í hönnunarferlinu.

Einingarnar, sem eru úr plasti, fást í svörtu og hvítu auk þriggja tóna af rauðu og grænu. Þær eru seldar sex og sex saman eða í stærri pakkningum fyrir stærri verkefni. Veggjakerfið fæst eingöngu hjá löggiltum umboðsaðilum Vitra og í safnabúð Vitra í Suður-Þýskalandi, nánar tiltekið í Weil am Rhein en þar er Vitra með höfuðstöðvar sínar. Þar er einnig stólasafn Vitra sem og sýningarsalur fyrir tímabundnar sýningar í áhugaverðum húsakynnum sem ameríski arkitektinn Frank Gehry hannaði. ■



Algues-eining úr steyptu plasti. Framleiðandi Vitra (2004).

MYND: MAGNUS SKOGLÖF

Frá setustofu þeirra Bouroullec-bræðra á húsgagnasýningu í Stokkhólmi í febrúar síðastliðnum.



Ronan og Erwan Bouroullec.



MYND: RONAN BOUROULLEC

Innsetning úr Twigs og Algue plasteiningum.



MYND: MAGNUS SKOGLÖF

Twigs-kerfið er kantaðra en Algues og púslast saman á annan hátt þar sem stálteinum er smeygt inn í göt sitt á hvorum enda einingarinnar.


**Þjónustuíbúðir fyrir 60 ára og eldri við Hrafnistu Hafnarfirði**

Við Hrafnistu Hafnarfirði að Hraunvangi 1-3 eru glæsilegar íbúðir fyrir 60 ára og eldri. Um er að ræða 64 leiguíbúðir auk bílgeymslu í tveim fjölbýlishúsum sem eru sérhannaðar með þarfir eldri borgara í huga, þannig að þeir geti verið sem lengst á eigin vegum og losni við viðhald húsnæðisins. Húsin standa á fallegum stað hjá Hrafnistu. Hægt er að fá keypta þaðan ýmiss konar þjónustu s.s. aðgang að neyðarhnöppum, mat, aðgang að félagsstarfi, sund ,leikfimi, aðgang að púttvelli, hár og fótsnyrtingu o.fl.. Íbúðirnar eru boðnar til leigu, auk leigu er greitt fyrir 30% afnotarétt og er sú greiðsla verðtryggð og er endurgreidd við flutning skv. nánari reglum. Leigjendur geta fengið húsaleigubætur skv. gildandi reglum.

**Lausar eru tvær tveggja herbergja íbúðir. Nú er markaðsverð á fasteignum óvenju hátt. Er ekki rétti tíminn til að losa um fé að skipta um húsnæði og fara í leiguhúsnæði í vernduðu umhverfi, samhliða því sparast einnig fasteignagjöld og viðhald.**

**Þeir sem vilja láta skrá sig á biðlista eftir íbúð eða vilja fá frekari upplýsingar vegna íbúðanna hafi samband við skrifstofu Sjómannadagsráðs alla virka daga frá kl. 8-16 í síma 585-9301/585-9500, fax 585-9308 , skoði vef Hrafnistu, *www.hrafnista.is* eða sendi E-mail á netfangið *asgeir@hrafnista.is***

Sjómannadagsráð



**Íbúðirnar eru leiguíbúðir fyrir 60 ára og eldri.**

**Íbúarnir geta fengið keypta ýmiss konar þjónustu frá Hrafnistu í Hafnarfirði.**







# VORHÁTÍÐ KFUM OG KFUK

# SUMARBÚÐIR Í SMÁRALIND







**Komdu í Smáralind í dag og kynntu þér starfið í sumarbúðum KFUM og KFUK í sumar.**

Við verðum með frábæra dagskrá með fullt af skemmtiatriðum og miklu fjöri frá kl. 13-16.

Skráning í sumarbúðirnar hefst í dag, **9. apríl, kl. 12** í Vetrargarðinum í Smáralind.

## NYLON BÚDRÝGINDI o.fl.



**HÓLAVATN KALDÁRSEL VATNASKÓGUR VINDÁSHLÍÐ ÖLVER LEIKJANÁMSKEIÐ**



**Aðal leikur dagsins**

**Stríð í Stykkishólmi**

Keflavík getur tryggt sér Íslandsmeistaratitilinn í körfubolta karla þriðja árið í röð ef liðið ber sigurorð af Snæfelli í Stykkishólmi í dag í fjórða leik liðanna í lokaúrslitum. Fyrstu þrír leikir liðanna hafa verið mjög harðir og má búast við sannkölluðu stríði í Stykkishólmi í dag.

# sport

sport@frettabladid.is

**NÝLIÐAR HATTAR Í INTERSPORTDEILDINNI Í KÖRFUBOLTA :** DEYJA EKKI RÁÐALAUSIR

## *Auglýstu eftir mönnum á spjallborði*

„Höttur í úrvalsdeild í fyrsta sinn – erum að leita að leikmönnum," segir á spjallborði sport.is. Það er ekki á hverjum degi sem að lið sést auglýsa eftir liðsauka með þessum hætti en að sögn Björgvins Karls Gunnarssonar, fyrirliða Hattar, þótti tilvalið að bregða á þetta ráð. „Það er oft sem kemur eitthvað út úr svona auglýsingu, þó svo að það sé misjafnt," sagði Björgvin, hæstánægður með að vera orðinn úrvalsdeildarleikmaður að nýju en hann lék á sínum tíma með ÍA og Skallagrími. „Stefnan hjá okkur er að halda okkur uppi í deildinni. Það er númer eitt, tvö og þrjú. Allt annað er plús fyrir okkur."

Björgvin Karl og félagar eru staðráðnir í því að búa til öflugt körfuboltavígi fyrir austan. „Við erum búnir að sýna það að við getum gert góða hluti. Við erum með frábæran heimavöll, atvinnumál hér eru í góðum farvegi og við viljum dreifa körfuboltanum út til fjarðanna hér í nágrenninu. Áhuginn fyrir körfuboltanum fer strax vaxandi og það voru 700 manns á síðasta heimaleik. Næsta lið við okkur sem hefur komið upp er Þór á Akureyri þannig að þetta er algjört einsdæmi."

Höttur hefur haldið út liði í deildarkeppni í körfubolta í 20 ár en að öðru leyti hefur ekki farið mikið fyrir íþróttinni þar eystra. „Seyðfirðingar, Reyðfirðingar og fleiri nágrannar hafa verið að mæta á leiki og eru nemendur úr menntaskólanum þar mjög áberandi. Við sjáum því fram á mikinn uppgang í kringum körfuboltann," sagði Björgvin Karl, fyrirliði Hattar.



### > Við gleðjumst yfir því ...



... að kylfingurinn Ólöf María Jónsdóttur skuli hafa komist í gegnum niðurskurðinn á Kanaríeyjum í gær. Ólöf María á heima meðal þeirra besta og hún er að sanna það með þessum frábæra árangri í sínu fyrsta móti á Evrópumótaröðinni.

### > Við hrósum ...



... handknattleiksliðinu Fram sem sýndi frábæran karakter með því að jafna einvígið gegn ÍBV í gær en þeir urðu fyrir miklu áfalli í fyrri leiknum en rifu sig upp í gær með eftirminnilegum hætti.

# Frábær árangur hjá Ólöfu Maríu

**Kylfingurinn Ólöf María Jónsdóttir úr GK gerði sér lítið fyrir og komst í gegnum niðurskurðinn á Evrópumóti í golfi sem fram fer á Kanaríeyjum. Hún lék verulega gott golf í gær.**

**GOLF** Ólöf María Jónsdóttir heldur áfram að skrá nafn sitt í íslenska golfsögu en hún gerði sér lítið fyrir og komst í gegnum niðurskurðinn á Evrópumótinu sem fram fer á Tenerife.

Ólöf María lék fyrsta hringinn á 76 höggum, eða fjórum höggum yfir pari, en mun betur gekk í gær. Þá kom hún í hús á 70 höggum, eða tveim undir pari og sá árangur nægði henni til þess að komast áfram.

**Aðeins einn skolli**

Samkvæmt vef Víkurfrétta fékk Ólöf María aðeins einn skolla á hringnum, þrjú fugla og 14 pör. Hún var mjög óheppin með púttinn og litlu mátti muna að fuglarnir hefðu verið mun fleiri en þeir urðu. Ólöf María er í 40.-47. sæti á mótinu en alls komust 62 kylfingar áfram.



**EINBEITT** Ólöf María sést hér í sólinni á Kanaríeyjum í gær. Hún stóð sig frábærlega og komst áfram í mótinu.
MYND/VÍKURFRÉTTIR

**Mjög sátt**

„Ég er mjög sátt við hringinn í dag. Ég kom mér aldrei í nein vandræði eins og í gær. Ég var að hitta brautir vel og var að spila eins og ég hef verið að gera undanfarið og það kom mér í raun ekkert á óvart hvernig ég spilaði í dag. Ég hefði reyndar viljað fá fleiri pútt fyrir fugli," sagði Ólöf María í samtali við Víkurfréttir en verulega spennandi verður að fylgjast með gengi stúlkunnar um helgina.

- hbg

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**APRÍL**

5 6 7 **9** 10 11 12

**Laugardagur**

### LEIKIR

- 13.15 **Keflavík** og **HK** mætast í Reykjaneshöllinni í 2. riðli A-deildar deildarbikars karla í fótbolta.
- 14.00 **Snæfell** og **Keflavík** mætast í Stykkishólmi í lokaúrslitum Intersportdeildar karla í körfubolta.
- 14.05 **ÍBV** og **Breiðablik** mætast í Fífunni í A-deild deildarbikars kvenna í fótbolta.
- 15.15 **Völsungur** og **Þróttur R.** mætast í 2. riðli A-deildar deildarbikars karla í fótbolta.
- 16.15 **Valur** og **HK** mætast í Valsheimilinu í úrslitakeppni DHL-deildar karla í handbolta.

### SJÓNVARP

- 09.50 **Bandaríska Masters-mótið í golfi** á Sýn. Útsending frá öðrum keppnisdegi á **bandaríska Masters-mótinu** í golfi.
- 12.50 **Bandaríska Masters-mótið í golfi** á Sýn. Upprifjun frá **bandaríska Masters-mótinu** í golfi sem fram fór í fyrra.
- 13.00 **Upphitun** á Skjá einum. Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni í fótbolta.
- 13.45 **Intersportdeildin í körfubolta** á Sýn. Bein útsending frá leik **Snæfells** og **Keflavíkur** í Intersportdeild karla í körfubolta.
- 14.00 **Enski boltinn** á Skjá einum. Bein útsending frá leik **Chelsea** og **Birmingham** í ensku úrvalsdeildinni í fótbolta.
- 14.05 **Skíðamót Íslands** á Sýn. Endurtekinn þáttur.
- 15.30 **Bandaríska mótaröðin í golfi** á Sýn. Þáttur þar sem farið er á bak við tjöldin á bandarísku mótaröðinni í golfi.
- 15.45 **Handboltakvöld** á RÚV. Endurtekinn þáttur.
- 16.00 **Motorworld** á Sýn.
- 16.10 **DHL-deildin í handbolta** á RÚV. Bein útsending frá leik **Vals** og **HK** í úrslitakeppni DHL-deildar karla í handbolta.
- 16.10 **Enski boltinn** á Skjá einum. Bein útsending frá leik **Norwich** og **Manchester United** í ensku úrvalsdeildinni í fótbolta.
- 16.30 **Fótbolti um víða veröld** á Sýn.
- 16.55 **World Supercross** á Sýn.
- 17.50 **Spænski boltinn** á Sýn. Bein útsending frá leik **Numancia** og **Atletico Madrid** í spænsku 1. deildinni í fótbolta.
- 19.55 **Bandaríska Masters-mótið** á Sýn. Bein útsending frá þriðja keppnisdegi **bandaríska Masters-mótinu** í golfi.
- 23.00 **Hnefaleikar** á Sýn. Útsending frá bardaga **Miguel Antonio Barrera** og **Manny Pacquiao**.
- 02.00 **Hnefaleikar** á Sýn. Bein útsending frá bardaga **Miguel Antonio Barrera** og **Mzonke Fana**.








**STÓRLEIKUR HJÁ JÓNI** Framarinn Jón B. Pétursson fór á kostum í Safamýrinni í gær og skoraði 14 mörk í öllum regnbogans litum.
FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Fram og ÍBV þurfa að mætast í oddaleik í Eyjum:

# Annar maraþonleikur

**HANDBOLTI** Það staðfestist í gær að munurinn á handknattleiksliðum Fram og ÍBV er mjög lítill en annan leikinn í röð þurfti að framlengja hjá liðunum. Síðast þurfti tvær framlengingar og tvær vítakeppnir til að knýja fram úrslit en að þessu sinni létu liðin sér eina framlenginguna nægja.

Það voru Framarar sem reyndust sterkari að þessu og sigruðu 31-30 en staðan eftir venjulegan leiktíma var 27-27. Leikurinn var mjög sveiflukenndur en Framarar voru ávallt skrefi á undan. Þeir hefðu getað tryggt sér sigur í venjulegum leiktíma en nýttu síðustu sókn leiksins illa.

Hetja heimamanna var leikstjórnandinn Jón B. Pétursson sem skoraði 14 mörk og þar af sigurmarkið. Þá tók hann frákast af eina vítakastinu sem hann klúðraði í leiknum og skoraði. Eyjamenn fengu tæpa mínútu til að jafna en skot fyrirliðans Sigurðar Bragasonar fór yfir markið. Hann var eitthvað óhress í kjölfarið og lét reiði sína bitna á Framaranum Þorra B. Gunnarssyni en uppskar lítið annað en rautt spjald.

Mátti liltu muna að upp úr syði í kjölfarið en leikurinn var skakkaður áður en slagsmál hófust. Liðin þurfa því að mætast þriðja sinni og það má svo sannarlega búast við miklu fjöri í oddaleiknum sem fram fer í Eyjum. - hbg

### LEIKIR GÆRDAGSINS

*DHL-deild karla*

| FRAM–ÍBV | 31–30 |
|---|---|

**Mörk Fram (skot):** Jón Björgvin Pétursson 14/7 (17/8), Stefán Baldvin Stefánsson 5 (7), Hjálmar Vilhjálmsson 5 (14), Arnar Sæþórsson 3 (4), Guðjón Drengsson 1 (2), Þorri B. Gunnarsson 1 (4), Guðlaugur Arnarsson 1 (2), Jóhann G. Einarsson 1 (1).
**Varin skot:** Egidius Petkevicius 16/3.
**Mörk ÍBV (skot):** Samúel Ívar Árnason 12/6 (20/8), Tite Kalandadze 7 (10), Sigurður Ari Stefánsson 5 (9), Kári Kristjánsson 2 (3), Zoltan Belanyi 2 (4/1), Svavar Vignisson 1 (1), Sigurður Bragason 1 (3).
**Varin skot:** Roland Valur Eradze 22.
***Staðan*** *er 1–1 í einvíginu.*



**ALAN SHEARER** Fagnar hér ellefta marki sínu í UEFA-keppninni í ár gegn Sporting Lissabon á fimmtudaginn.

Alan Shearer:

# Ellefu mörk í Evrópu

**FÓTBOLTI** Alan Shearer, framherjinn snjalli hjá Newcastle, sem skoraði sigurmark liðsins gegn Sporting Lissabon í fyrri leik liðanna í átta liða úrslitum UEFA-keppninnar á fimmtudagskvöldið hefur nú skorað ellefu mörk í keppninni í ár.

Hann er langmarkahæstur leikmanna í keppninni í ár og hefur skorað þremur mörkum meira en Brasilíumaðurinn Liedson hjá Sporting Lissabon. Shearer á einnig möguleika á því að verða sá leikmaður sem skorar flest mörk á einu tímabili í UEFA-keppninni en metið á Þjóðverjinn Jürgen Klinsmann sem skoraði fimmtán mörk fyrir Bayern München tímabilið 1995-1996.

Shearer vantar aðeins fjögur mörk til að jafna Klinsmann en ef allt gengur að óskum hjá Newcastle þá ætti hann að eiga fjóra leiki eftir, svo framarlega sem liðið kemst í úrslitaleikinn. ■



**MUNAR UM HANN** Nick Bradfiord hefur reyndar aðeins hvílt í 4 mínútur og 31 sekúndu en þeim tíma hafa Keflvíkingar tapað með 5 stigum, 7-12.

Lokaúrslit körfuboltans:

# Munar mest um Bradford og Hlyn

**KÖRFUBOLTI** Það munar mestu um þá Nick Bradford hjá Keflavík og Hlyn Bæringsson hjá Snæfelli í fyrstu þremur leikjum úrslitaeinvígis Keflavíkur og Snæfells. Þetta kemur í ljós þegar gengi liða þeirra er skoðað þegar þeir eru inná eða útaf vellinum.

Það munar þannig 24 stigum fyrir gengi Keflavíkurliðsins hvort Nick Bradford sé inni á vellinum og 22 stigum fyrir Snæfellsliðið hvort Hlynur Bæringsson sé inná eða á bekknum. Nick Bradford hefur reyndar aðeins hvílt í 4 mínútur og 31 sekúndu en þeim kafla hafa Keflvíkingar tapað með 5 stigum, 7-12. Snæfellingar hafa tapað þeim 24 mínútum og 35 sekúndum sem Hlynur hefur hvílt með heilum 18 stigum, 48-66.

Hlynur hefur verið algjörlega ómissandi fyrir Snæfell í síðustu tveimur leikjum sem hafa verið jafnir og æsispennandi. Hlynur hefur spilað í 65 mínútur og 21 sekúndu í tveimur síðustu leikjum og þann tíma hefur Snæfellsliðið unnið með 16 stigum, 153-137 en hefur aftur móti tapað þeim 14 mínútum og 39 sekúndum sem liðið hefur verið án hans með heilum 15 stigum, 27-42.

**MUNAR MEST UM ÞESSA:**

| | |
|---|---|
| Nick Bradford, Keflavík | 24 |
| | **(Með:+19 Án:-5)** |
| Hlynur Bæringsson, Snæfelli | 22 |
| | **(Með:+4 Án:-18)** |
| Anthony Glover, Keflavík | 16 |
| | **(Með:+15 Án:-1)** |

# Martröð markahróksins mikla

Hollenski framherjinn Ruud van Nistelrooy hefur ekki skorað í sjö leikjum í röð fyrir Manchester United sem er lengsta tímabil hans án marka síðan hann gekk til liðs við félagið sumarið 2001.

**FÓTBOLTI** Ruud van Nistelrooy skoraði 110 mörk fyrir Manchester United fyrstu þrjú tímabilin hjá liðinu. Í ár hefur hann aðeins skorað tólf mörk, það síðasta gegn West Brom í úrvalsdeildinni í nóvember. Meiðsli á nára og hæl hafa gert það að verkum að hann hefur misst mikið úr en síðan hann kom til baka eftir meiðsli hefur honum ekki tekist að skora í sjö leikjum í röð.

Hann er nú að ganga í gegnum lengsta tímabil sitt hjá United án þess að skora en van Nistelrooy hefur sjálfur trú á því að hann geti bundið enda á markalausu martröðina. Því til staðfestingar bendir hann á að hann skoraði mark fyrir hollenska landsliðið gegn Armeníu fyrir skömmu en það sýnir að hann er ekki dauður úr öllum æðum enn.

„Það var gott að skora markið fyrir Holland í undankeppni HM en fyrir mig persónulega skiptir mestu að komast aftur á skrið með félagi mínu. Það er það sem ég hef í huga. Ég hef áður verið í þessari stöðu og veit að það mikilvægasta fyrir mig er að þekkja styrkleika minn, spila á honum og halda ró minni," sagði van Nistelrooy.

Hann nýtur enn mikils stuðnings meðal stuðningsmanna liðsins og hann sagðist gjarnan vilja endurgjalda þeim stuðninginn. "Það er frábært að hafa stuðningsmennina á bak við sig en ég vil gefa þeim það sem þeir hafa gefið mér. Ég get endurgoldið þeim með góðri frammistöðu og mörkum – þannig hefur það alltaf verið."

Alex Ferguson, knattspyrnustjóri Manchester United, viðurkennir að hafa látið van Nistelrooy byrja að spila of snemma og að sú ákvörðun hans hafi ekki borgað sig. „Hann byrjaði að spila of snemma og hefði sennilega þurft nokkrar vikur til viðbótar til að jafna sig," sagði Ferguson en hann lét van Nistelrooy koma inn á sem varamann í fyrri leiknum gegn AC Milan í meistaradeildinni. United datt út og van Nistelrooy komst aldrei í takt við leikinn. „Við vorum að spila á móti AC Milan og þegar mið er tekið af því hversu mikið Ruud hefur skorað í meistaradeildinni þá átti ég engan annan kost," sagði Ferguson sem þarf að gera upp við sig hvort hann heldur tryggð við van Nistelrooy eða kallar á Alan Smith eða Louis Saha í hans stað í leiknum gegn Norwich í dag og lætur þá spila við hlið Wayne Rooney sem virðist vera öruggur í liðið.

oskar@frettabladid.is

**7 LEIKIR RUUDS ÁN MARKA**

| | |
|---|---|
| Man. Utd-AC Milan | 0–1 |
| **Man. Utd-Portsmouth** | **2–1** |
| C. Palace-Man. Utd | 0–0 |
| **AC Milan-Man. Utd** | **1–0** |
| Southampton-Man. Utd | 0–4 |
| **Man. Utd-Fulham** | **1–0** |
| Man. Utd-Blackburn | 0–0 |




**RUUD VAN NISTELROOY** Hefur ekki skorað í þeim sjö leikjum sem hann hefur spilað með United síðan hann kom eftir meiðsli.

Óskar Bjarni Óskarsson, þjálfari Vals, um HK-leikinn:

# Leiðin liggur bara upp á við hjá okkur

**HANDBOLTI** Valur og HK mætast í oddaleik í Valsheimilinu í dag í átta liða úrslitum DHL-deildar karla í handbolta. Valsmenn unnu fyrsta leikinn með einu marki, 26-25, en HK sneri blaðinu við í Digranesi á fimmtudagskvöldið með öruggum sex marka sigri, 34-28.

Óskar Bjarni Óskarsson, þjálfari Valsmanna, sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að hann væri bjartsýnn fyrir leikinn í dag því að leiðin gæti aðeins legið upp á við hjá hans mönnum. „Við getum bætt okkur verulega á öllum sviðum og eigum heilmikið inni hvað varðar varnarleik, markvörslu, sóknarleik og frammistöðu lykilmanna. Varnarleikurinn sem við buðum upp á var ömurlegur og algjörlega úr takt við það sem við höfum sýnt að undanförnu. Það er gömul tugga en þetta byrjar allt á vörninni og ef við höfum hana í lagi þá verður allt hitt auðveldara. Þetta hafa verið stórskemmtilegir leikir tveggja jafnra liða en það er mín tilfinning að þetta ráðist á heimavellinum. Með þessu er ég auðvitað að spá okkur sigri en ég veit að það verður ekki auðvelt. Við eigum hins vegar bara svo mikið inni, menn eins og Baldvin Þorsteinsson og Heimir Örn Árnason eiga eftir að koma upp og því get ég ekki annað en verið bjartsýnn," sagði Óskar Bjarni.

Björgvin Páll Gústavsson, markvörður HK, hefur reynst Valsmönnum erfiður í tveimur fyrstu leikjunum og Óskar Bjarni segir það ekki koma sér á óvart. „Hann er frábær markvörður og hefur sýnt það ítrekað upp á síðkastið. Hann stóð sig gríðarlega vel með U-20 ára landsliðinu um páskana og hefur varið vel núna. Hann hefur sýnt það að hann þolir pressuna sem fylgir því að spila í úrslitakeppninni en við munum finna leið framhjá honum í þessum leik," sagði Óskar Bjarni.

oskar@frettabladid.is




**ERFIÐUR LJÁR Í ÞÚFU** Björgvin Páll Gústavsson, markvörður HK, hefur leikið Valsmenn grátt í tveimur leikjum liðanna í úrslitakeppninni. Hann hefur varið 45 skot og fimm af átta vítum sem hann hefur fengið á sig.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



MICHAEL BALLACK Leikmenn Chelsea telja hann vera leikara af guðs náð.

Eiður Smári Guðjohnsen:

## Leikaraskapur hjá Ballack

FÓTBOLTI Leikmenn Chelsea eru ósáttir við framkomu þýska landsliðsmannsins Michael Ballack hjá Bayern München en þeir telja að hann hafi fengið vítaspyrnu á lokamínútu leiks Chelsea og Bayern München í meistaradeildinni á miðvikudaginn á óheiðarlegan hátt. Ballack skoraði sjálfur annað mark Bæjara úr spyrnunni en leikmenn Chelsea segja að hann hafi fallið í teignum án þess að komið væri við hann.

John Terry, fyrirliði Chelsea, las Ballack pistilinn eftir leikinn og sagði hann hafa verið að leika allan leikinn og Eiður Smári Guðjohnsen hafði líka skoðun á málinu.

„Þetta var leikaraskapur hjá Ballack. Yfirvöld hafa verið að benda á þá sem reyna að plata dómara og segja að þau vilji losna við þetta úr boltanum. Samt gerist þetta,“ sagði Eiður Smári. ■



JÓN ARNÓR STEFÁNSSON Verður í sviðsljósinu í Stjörnuleik FIBA.

Stjörnuleikur FIBA:

## Jón Arnór í beinni á Sýn

KÖRFUBOLTI Sjónvarpsstöðin Sýn mun sýna Stjörnuleik FIBA í beinni útsendingu þann 14. apríl næstkomandi kl. 16 en hann fer fram á Kýpur. Íslendingar eiga fulltrúa í leiknum en Jón Arnór Stefánsson, sem leikur með rússneska liðinu Dynamo St. Pétursborg, mun spila með Evrópuúrvalinu.

Þetta er í fyrsta sinn sem íslenskur leikmaður spilar í leiknum og er þetta kærkomið tækifæri fyrir körfuboltaáhugamenn til að sjá besta körfuboltamann á Íslandi leika listir sínar. ■

# Það kemur ekkert lengur á óvart í þessu einvígi

**Friðrik Ingi Rúnarsson spáir Snæfelli sigri í fjórða leiknum í Stykkishólmi í dag en segir þó að allt geti brugðið til beggja vona ef leikmenn Snæfells ná ekki tökum á spennustiginu.**

KÖRFUBOLTI Snæfell og Keflavík mætast í Stykkishólmi í dag í fjórða leik liðanna í lokaúrslitum Intersportdeildarinnar í körfubolta. Keflavík leiðir í einvíginu, 2-1, eftir að hafa unnið þriðja leikinn í Keflavík á fimmtudagskvöldið, 86-83, á dramatískan hátt. Þessir þrír leikir liðanna tveggja hafa verið frábær skemmtun og Friðrik Ingi Rúnarsson, fyrrum landsliðsþjálfari, segir að miðað við það, hvernig þessi rimma hafi þróast þá geti allt gerst í fjórða leiknum í dag.

„Það kemur ekkert lengur á óvart í leikjum þessara liða. Þeir hafa verið gífurlega harðir og ég skal viðurkenna að ég hef oft séð betri körfubolta í lokaúrslitum heldur en núna. Harkan er hins vegar slík að mistökin sem leikmenn, ritarar og dómarar hafa gert eru fylgifiskar hennar. Það eykur dramatíkina að þessi lið mætust líka í lokaúrslitunum í fyrra og það er alveg ljóst að það er grunnt á því góða á milli félaganna,“ sagði Friðrik Ingi.

Aðspurður um fjórða leikinn sagði Friðrik Ingi að það skipti öllu máli hvernig leikmenn Snæfells mæta til leiks. „Ég veit að þeir eru reiðir eftir þriðja leikinn þar sem þeir hefðu getað unnið og það getur brugðið til beggja vona hjá þeim. Þeir mæta dýrvitlausir og það gæti allt sprungið út og leikmenn liðsins spili eins og englar. Aftur á móti gæti reynsluleysi liðsins í leikjum eins og þessum gert það að verkum að leikmennirnir mæti of æstir og of ákafir. Snæfellsliðið þarf að stjórna hraðanum í leiknum og reyna að fækka mistökum í sókninni. Um leið og þeim tekst það þá koma þeir í veg fyrir að Keflavík nái hröðum sóknum. Keflavíkurliðið hefur átt erfitt með að skora gegn uppstilltri vörn og ég held að þetta sé lykilinn hjá Snæfell,“ sagði Friðrik Ingi.

**LEIKIR LIÐANNA Í ÚRSLITUM**

| | |
|---|---|
| KEFLAVÍK-SNÆFELL | 90-75 |
| **SNÆFELL-KEFLAVÍK** | **97-93** |
| KEFLAVÍK-SNÆFELL | 86-83 |



TVÖ STIG FRÁ GLOVER Bandaríkjamaðurinn Anthony Glover skorar hér tvö af þrjátíu stigum sínum fyrir Keflavík í þriðja leiknum án þess að Sigurður Þorvaldsson komi nokkrum vörnum við. Glover átti frábæran leik í fjórða leikhluta og skoraði þá sextán stig.

Um Keflvíkinga sagði Friðrik Ingi að þeir mættu pressulausir til leiks í dag. „Þeir vita að þeir eiga alltaf fimmta leikinn eftir á heimavelli og því geta þeir mætt tiltölulega afslappaðir til leiks. Þeir eru hins vegar farnir að lykta af titlinum og hafa löngum sýnt að þeir eru mjög góðir í þeirri stöðu. Ég hallast samt að sigri Snæfells í leiknum og vonast til að fá fimmta leikinn í Keflavík,“ sagði Friðrik Ingi. Leikurinn verður sýndur í beinni útsendingu á Sýn kl. 14 í dag.

oskar@frettabladid.is

Alain Perrin, nýráðinn knattspyrnustjóri Portsmouth með allt á hreinu:

## Hverjir eru eiginlega Charlton?

FÓTBOLTI Það er óhætt að segja að franski knattspyrnustjórinn Alain Perrin, sem tók við Portsmouth í vikunni, mæti til leiks í ensku knattspyrnunni með hreint borð og lítið af fyrirfram gefnum skoðunum á liðum og leikmönnum. Þekkingarleysi hans á ensku knattspyrnunni kom bersýnilega í ljós á blaðamannafundi á fimmtudaginn þar sem hann viðurkenndi að hann vissi lítið um helstu stjörnu Portsmouth, nígeríska framherjann Yakubu, og þekkti hvorki haus né sporð á Charlton, mótherjum Portsmouth um helgina.

„Hverjir eru Charlton?“ spurði Perrin sakleysislega á fundinum og viðurkenndi að hann hefði aldrei heyrt minnst á félagið. „Ég veit ekkert um það. Ég læt Joe um þau mál,“ sagði Perrin og vísaði ábyrgðinni á hendur Joe Jordan, aðstoðarmanni sínum.



ALAIN PERRIN Þekkir hvorki haus né sporð á ensku knattspyrnunni.

Það var líka komið að tómum kofanum hjá Perrin þegar hann var spurður um leikmenn Portsmouth, því hann sagðist ekki þekkja einn einasta þeirra vel. Hann gat þó komið þeim skilaboðum áleiðis að hann vildi halda sínum bestu mönnum og að hann hygðist ekki gera miklar breytingar á liðinu.

Perrin gat sér gott orð sem þjálfari hjá Troyes og kom þeim úr fjórðu deildinni upp í efstu deild áður en hann tók við Marseille. Dvölin þar endaði hins vegar með látum eftir að hann var ásakaður um kynferðislega áreitni við konu sem starfaði hjá félaginu.

Hvað sem öðru líður þá er eins gott fyrir Perrin að bretta upp ermarnar og fara að kynna sér enska boltann – það veitir svo sannarlega ekki af því. - óhþ

TERHI
Vatnabátar



www.velasalan.is
Skoðið úrvalið á heimasíðu okkar og tryggið ykkur bát fyrir sumarið.
VÉLASALAN
Ánanaust 1 - Sími 580 5300
velasalan@velasalan.is

## ÚR SPORTINU

**M**ichael **Owen**, framherji Real Madrid og enska landsliðsins, hefur látið hafa eftir sér að hann hafi ekkert á móti því að fara aftur til síns gamla félags Liverpool. **Owen** var seldur frá Liverpool til Real Madrid síðasta sumar en hefur, þrátt fyrir að vera iðinn við kolann, ekki náð að festa sig í sessi í byrjunarliði spænska liðsins. „Ég fór frá Liverpool í góðu og ég hefði ekkert á móti því að fara þangað aftur. Ég á marga góða vini þar og myndi fara ef sú staða kæmi. Það vita allir að ég hef ekki gaman að því að sitja á bekknum en vonandi breytist það,“ sagði **Owen**.



**H**arry **Redknapp**, knattspyrnustjóri Southampton og fyrrverandi stjóri Portsmouth, spáir því að **Velimir Zajec**, yfirmaður knattspyrnumála hjá Portsmouth, verði ekki langlífur hjá félaginu en hann var ein af megin ástæðum þess að **Redknapp** yfirgaf Portsmouth fyrr á þessu tímabili. **Zajec** hefur stýrt liði Portsmouth síðan **Redknapp hætti en eftir að Frakkinn** Alain Perrin var ráðinn sem knattspyrnustjóri þá er hann kominn í sitt upphaflega starf. „**Zajec** mun fara aftur til baka á þann stað sem hann kom frá og endar sem njósnari hjá einhverju félagi. Ég held að hann muni heyra söngunni til hjá Portsmouth eftir mánuð,“ sagði **Redknapp**.



**P**atrick **Vieira**, fyrirliði Arsenal, er ekki sáttur við að undanúrslitaleikirnir í enska bikarnum fari fram á Þúsaldarleikvanginum í Cardiff, sama velli og úrslitaleikurinn er spilaður á. **Vieira** telur að úrslitaleikurinn muni líða fyrir það, því hann muni ekki vera eins sérstakur og undanfarin ár. „Ég er ekki sáttur, því að liðin tvö sem mætast í úrslitaleiknum hafa þegar spilað á vellinum skömmu áður. Vissulega hentar þessi breiði völlur okkar leikstíl en ég held að það skemmi fyrir að spila báða leikina á sama velli,“ sagði **Vieira** en Arsenal mætir Blackburn í undanúrslitum á Þúsaldarleikvanginum laugardaginn 16. apríl. Daginn eftir mætast síðan Manchester United og Newcastle í hinum undanúrslitaleiknum.



**F**rank **Lampard**, miðjumaðurinn frábæri hjá Chelsea, sem skoraði tvö mörk gegn Bayern München í meistaradeildinni á miðvikudaginn, segir að hann og félagar hans hafi sýnt það að þeir geti lifað án þess að hafa **Jose Mourinho**, knattspyrnustjóra liðsins, á bekknum líkt og raunin var í leiknum á miðvikudaginn. „Það skipti engu máli þótt hann væri ekki á bekknum. Hann undirbjó okkur eins vel og hann gat fyrir leikinn auk þess sem hann er með mjög öflugt lið þjálfara á bak við sig. Auðvitað er betra að hafa hann á bekknum en við sýndum að það skiptir ekki öllu máli.“



**A**ndy **Johnson**, framherji Cyrstal Palace, sem hefur skorað átján mörk í ensku úrvalsdeildinni á þessu tímabili, hefur heitið því að yfirgefa ekki herbúðir Palace jafnvel þótt liðið falli úr úrvalsdeildinni á þessu tímabili. **Johnson** hefur farið hamförum í liði Palace en liðið situr í næst neðsta sæti deildarinnar. Liverpool og Newcastle hafa bæði sýnt **Johnson** áhuga en hann segir það ekki skipta máli. „Ef við förum niður þá ætla ég að vera maðurinn sem kemur liðinu upp á nýjan leik. Ég yfirgef ekki félaga mína á slíkri stund,“ sagði **Johnson**.





EKKERT BRUÐL
Þriðji í afmæli
Tilboðin gilda um helgina eða meðan birgðir endast
Villikryddaðar GRILLSNEIÐAR
VILLI GRILLSNEIÐAR KF
599 KÍLÓVERÐ KR.
40% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN
Merkt verð 998kr.
40% afsláttur við kassann
FROSNIR LAXABITAR
699 kg KR.
30% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN
Merkt verð 999kr.
FROSNIR ROÐLAUSIR BEINLAUSIR
Laxa BITAR
30% afsláttur við kassann
RAUÐVÍNSLEGIÐ LAMBALÆRI
799 kg KR.
KJARNAFÆÐI
KRYDDAÐAR
Svína grill RIFJUR
SVÍNARIFJUR EÐA LAMBARIFJUR Í KRYDDI
299 KÍLÓVERÐ KR.
FERSK KJÚKLINGALÆRI
299 kg KR.
50% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN
Merkt verð 599kr.
50% afsláttur við kassann
HOLTA
Kjúklingalæri FERSK
BÓNUS Ís í boxi
4 box
4 BOX Í KASSA
99 KR.
Pipar sósa
Hvítlauks sósa
99 200g KR.
Hrásalat
Kartöflu salat
99 350g KR.
KRYDDAÐAR
Lamba grill RIFJUR
SVÍNARIFJUR EÐA LAMBARIFJUR Í KRYDDI
299 KÍLÓVERÐ KR.
TILBOÐ Í TUGATALI! Kíktu á Bonus.is
EKKERT BRUÐL
Hátíðin heldur áfram!
100% arabískt GÆÐAKAFFI
LAVAZZA QUALITÀ ORO
Vöffluduft
PURREFNABLANDA fyrir um 20 vöfflur
VÖFFLUDUFT
159 500g KR.
FROSIN HINDBER
129 300g KR.
hindbær
RASPBERRIES HALLON
FROSIN JARÐARBER
159 750g KR.
jordbær
16
LAVAZZA QUALITÀ ROSSA
259 250g KR.
Kornbrauð
BÓNUS
Bónus Kornbrauð
KÍLÓ brauð
69 kg KR.
SUNNUDAGSVERSLANIR
-og fjórði á morgun

# Einkaflugmaður

630.000 kr.
Pakkatilboð

**Innifalið er:**
**Bóklegt fjarnám**
**45 flugtímar á C-172N**
**Næturflugsáritun**

Flugskóli Reykjavíkur
Flugskýli 26, Fluggörðum

Upplýsingar í síma
562-2100 / 696 8447 eða
hafsteinn@flugskoli.com



* Aðeins fyrstu 10 sem gera námssamning við skólan


## STUÐ MILLI STRÍÐA | Hver er þinn tvífari?

**FREYR BJARNASON** VELTIR FYRIR SÉR TVÍFÖRUM, ÞAR Á MEÐAL SÍNUM EIGIN.



MYND: HELGI SIGURÐSSON

Tvífarar geta fundist á ólíklegustu stöðum. Ég fór að velta fyrir mér tvíförum almennt séð eftir að hafa komið auga á tvo slíka á skömmum tíma á dögunum. Fyrst sá ég úti í bæ lifandi eftirmynd Christopher Reeve í hlutverki Klark Kent, áður en hann tók af sér gleraugun og gerðist Súperman, og skömmu síðar tók ég eftir því að tvífari Thom Yorke, söngvara Radiohead, bjó í næsta nágrenni við mig. Ég heilsaði honum meira að segja!

Ekki veit ég hvort það er bara ég en svo virðist sem ég hafi mikla þörf fyrir að finna tvífara fólks. Oft eru það bara taktarnir sem eru svipaðir einhverjum öðrum og stundum eru það bara nefið, augun eða munnurinn sem eru svipuð. Samt sem áður get ég verið snöggur að stimpla þá sem tvífara einhvers strax og minnstu svipbrigði koma í ljós.

Á meðal þeirra frægu persóna sem ég hef orðið þess heiðurs aðnjótandi að getað nálgast í gegnum tvífara þeirra eru eftirtaldar: Nicolas Cage, Sting, Damon Albarn, Eddie Vedder, Julia Roberts, Madonna, Kramer úr Seinfeld-þáttunum, Ruud van Nistelrooy og Tony Adams. Ekki amalegur hópur það og ég er svo sannarlega ríkari maður eftir að hafa kynnst öllu þessu merkisfólki.

Ekki veit ég hvaðan þessi hugmynd um tvífara er komin en það er alla vega skemmtilegt að velta sér upp úr henni. Hún getur stytt manni stundirnar í hinu daglega amstri. Sjálfum hefur mér ekki verið líkt marga. Einu sinni var mér þó líkt við Dennis Bergkamp úr Arsenal og nokkru síðar við hjartaknúsarann Orlando Bloom. Sel það ekki dýrara en ég keypti það.

Því hefur verið haldið fram að allir eigi sér tvífara og hugmyndin um að hitta hann er athyglisverð. Kannski verður það mögulegt í fjarlægri framtíð þegar hægt verður að láta klóna sig á næsta götuhorni en þangað til læt ég mér nægja að ímynda mér hvernig ég myndi bregðast við tvífara mínum. Myndi ég hlæja eða hrökkva í kút? Spurning. ■


# Hármódel óskast:

Stelpuhármódel óskast á Wella hársýningu sem fer fram í Iðuhúsinu sunnudaginn 17. apríl.

Skráning og nánari upplýsingar í síma 563 6300 fyrir miðvikudaginn 13. apríl.

HALLDÓR JÓNSSON
WELLA


# myndasögur

## PONDUS

Eftir Frode Överli




## GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## PÚ OG PA

Eftir SÖB




## KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell




## BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott








Auglýst er eftir skemmti- og sýningaratriðum fyrir þjóðhátíðarskemmtun í Reykjavík. Dagskráin fer fram í miðborg Reykjavíkur og stendur hún frá morgni til kvölds. Gert er ráð fyrir barna og fjölskylduskemmtunum á sviðum, tónleikum, leiktækjum og ýmsum sýningum og götuuppákomum. Þjóðhátíðarnefnd hefur sérstakan áhuga á að efna til samstarfs um uppákomur, skemmtanir og viðburði við fyrirtæki í miðborginni, t.d. kaffi- og veitingahús.

Umsóknum á að skila í Hitt Húsið, Pósthússtræti 3-5, 101 Reykjavík, á eyðublöðum sem þar fást. Eyðublöðin má einnig sækja á vefinn www.17juni.is og senda rafrænt á netfangið 17juni@hitthusid.is. Umsóknarfrestur rennur út 6. maí n.k.

HITT HÚSIÐ
Sími: 520 4600
17juni@hitthusid.is
www.17juni.is

# Helgarsprengja

## Öll raftæki fást í Hagkaupum Smáralind, Skeifu, Kringlu, Spöng og Akureyri

Nýtt í Hagkaupum



**3.999*kr**
**á mán. í 12 mánuði**
**Staðgreitt 47.988**

DēLonghi

**Mjög vönduð hágæða alsjálfvirk espressó kaffivél sem mylur baunir og flóar mjólk.**

- Fullkomin 1,8l espressó kaffivél með kaffikvörn
- Malar kaffibaunir og býr til kaffið
- Tekur líka malað kaffi
- Hægt að stilla hve fín mölunin er
- Býr til gufu bæði til að flóa mjólk og fyrir heita drykki eins og te
- Cappucino System - Blandar saman gufu, lofti og mjólk fyrir frábært cappucino

**DeLonghi er ítalskt merki sem býr að langri hefð í framleiðslu vandaðra kaffivéla. DeLongh sameinar mikil gæði og sígilda ítalska hönnun.**

**"Veldu hágæða sjálfvirka espressó kaffivél sem er traust og einföld í notkun - Veldu DeLonghi Magnifica"**

Nýtt í Hagkaupum



**3.990**

**Ideline súkkulaði pottur**
Bræðir súkkulaði án þess að nota vatn. Engin hætta á að brenna súkkulaðið við. Hentar fyrir allar gerðir af súkkulaði. Með fylgja 6 mismunandi mót sem má nota aftur og aftur, ásamt ýmsum aukahlutum og uppskriftum.



**1.990**
fullt verð 2.990-

**Philips brauðrist**
Vönduð brauðrist með 7 stillingum.



**2.990**
fullt verð 4.990-

**United kaffivél**
1000w kaffivél með 1,2 lítra hitakönnu úr stáli. Slekkur á sér þegar uppáhellingu er lokið. Frábær kaup



**3.990**
fullt verð 4.990-

**Exido blandari**
450w stál blandari m/glerkönnu. 2 hraðastillingar, innbyggður öryggisrofi, púls möguleiki.



**5.990**
fullt verð 6.990-

**Dantax örbylgjuofn**
800w örbylgjuofn, 17 lítra, hvítur.



**4.990**

**Ideline heilsugrill**
800w heilsugrill, safnar fitu og safa í bakka, silfurlitað.



**9.990**

**Exido espressó kaffivél**
2 stál filterar, 15 bar, 1000w, 1,5 lítra



**4.990**

**United ryksuga**
1600w kröftug ryksuga með útdraganlegu sogröri og hepa síu.

Gildir til 14. apríl eða á meðan birgðir endast.
***Stimpil- , seðil- og lántökugjald ekki innifalið.**

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

PÓSTVERSLUN
www.hagkaup.is
grænt númer **800 6680**
sími **568 2255**
HAGKAUPA

# Andaði að sér Goddard táfýlunni

Kvikmyndagerðarmaðurinn sérlundaði *Lloyd Kaufman* stofnaði Troma kvikmyndaverið fyrir 30 árum. Hann er staddur á landinu í tilefni af IIFF 2005 kvikmyndahátíðinni sem sýnir sex mynda hans. Kaufman verður viðstaddur sýningar helgarinnar og mun svara spurningum bíógesta. *Þórarinn Þórarinson* hitti Kaufman að máli og komst að því að hann er engum líkur.

Troma Entertainment er kynlegur kvistur í bandaríski kvikmyndaflóru en fyrirtækið hefur í þrjátíu ár framleitt ódýrar þjóðfélagsádeilur stútfullar af nekt, kynlífi og hryllingi. Félagarnir Micael Herz og Lloyd Kaufman stofnuðu kvikmyndaverið á síðari hluta sjöunda áratugarins með það að markmiði að koma á heimsfriði í gegnum appelsínuhúð.

The Toxic Avenger er eitt frægasta sköpunarverk Troma en hann er óhefðbundin ofurhetja sem verður til þegar nördið Melvin dettur í potta fullan af eiturefnaúrgangi og snýr vörn í sókn og berst gegn glæpum og eineltispúkum.

„Það var miklu meira sjálfstæði í kvikmyndagerð fyrir þrjátíu árum en nú,“ segir þessi galsafengi spaugari sem minnir svolítið á George W. Bush í góðu skapi í gallabuxunum sínum með skræpótta bindið. Að öðru leyti eiga þessir landar fátt sameiginlegt enda er Kaufman frekar vinstrisinnaður og enn hálfgerður hippi.

„Troma er á svörtum listum í Bandaríkjunum og á í vök að verjast í Bandaríkjunum. Hér áður fyrr voru lög sem hindruðu hringamyndanir í viðskiptalífinu en þau eru öll horfin. Það voru einnig til lög sem ýttu undir sjálfstæða listsköpun en þau eru líka gufuð upp. Það sem eftir stendur eru risavaxnar, djöfladýrkandi samsteypur eins og Sony og Fox. Þær eiga kvikmyndahúsin, myndbandaleigurnar og sjónvarpsstöðvarnar og stjórna markaðnum úti um allan heim. Þær eru jafnvel voldugri en Jóhannes Páll páfi annar eða þriðji eða hvað sem hann heitir,“ segir Kaufman sem er kominn í ham og myndast við að hengja sig í hálsbindinu sínu fyrir ljósmyndarann. „Ítök stórfyrirtækjanna eru slík að almenningur í Bandaríkjunum sér ekki óháðar myndir nema þær sleppi einhvern veginn fram hjá samsteypunum.“ Kaufman er þó síður en svo á þeim buxunum að leggja árar í bát og á enn margt eftir ósagt í myndum sínum. „Við erum eins og herpes. Við hverfum aldrei.“

**TROMA MYNDIR Á IIFF 2005**

Citizen Toxie – The Toxic Avenger IV
Terror Firmer
Tromeo&Juliet
Cannibal! The Musical
The Toxic Avenger



FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

**LLOYD KAUFMAN** Toxic Avenger er suðupottur allra kvikmyndagreina. Ég held að framlag Troma til kvikmyndanna sé þessi blöndun. Þú sérð alveg hvað það er við Troma sem til dæmis Quentin Tarantino og Peter Jackson finnst skemmtilegt. Þeir hafa tekið þetta upp sjálfir. Sjáðu bara til dæmis Kill Bill hjá Tarantino. Hann er á svipuðu og róli og við til að mynda hvað aflimanir varðar.

### Ætlaði að bjarga heiminum

En upp úr hverju spratt Troma? Þið hljótið að hafa risið upp eins og pönkarar í andófi gegn tíðarandanum? „Ég elska bíómyndir. Það er ekkert flóknara en það. Ég gerði þau mistök að fara í Yale háskólann sem er sá besti í Bandaríkjunum. Ég ætlaði að verða kennari eða félagsráðgjafi. Þetta var sjöundi áratugurinn og ég ætlaði að bæta heiminn. Ég fékk svo bíóbrjálæðing fyrir herbergisfélaga á heimavistinni. Herbergið var lítið og rúmin okkar lágu þétt saman þannig að á næturnar andaði ég Goddard táfýlunni af fótunum á honum að mér og Troma varð til. Hann lét mig horfa á allar þessar frábæru myndir eftir John Ford, Renoir, Fritz Lang, Andy Warhol og Leni Riefenstahl og ég smitaðist.“

Kaufman segir að það hafi enginn kært sig um að sýna Toxic Avenger þegar hún var tilbúin þar sem fólk áttaði sig ekki á því að um satíru væri að ræða. Satíran er okkar fag og við erum alltaf að fást við félagsleg ágreiningsefni. Við byrjuðum á því að blanda saman gríni og kynlífi í nokkrum myndum en það tíðkaðist ekki þá. Við gerðum það og það gekk vel þannig að Hollywodd hermdi eftir okkur með Animal House, Porky's og fleiru í þeim dúr. Þeir brutu bara reglurnar með því að nota góða leikara og góð handrit.

Við ákváðum því að hætta þessu og leita nýrra viðfangsefna.“

Og þá kom hryllingurinn og Toxic Avenger. „Við lásum í Hollywood Reporter eða einhverju álíka blaði að hryllingsmyndin væri ekki gjaldgeng lengur og sögðum við sjálfa okkur: „A-ha!, ef þetta er satt þá förum við út í hrylling,“ einfaldlega vegna þess að okkur hafði gengið vel að fara gegn sérfræðiáliti. Ég get talað endalaust um Toxic Avenger; þetta er mjög flókið og djúpt verkefni en líka mjög skemmtilegt og sló í gegn.“

### Getum búið til sprengjur en skiljum ekki einfalda hluti

Þú vilt sem sagt ná til fjöldans, vera séður. En ekki falla fjöldanum í geð? „Frumkvöðlaverk okkar hafa að einhverju leyti runnið saman við það sem er almennt samþykkt en við megum aldrei fylgja straumnum. Við erum á svörtum listum og útilokaðir frá markaðnum. Þetta er efnahagsleg útilokun og þó að við höfum aldrei verið vinsælli og frægari höfum við aldrei átt jafn erfitt uppdráttar. Okkur er ekki hleypt á myndbandaleigur eða í bíó. Fyrir fimm árum fengust myndirnar okkar sýndar í bandarísku sjónvarpi en ekki lengur. Við erum í sjónvarpi í Frakklandi, á Ítalíu, í Bretlandi og Japan en ekki í Bandaríkjunum. Það verður samt alltaf pláss fyrir Troma vegna þess að við trúum á það sem við erum að gera og tökumst á við samtímann. Í Ameríku erum við enn að deila um fóstureyðingar og hvort kona megi hafa stjórn yfir líkama sínum eða ekki og hvort samkynhneigðir eigi að fá að giftast. Við erum flinkir að búa til sprengjur en getum ekki skilið að konur eigi að fá að ráða yfir líkama sínum.“ ■




Mynd eftir Harold Bilson

Velkomin í
Gallerí Fold í dag

Í dag höldum við myndlistarveislunni áfram í Galleríi Fold
við Rauðarárstíg og í Kringlunni.
Allir listunnendur eru hjartanlega velkomnir.

Sérstök kynning verður á vaxtalausu listmunalánunum.
Allir sem ganga frá umsóknum um listmunalán í dag
fá grafíkverk eftir Kristján Davíðsson að gjöf.

LISTMUNASALA fold

Sjáumst í Galleríi Fold

Opið laugardag, 11-16

Rauðarárstíg 14-16, sími 551 0400
Kringlunni, sími 568 0400 · www.myndlist.is


Brúðkaup nýrrar aldar.

# Forboðin hjörtu fá loks að eigast

Í dag, eftir þrjátíu og fjögur löng ár, í sundur og saman, fá hjörtu Karls Bretaprins og Camillu Parker Bowles loks að sameinast. Í samanburði við íburðarmikið brúðkaup breska krónprinsins þegar hann gekk að eiga fóstruna Díönu Spencer árið 1981, þegar 750 milljónir manna af heimsbyggðinni fylgdust með og 3500 manns voru meðal brúðkaupsgesta, verður brúðkaup Karls og Camillu með látlausasta sniði.

Frá því brúðkaupið var tilkynnt í byrjun febrúar hefur gengið á ýmsu við undirbúning. Elísabet Englandsdrottning tilkynnti að hún ætlaði ekki að vera viðstödd borgarlega hjónavígslu sonar síns og í vikunni smyglaði blaðamaður gervisprengju inn á landareign Windsor-kastala, þar sem brúðhjónin munu gleðjast í dag. Á fyrirhugaðan brúðkaupsdaginn í gær varð óvænt jarðarför Jóhannesar Páls páfa á dagskrá, svo þau Karl og Camilla þurftu að fresta giftingardegi sínum um einn dag, en samt lendir brúðkaupið milli tveggja jarðarfara þar sem Rainer fursti af Mónakó verður jarðsettur í næstu viku.



**TURTILDÚFUR FÁ GUÐLEGA BLESSUN** Í dag er hamingjudagur í lífi Karls Bretaprins og Camillu Parker Bowles þegar þau loksins fá að eigast eftir áratugalangt ástarsamband.

Hraklegur undirbúningur hefur þó síður en svo dregið úr einlægum ásetningi ástarfuglanna að eigast. Bæði þurfa að játa syndir sínar og misgjörðir í hjónavígslunni, enda bæði lífsreyndar manneskjur; miðaldra, fráskildir foreldrar sem verið hafa í leynilegu ástarsambandi áratugum saman.

Þeir Vilhjálmur prins og Tom Parker Bowles, sonur Camillu, verða hjúskaparvottar. Bretadrottning mun vera viðstödd athöfn þar sem hjónaband Karls og Camillu fær kirkjulega blessun í kapellu Windsor kastala, og alls er 800 gestum boðið til veislu í kastalanum að athöfn lokinni. Gestalistinn er stjörnum prýddur þótt hann þyki litlaus miðað við brúðkaup Karls og Díönu heitinnar. Meðal gesta verða meðlimir úr konungsfjölskyldum Noregs, Grikklands, Hollands, Sádi-Arabíu, Júgóslavíu og Bahrain, ásamt Tony Blair forsætisráherra Bretlands og leiðtogum breskra stjórnmálaflokka. Þá streymdu stjórnur á sviði leiklistar, bókmennta og fjölmiðla til Windsor í gær. Meðal annarra leikararnir Joan Rivers, Kenneth Branagh, Richard E. Grant, Rowan Atkinson og Stephen Fry, sjónvarpsmaðurinn Sir David Frost og rithöfundurinn Jonathan Dimbleby, sem skrifaði æviminningar Karls árið 1994, þar sem prinsinn viðurkenndi samband sitt við Camillu. Fábrotnum gestum er einnig boðið til veislunnar; Barböru Fell, eiganda uppáhaldskráar Karls prins, og þeim Joe og Hazel Relph, eigendum gistihússins Yew Tree Farm, þar sem Karli hefur líkað að gista við hin ýmsu tilefni. ■

# 11

# MILLJÓNIR Í FYRSTA VINNING

**333** **Nú er potturinn þrefaldur!**

**Náðu þér í Lottómiða á næsta sölustað eða á lotto.is – þú gætir unnið litlar 12 milljónir króna.**

**Það getur allt gerst.**

Lottó

ENNEMM / SÍA / NM15559



## MÓÐUR VIKUNNAR

**> MARTA SMARTA FER YFIR MÁLIN**

# Kjólapanik

Vikan var undirlögð af árshátíðarpælingum, því nú í kvöld verður árshátíð Fréttablaðsins haldin. Hingað til hef ég gert stólpagrín að svona samkomum. Fundist massa plebbalegt að fara í hár og förðun. Ég skil heldur ekki þessar massívu áhyggjur yfir því hverju á að klæðast. Konur spá í hverju hinar eru klæddar yfir fordrykknum en yfirlett eru þær fljótar að gleyma því þegar vínandi fer að mælast í blóðinu. Í liðinni viku datt ég hinsvegar í plebbagírinn. Því miður. Ég varð alveg ráðþrota um það, í hverju ég ætti að vera þetta blessaða kvöld. Eftir að hafa þrætt allar verslanir á stór Reykjavíkursvæðinu án árangurs fylltist ég vonleysi. Það var lítið úrval af kjólum en þeir kjólar sem ég rakst á voru annaðhvort of stuttir, af síðir, of þröngir, of litlausir, of væmnir, of kerlingalegir, of gelgjulegir, of pönkaralegir, of hversdagslegir, of sparilegir, of fegurðardrottningalegir, of viðskiptalegir eða of ljótir. Það kom mér á óvart hvað var í raun dapurt kjólaúrval miðað við hvað fæst mikið af öllu á Íslandi. Mér fannst mest bera á gellulegum kjólum sem voru ýmist opnir niður að rassaskoru eða með klaufum upp að mjaðmabeini og varð hissa því ég hélt að tími þeirra væri löngu liðinn. Fyrst þeir fást ennþá í búðunum hlýtur að vera markaður fyrir þá. Efnisvalið var líka í daprari kantinum, 100% gerviefni sem fær hárin til að rísa. Má ég frekar biðja um silki, kasmír og gimsteina. Ég fór líka að spá af hverju konur væru oft svona yfirdrifnar þegar kemur að árshátíðum? Þarf að eyða svona miklum peningum til að hafa gaman? Svarið er líklega í þá átt af hverju ekki? Konur hljóta að mega vera eins og þær vilja án þess að þær séu rakkaðar niður. Svo er það bara í eðli konunnar, sem vill vera falleg og geislandi, þótt það kosti nokkra þúsundkalla. Þegar ég hugsaði þetta árshátíðarmál til enda náði ég góðri lendingu. Ég verð bara í sama kjólnum og í fyrra. Hann er ágætur og gerir engum mein. Ég bind vonir við að hann muni ekki hamla gleðinni. Ef þetta klikkar verð ég bara kosin verst klædda kona fyrirtækisins, það verður bara að hafa það. Ég mun allavega taka því mannalega og með reisn.



**ÆVINTÝRALEGUR** árshátíðarkjóll frá Spaksmannsspjörum



**HERMANNAKJÓLL** úr Karen Millen. **KÚREKASTÍGVÉL**, GS skór.



**HIPPALEGIR** pæjuskór, Zara í Smáralind.





**FLÉTTUBELTI OG SKÓR**, Kultur Kringlunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM OFL

# Veiðitímabilið er hafið



**SAFARÍTÍSKA** frá Prada.

Það getur verið æði hjákátlegt að taka út vor- og sumartískuna þegar úti snjóar og landinn er kominn aftur í dúnúlpur og föðurland. Það má þó alltaf reyna að fá sumarstemmningu í hjartað með því að skella á sig bleikum varalit og dusta vel af sólarpúðri yfir andlitið. Það er ekki ýkja langt síðan það var mál málanna að vera í hermannalegum fötum. Sú tíska náði hámarki fyrir tveimur árum eða á sama tíma og Íraksstríðið braust út. Óheppileg tilviljun segja sumir en tískudrósir heimsins létu það ekki stoppa sig og hermannabuxurnar náðu hámarki um mitt sumar. Nú er aftur farið að bera á fatnaði í hermannastíl. Tískuspekúlantar passa sig á að gera ekki sömu mistökin tvisvar og nú heitir hermannatískan „safarí“. Það er mjög auðvelt að sjá fyrir sér súkkulaðibrúna Íslendinga á sólarströnd keyrandi um í opnum slyddujeppum þegar orðið „safarí“ er nefnt en það er önnur saga. Við „safaríjakkana“ er smart að vera í víðum, hnésíðum pilsum og kúrekastígvélin poppa upp á heildarútlitið. Breið, fléttuð leðurbelti eiga líka heima með „safarífötunum“. Ferskjulitaður og ljós túrkísblár eru fallegir með þessum hermannagræna lit og líka með ljósum jökkum. Nú er málið að draga fram gömlu hermannabuxurnar eða jakkana og poppa það upp með sumarlitunum í ár. Munið bara að nota orðið „safarí“ í stað hermanna.



**„SAFARÍJAKKAR“**, Zara Smáralind.



**PILS** í hermannastíl. Zara í Smáralind.

# Bind vonir við hlýtt sumar

**> SÖNGKONAN BIRGITTA HAUKDAL ER SÉRLEGA HRIFIN AF GYLLTUM TÓNUM Í BLAND VIÐ JARÐLITI.**

Birgitta er ávallt með mörg járn í eldinum. Hún leikur í Ávaxtakörfunni um helgar og tók sig vel út sem gestastjórnandi í þætti Strákanna á Stöð 2 í vikunni. Birgitta stefnir á að fara til New York í maí og er aldrei að vita nema hún missi sig í búðunum þar.

>>>

**Fylgist þú vel með tískunni?** Ekki reglulega en ég hef rosa gaman af því að kíkja í búðir.

**Uppáhaldshönnuðir?** Ég á mér enga uppáhalds fatahönnuði en D&G og Chanel eru í uppáhaldi þegar kemur að sólgleraugum.

**Fallegustu litirnir?** Ég er mikið fyrir jarðliti og gyllta liti.

**Hverju ertu mest svag fyrir?** Ætli ég verði ekki að segja gallabuxum. Ég hef ákaflega gaman af því að fá mér nýjar buxur og svo er ég einstaklega veik fyrir jökkum.

**Hvaða flík keyptir þú þér síðast?** Brúnan hlýrabol með hálsmáli sem þarfnast ekki hálsmens við þar sem hann er eiginlega með áföstu hálsmeni. Ég keypti toppinn í Kiss. Á dögunum fékk ég glænýja Henson peysu sem er nýkomin á markað. Hún er brún að lit og mjög falleg.

**Hvað finnst þér mest sjarmerandi í vor-og sumartískunni?** Peach liturinn er mikið að koma og aðrir fallegir pastellitir sem að eiga eftir að vera fallegir í sólinni í sumar.

**Hvað ætlar þú að kaupa þér fyrir vorið?** Úff, ég veit það ekki alveg. Sennilega fallega skó og kannski pils. Ég bind vonir við að sumarið verði hlýtt.



**Uppáhaldsverslun?** Ég versla mikið af bolum og skarti í Kiss í Kringlunni og er sú verslun í miklu uppáhaldi hjá mér. Ég er mest hrifin af gallabuxum frá Diesel og Gas sem fást í Galleri Sautján og Blend.

**Hvað eyðir þú miklum peningum í föt á mánuði?** Það er rosalega misjafnt. Stundum eyði ég engu og stundum allt of miklu. Það fer alveg eftir fjárhagnum. Ætli ég versli ekki mest á sumrin, þá er svo gaman að kaupa skó, þunna boli og eitthvað sumarlegt.

**Hvaða flíkur gætir þú ekki verið án?** Það er engin flík mér það mikilvæg sem betur fer og mér finnst að fólk eigi ekki að taka ástfóstri við dauða hluti eins og föt.

**Uppáhaldsflík?** Ég fór til London fyrir stuttu og keypti mér loðjakka sem ég er mjög ánægð með. Ég fékk leðurjakka í jólagjöf frá mömmu og pabba sem mér finnst æðislegur.

**Hvert myndir þú fara í verslunarferð?** Það var mjög gaman að versla í London enda er borgin mjög heillandi. Ég væri alveg til í að fara þangað aftur að versla.

**Ljótasta flík sem þú hefur keypt þér?** Flíkurnar mínar eru allar börn síns tíma og eiginlega ekki hægt að dæma þær svona eftir á. Þegar ég versla mér eitthvað er ég alltaf ánægð með hlutina á þeim tímapunkti.



MÁ BJÓÐA ÞÉR Í AFMÆLI?

VIÐ ERUM TVEGGJA ÁRA

KOMIÐ OG FAGNIÐ MEÐ OKKUR
LAUGARDAG OG SUNNUDAG

BLÖÐRUR FYRIR BÖRNIN
GJAFAKORT FYRIR HEPPNA VIÐSKIPTAVINI

NEXT

KRINGLUNNI
551 3200

**Kl. 14.00**
*Spennandi fyrirlestraröð hefst í Háskólabíói í dag í tilefni þess að hundrað ár eru liðin frá því **Albert Einstein** setti fram afstæðiskenninguna. Á hverjum laugardegi í apríl og síðan aftur í haust munu valinkunnir vísindamenn flytja fyrirlestra um fyrirbæri á sínu sérsviði. Í dag fjallar **Gunnlaugur Björnsson** um gammablossa og alheiminn.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Gleymdar dægurperlur

„Gleym mér ei“ er yfirskrift tónleika sem söngkonurnar Signý Sæmundsdóttir sópran og Jóhanna V. Þórhallsdóttir alt efna til í sal F.Í.H. við Rauðagerði í dag.
Þar flytja þær gömlu íslensk dægurlög sem mörg hver voru í danslagakeppni útvarpsins á árum áður en hafa sjaldan heyrst eftir það. Einnig flytja þær stríðsáratónlist eftir Kurt Weill.
Með þeim Signýju og Jóhönnu leikur tríó Bjarna Jónatanssonar píanóleikara, sem auk hans er skipað þeim Hjörleifi Valssyni á fiðlu og Gunnari Hrafnssyni á bassa.
„Þetta eru tangóar og valsar og rosa fílingur í þessu,“ segir Jóhanna. „Bæði dúettar og einsöngslög, og svo syngja strákarnir með okkur og alle grejer.“
Lög Weills koma flest úr söngsafni Teresu Stratas, en það heitir „Hinn óþekkti Kurt Weill“.
Íslensku dægurlögin eru eftir Bjarna Böðvarsson, Guðmund Ingólfsson, Árna Ísleifs, Oscar Cortes, Höskuld Ólafsson, Skúla Halldórsson og Þóri Jónsson, en Trausti Jónsson veðurfræðingur hefur verið söngkonunum til halds og trausts við að grafa upp og halda til haga þessum gleymdu söngperlum.



## EKKI MISSA AF…

… tónleikum rússneska fiðlusnillingsins Maxims Vengerov með Sinfóníuhljómsveit Íslands, sem endurteknir verða í kvöld í Háskólabíói. Einleikarinn bregður sér þar í seiðandi tangódans ásamt hinni brasilísku Christiane

… hinni drepfyndnu leiksýningu **Ég er ekki hommi** í Loftkastalanum með **Gunnari Helgasyni, Friðrik Friðrikssyni** og **Höskuldi Sæmundssyni** í aðalhlutverkum. Næst síðasta sýning verður í kvöld.

… tónleikum **Bryndísar Höllu Gylfadóttur** sellóleikara og **Eddu Erlendsdóttur** píanóleikara í Salnum annað kvöld, þar sem þær flytja verk af nýlega útkomnum geisladisk sínum sem hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin.

# Settur út af sakramentinu

Helgi Þorgils Friðjónsson opnar tvær sýningar á verkum sínum í dag. Önnur þeirra er í Listasafni ASÍ við Freyjugötu en hin í Galleríi 101 við Hverfisgötu.

Hann segir þessar tvær sýningar vera býsna ólíkar.

„Sú sem er í 101 er eingöngu með verkum sem eru unnin á pappír, en hitt eru olíuverk. Í 101 eru frekar litlar myndir, en frekar stórt uppi í ASÍ. En svo eru skúlptúrar á báðum stöðum.“

Í Listasafni ASÍ sýnir Helgi ellefu oíumálverk og tvo skúlptúra sem eru unnir í leir og málaðir með olíulitum. Öll myndverkin eru unnin á síðustu tveimur árum.

Í Arinstofunni má meðal annars sjá stórt málverk af heilagri þrenningu, sem er íslenskur hundur, helstur og fiskur. Fiskurinn er reyndar karfi, en Helgi segir það vera aukaatriði.

„Þetta er bara til að sýna það sem skaffar okkur þennan arð frá jörðinni, landbúnaður og fiskveiðar. Þetta er í það minnsta það sem í huga okkar skaffar þennan arð, þótt það sé reyndar óðum að breytast.“

Helgi segir að meira hugflæði ríki á sýningunni í Gallery 101, enda eru litlar pappírsteikningar á öðrum staðnum en stór olíuverk á hinum.

„Flest verk byrja einhvers staðar á pappír en samt sem áður er styttri lína á milli heila og fingurgóma þegar maður er að teikna. Hugmyndin getur dottið á pappír en það gerist aldrei í olíu því þá málar maður dögum saman.“

Yfirskrift sýningarinnar í Gallery 101 er „Skáhalli tilverunnar“ og vitnar Helgi þar í málarann Theo van Doesburg og fleiri listamenn.

„Hann breytti frá því sem félagar hans voru að gera yfir í skálínuna vegna þess að honum fannst vera meiri túlkun í skálínunni, en þar af leiðandi var hann settur svolítið út af sakramentinu af því hann var að gera eitthvað annað. Ég er þarna aðallega að hugsa um það, hvað veldur því að maður er settur út af sakramentinu.“ ■



**HELGI ÞORGILS FRIÐJÓNSSON** Opnar tvær býsna ólíkar sýningar á verkum sínum í dag.

# Drýpur af hverju strái

„Allt eru þetta meira og minna ástarljóð, sums staðar er ástin forboðin, sums staðar farin og sums staðar mjög einlæg og barnsleg,“ segir Auður Gunnarsdóttir sópransöngkona um lögin sem hún ætlar að flytja á tónleikum sínum í Salnum í kvöld.

„Þetta eru allir variantar af ástinni. Það er allt inni í þessum ljóðum.

Hún ætlar að syngja ljóðasöngva eftir Alban Berg, Sibelius, Grieg og Rachmaninov. Yfirskrift tónleikanna er „Sjúk ást“.

„Það er vegna þess að þeir Alban Berg og Rachmaninov eru ekki beint mjög heilbrigðir í upplifun sinni á heiminum. Þessi expressjóníska lífssýn þeirra er öll frekar þokukennd og ekki verið að fegra hlutina neitt, frekar að sýna þá í ýktri mynd.“

Á milli þeirra segir hún Grieg reyndar vera afskaplega jarðbundinn og heilbrigðan.

„Hann er eins og þetta hreina tæra norræna loft. Maður þarf að taka sig svolítið saman og vera afslappaður, gera ekki mikið úr öllu.“

Lögin á þessum tónleikum eru hins vegar hvert öðru fegurra.

„Þetta er alveg himnesk músík sem fer beint inn í mann. Hvert einasta númer er hreinasti gullmoli og það drýpur af hverju strái.“

Píanóleikaranum Andrej Hovrin kynntist Auður við Óperuna í Wurzburg þar sem hún hefur starfað undanfarin sex ár. Hann er fastráðinn píanóleikari við óperuna, sér um að spila á píanóið þegar söngvararnir æfa sig ásamt því að spila á tónleikum og óperusýningum eftir því sem þörf er á.

„En svo er það hans ástríða að spila með söngvurum og hann hefur lært það sérstaklega, bæði í Rússlandi og Þýskalandi. Hann er frá Rússlandi og maður finnur það alveg, sem er svolítið skemmtilegt. Það er annar blær í spilinu hjá honum en maður er vanur, þessi stóra rússneska sál kemur alveg fram.“

Auður ætlar að dvelja á landinu í tíu daga að þessu sinni. Hún kom bæði til þess að syngja á þessum tónleikum og til þess að anda að sér vorinu, sem reyndar hefur lítið látið á sér kræla til þessa þótt vonandi eigi eftir að rætast úr því.

„Andrej fer hins vegar af landinu á mánudaginn, en ég ætla að reyna að koma honum að minnsta kosti til Gullfoss og Geysis. Hann er óskaplega hrifinn af fegurðinni hérna, þótt hann átti sig ekki alveg á því hvar miðbærinn er.“

Auður segir mikinn mun á því að syngja í óperum eða að syngja á ljóðatónleikum eins og hún gerir í kvöld.

„Það er miklu meiri vinna á bak við svona ljóðatónleika heldur en óperuhlutverk. Hérna stendur þú einn og nakinn og getur ekki falið þig á bak við neitt, en í óperunni getur maður falið sig á bak við hljómsveitina eða kollegana eða hvað sem er. En svona ljóðatónleikar eru verkefni sem maður hefur aldrei tíma til að sinna þegar maður er á kafi í óperuhúsunum. Þess vegna er mjög kærkomið að hafa svolítið rými núna til þess að sinna þessum dekurverkefnum. Þetta er það sem reynir mest á mann.“ ■



FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**AUÐUR GUNNARSDÓTTIR OG ANDREJ HOVRIN** Þau flytja lög eftir Alban Berg, Sibelius, Grieg og Rachmaninov á tónleikum í Salnum í kvöld.




# Ragga Gísla að seljast upp

Miðasala Listahátíðar fer vel af stað, enda er fjölbreytt hátíð framundan.

Miðar á Bergmál Ragnhildar Gísladóttur rjúka út, en verk hennar verður frumflutt í Skálholtsdómkirkju 21. maí og síðan í Langholtskirkju 24. maí. Þar nýtur hún aðstoðar Stomu Yamash'ta, eins þekktasta slagverksleikara heims, og Sjón semur textann. Einnig koma fram Sigtryggur Baldursson og barna- og kammerkór Biskupstungna ásamt Skólakór Kársness.

Af öðrum merkum viðburðum á Listahátíð má nefna mezzosópransöngkonuna Anne Sofie von Otter, sem er í hópi dáðustu söngkvenna samtímans. Hún verður með tónleika í Háskólabíói þann 4. júní.

Franski sirkusinn Cirque sýnir söguna um Gústa trúð á Hafnarbakkanum í Reykjavík, og svo verða tveir afar spennandi tónleikar á sviði heimstónlistar. Annars vegar er þar um að ræða barkasöngvarana í Huun Huur Tu frá Mongólíu og hins vegar fadosöngkonuna Marizu sem er sögð mest spennandi rödd heimstónlistar í dag. ■



**SLAGVERKSLEIKARINN STOMU** Sala á viðburði Listahátíðar er komin á fullt skrið.



FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**GUÐRÚN OG FÉLAGAR** Þau opna sýningu í Kling og Bang í dag.

# Opnun í Kling og Bang

Listamennirnir Guðrún Benónýsdóttir, Lars Laumann and Benjamin Alexander Huseby opna í dag sýningu í Kling & Bang gallerí, Laugavegi 23.

Sýningin er sú fyrsta í röð sýninga unninna út frá samstarfsverkefni Guðrúnar og Lars er ber heitið „Atlantic Inclusions", þar sem unnið er með innsetningar, skúlptúra, ljósmyndir, video og fundna hluti.

Þótt listamennirnir þrír hafi ólíkan bakgrunn og vinni í hina ýmsu miðla sameinast þeir engu að síður í nálgun sinni og aðferðum.

Á opnuninni á laugardaginn mun sænski tónlistarmaðurinn Dan Persson, öðru nafni Chisel, flytja tónlist. Chisel er einn af höfuðpaurum Death-Metal senunnar á Norðurlöndunum.

Sýningin stendur til 1.maí og er Kling & Bang gallerí opið fimmtudaga til sunnudaga klukkan 14-18.



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**EYJÓLFUR TENÓR** Syngur með KaSa-hópnum lög eftir Schubert.

# Schubert í Salnum

Eyjólfur Eyjólfsson tenór syngur á tónleikum með KaSa-hópnum í Salnum í dag. Tónleikarnir hefjast klukkan 14 og verða helgaðir meistaraverkum eftir Franz Schubert.

Úrval sönglaga tónskáldsins verða flutt, meðal annars hið vel þekkta lag Silungurinn. Einnig verða flutt tvö sjaldheyrð tríó Schuberts, Notturno í Es dúr óp. 148 / D. 897 fyrir fiðlu, selló og píanó og Strengjatríó í B dúr D. 581 fyrir fiðlu, víólu og selló.

KaSa hópinn skipa að þessu sinni Sif M. Tulinius, fiðla, Helga Þórarinsdóttir, víóla, Sigurgeir Agnarsson, selló og Nína Margrét Grímsdóttir, píanó.


Rýmum til fyrir garðhúsgögnum og bjóðum því í nokkra daga...

20% afsl. af leðursófasettum






Verðdæmi: Chesterfield
3ja sæta sófi Verð nú kr. 91.500.-
2 sæta sófi Verð nú kr. 75.000.-
Stóll Verð nú kr. 59.000.-
Hábaksstóll Verð nú kr. 51.500.-
Skemill Verð nú kr. 11.000.-

Verðdæmi: Leðursófasett 3+1+1
Verð nú kr. 198.000.-

Verðdæmi: Leðursófasett 3+1+1
Verð nú kr. 198.000.-

Verðdæmi: Hvíldarstóll
með slitsterku áklæði sem auðvelt er að þrífa
Verð nú kr. 34.900.-

Opið virka daga 10-18
Laugard. 11-16

Valhúsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375

KORTER.IS





Opið hús
laugardaginn 9. apríl
kl. 10 til 14.

Fossakot & Korpukot
Fossakot, Fossaleyni 4 • Korpukot, Fossaleyni 12
112 Grafarvogi (í sömu götu og Húsasmiðjan).

Komið og kynnist starfsemi leikskólanna og fáið innsýn í áhugaverðan heim barnanna sem sýna árangur sinn í verkum og myndum.

Aldur barna frá
6 mánaða - 6 ára.

Vistunartími barna
7:30 - 18:30.

Innritun og upplýsingar í síma
577 1900.



fm 98,9 BYLGJAN
Bjarni Ara
Alla virka daga kl. 13-16





Börn sem verða fyrir ofbeldi efast um að þau séu þess virði að vera elskuð

Rjúfum þögn!na
á Arnarhóli 9. apríl kl.14

Nánari upplýsingar
www.blattafram.is



Meðgönguföt • Ungbarnaföt • Nærföt • Fylgihlutir • Kjólar • Buxur • Sundföt • Tónlist fyrir barnið



tvö líf

Opnar nýja og glæsilega verslun fyrir verðandi mæður og börn.
Laugardaginn 9. apríl klukkan 11:00



Holtasmári 1 ( sama hús og Hjartavernd ) • 201 Kópavogur • ✆ 517 8500

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

**MÝRARLJÓS**
**ÖRFÁ SÆTI LAUS Í KVÖLD!**

■ **Stóra sviðið kl. 20.00**

**MÝRARLJÓS** - *Marina Carr*
Lau. 9/4 **örfá sæti laus**, fös. 15/4 **nokkur sæti laus**, fim. 28/4.
**Sýningum fer fækkandi.**

**KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR** - *Ævintýraheimur H.C. Andersen. Ármann Guðmundsson, Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason.*
Sun. 10/4 kl. 14:00 **uppselt**, sun. 17/4 kl. 14:00 **uppselt** og **aukasýning kl. 17:00 nokkur sæti laus**, sun. 24/4 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 1/5 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 8/5 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 22/5 kl. 14:00.

**EDITH PIAF** - *Sigurður Pálsson*
Lau. 16/4 **uppselt**, lau. 23/4 **uppselt**, lau. 30/4 **uppselt**, lau. 7/5 **örfá sæti laus**, fim. 12/5 **örfá sæti laus**, fös. 13/5 **örfá sæti laus**.

■ **Smíðaverkstæðið kl. 20.00**

**GRJÓTHARÐIR** - *Hávar Sigurjónsson*
Í kvöld lau. 9/4 **uppselt**, fim. 14/4 **uppselt**, fös. 15/4 **örfá sæti laus**, fim. 21/4 **nokkur sæti laus**, fös. 29/4. Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!

■ **Litla sviðið kl. 20.00**

**KODDAMAÐURINN** - *Martin McDonagh*
**Frumsýning mið. 13/4 uppselt**, fim. 14/4 **uppselt**, sun. 17/4 **uppselt**, fös. 22/4 **örfá sæti laus**, fös. 29/4. Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!

Miðasölusími: **551 1200** Netfang: **midasala@leikhusid.is** Veffang: **www.leikhusid.is**
Opið kl. **12:30-18:00** mán.-þri. Aðra daga kl. **12:30-20:00**. Símapantanir frá kl. **10:00** virka daga.
**Þjóðleikhúsið sími 551-1200**




**BORGARLEIKHÚSIÐ**
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

*STÓRA SVIÐ*

**DRAUMLEIKUR**
*e. Strindberg. Samstarf: Leiklistardeild LHÍ.*
Í kvöld kl 20, Su 10/4 kl 20, Fi 14/4 kl 20,
Su 24/4 kl 20, Fi 28/4 kl 20 - **UPPSELT,**
***Síðustu sýningar***

**HÍBÝLI VINDANNA**
*leikgerð Bjarna Jónssonar eftir vesturfarasögum Böðvars Guðmundssonar*
Lau 16/4 kl 20, Su 17/4 kl 20, Fi 21/4 kl 20,
Fö 22/4 kl 20, Lau 30/4 kl 20
- ***Fáar sýningar eftir***

**HÉRI HÉRASON**
*e. Coline Serreau*
Lau 23/4 kl 20, Fö 29/4 kl 20

**VORSÝNING LISTDANSSKÓLA ÍSLANDS**
Í dag kl 14, Su 10/4 kl 14

**Miðasölusími 568 8000**
**midasala@borgarleikhus.is**
**Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is**
**Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:**
**10-18 mánudaga og þriðjudaga,**
**10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga**
**12-20 laugardaga og sunnudaga**

***NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ/ÞRIÐJA HÆÐIN***

**TERRORISMI**
*e. Presnyakov bræður*
Aðalæfing Fi 14/4 kl 20 - **kr. 1.000,-**
Frumsýning Fö 15/4 kl 20 - **UPPSELT,**
Mi 20/4 kl 20, Fi 28/4 kl 20

**SEGÐU MÉR ALLT**
*e. Kristínu Ómarsdóttur*
Í kvöld kl 20, Su 17/4 kl. 20, Lau 23/4
***Síðustu sýningar***

**AUSA eftir Lee Hall**
*Í samstarfi við LA.*
Fi 21/4 kl 20 - ***Síðasta sýning***
- ***Ath: Miðaverð kr. 1.500***

**ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR**
*Einleikur Eddu Björgvinsdóttur.*
Fi 14/4 kl 20 - **UPPS.,** Fö 15/4 kl 20 - **UPPS.,**
Lau 16/4 kl 20, - **UPPS.,** Su 17/4 kl 20, - **UPPS.,**
Mi 20/4 kl. 20 - **UPPS.,** Fi 21/4 kl 20 - **UPPS.,**
Fö 22/4 kl 20 - **UPPS.,** Lau 23/4 kl 20 - **UPPS.,**
Su 24/4 kl 20, Lau 29/4 kl 20 - **UPPS.,**
Lau 30/4 kl 20 - **UPPS.,** Su 1/5 kl 20 - **UPPS.,**

**SVIK**
*eftir Harold Pinter*
*Samstarf: Á SENUNNI,SÖGN ehf. og LA*
Í kvöld kl 20 - ***Síðasta sýning***

**RIÐIÐ INN Í SÓLARLAGIÐ**
*e. Önnu Reynolds.*
*Í samstarfi við leikhópinn KLÁUS.*
Fö 15/4 kl 20, Lau 16/4 kl 20
Fö 22/4 kl 20, Lau 23/4 kl 20

**15:15 TÓNLEIKAR**
Í dag kl 15.15 - Ferðalög

**AUGNABLIKIÐ FANGAÐ**

**DANSLEIKHÚSIÐ**
*fjögur tímabundin dansverk*
Fi 21/4 kl 19:09 **Frumsýning**
Su 24/4 kl 19:09, Su 1/5 kl 19:09
***Aðeins þessar 3 sýningar***

**Börn 12 ára og yngri fá frítt í Borgarleikhúsið í fylgd fullorðinna**
- gildir ekki á barnasýningar

# Ungmenni eru líka fólk

**Á laugardaginn hefst á Akureyri átta daga hátíð ungs fólks með þátttöku ungmenna vítt og breitt af landinu. Hátíðin er liður í að byggja upp jákvæða og bjarta ímynd af ungu fólki en aðstandendur hátíðarinnar segja ímyndina dimma og neikvæða.**


FRÉTTABLAÐIÐ/KK

**TRYGGVI AÐALBJÖRNSSON** „Fullorðið fólk verður að hætta að dæma okkur fyrirfram og gefa okkur tækifæri til að sýna hvað í okkur býr," segir Tryggvi.

Birting, hátíð ungs fólks, er samvinnuverkefni nemenda Menntaskólans á Akureyri og Verkmenntaskólans og stendur dagana 9. til 16. apríl. Tryggvi Aðalbjörnsson, nemandi í MA, á sæti í framkvæmdastjórn hátíðarinnar og segir hann mikið skorta á almenna kurteisi hjá mörgu fullorðnu fólki í samskiptum við ungt fólk. „Þetta fólk lítur alls ekki á okkur sem jafningja og sumir ausa yfir okkur skömmum og svívirðingum án þess að tilefni sé til. Við erum fólk eins og annað fólk og viljum að þannig sé komið fram við okkur. Með hátíðinni viljum við sýna samfélaginu að við höfum ýmislegt gott fram að færa og að sú neikvæða mynd af ungu fólki sem dregin hefur verið upp á ekki við rök að styðjast."

Fjórar stúlkur frá Akureyri fóru fyrir páska í alla framhaldsskóla landsins og kynntu hátíðina. „Þær flugu til Reykjavíkur og keyrðu hringinn í kringum landið, samtals tæplega 3.200 kílómetra. Viðtökur voru mjög góðar í flestum skólunum og eigum við von á miklum fjölda ungmenna til bæjarins á meðan hátíðin stendur," segir Tryggvi.

Fjölbreytt dagskrá verður í boði á Akureyri alla dagana sem hátíðin stendur en leiklist, tónlist og önnur listsköpun setur mikinn svip á dagskrána. „Það er erfitt að gera upp á milli dagskráratriða en þó má segja að hápunktar hátíðarinnar verði Söngkeppni framhaldsskólanema, stórtónleikar með Quarashi, fatahönnunarkeppni framhaldsskóla af öllu landinu og söngleikurinn Rígurinn," segir Tryggvi.

Akureyrarbær, framhaldsskólarnir á Akureyri, Vísa Ísland og menntamálaráðuneytið styrkja hátíðina með fjárframlögum og öðrum hætti en auk þess var leitað til fyrirtækja á Akureyri og í Reykjavík. „Kostnaður við hátíðina hleypur á nokkrum milljónum en það var erfitt að fá styrki frá fyrirtækjum og endurspeglast þar viðhorf almennings til ungs fólks. Við erum ekki tekin alvarlega," segir Tryggvi.

**kk@frettabladid.is**

■ **HUNDASÝNING**

# Vinsælasta hundategund landsins

„Ég flutti inn tvær tíkur frá Sperringgardens-ræktun í Svíþjóð 1991 en ári síðar fékk ég fyrsta rakkann sem enn lifir og er þrettán ára," segir María Tómasdóttir formaður Cavalier-deildarinnar á Íslandi.

Cavalier er líklega ein vinsælasta hundategund landsins, en deildin fagnar tíu ára afmæli sínu um þessar mundir.

María hefur haldið vel utan um rekstur deildarinnar og mál manna að fáir hafi eins mikla þekkingu á þessari tegund hunda. Hún segir að til að fagna þessum áfanga efni deildin til alþjóðlegrar sýningar í Reiðhöll Gusts í Kópavogi í byrjun maí. Þar gefst Cavaliereigendum að sýna hunda sína en dómarar eru sérfræðingar í tegundinni.

María segir að fyrstu hvolparnir sem fæddust á Íslandi hafi komið í heiminn 1993 en í byrjun voru hér aðeins hundar af litaafbrigðinu belnheim, hvítir og rauðir en enn í dag eru þeir algengastir. Síðan hafa hundar af örðum litaafbrigðum bætst við. Nú eru Cavalier-hundar á landinu komnir yfir fjögur hundruð og María bendir á að vinsældir þeirra hafi alltaf verið aukast, enda einkar skemmtilegir og þægilegir heimilishundar.

„Aðall þeirra er hve ljúfir og blíðir þeir eru en þeir hafa einnig þann kost að vera kátir og glaðir svo ekki sé talað um hve fallegir þeir eru. Cavalierinn er líklega vinsælasta hundategund landsins og það er alltaf bið eftir þeim og fá færri en vilja," segir hún.

María væntir mikils af sýningunni en hundum í tegundarhópi 9 hefur einnig verið boðin þátttaka. Hægt verður að skrá hundana á skrifstofu HRFÍ fram til hádegis á mánudaginn, 11. apríl, en sýningin fer fram dagana 8-9 maí næstkomandi. ■



**CAVALIER-HUNDAR** Skráningu á hundasýningu Cavalier-deildarinnar lýkur á mánudaginn.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**APRÍL**

6 7 8 **9** 10 11 12

**Laugardagur**

■ ■ **TÓNLEIKAR**

☐ 14.00 **Eyjólfur Eyjólfsson** tenór syngur úrval sönglaga Schuberts á tónleikum í Salnum ásamt KaSa-hópnum, sem einnig flytur tvö tríó eftir Schubert. KaSa-hópurinn er að þessu sinni er skipaður **Sif M. Tulinius** fiðluleikara **Helgu Þórarinsdóttur** á víólu, **Sigurgeir Agnarssyni** sellóleikara og **Nínu Margréti Grímsdóttur** á píanó.

☐ 15.00 Hljómsveitin **Mammút** spilar í Smekkleysu Plötubúð í kjallara Kjörgarðs við Laugaveg.

☐ 15.15 **Marta Hrafnsdóttir** altsöngkona, **Daníel Þorsteinsson** píanóleikari og **Sigurður Halldórsson** sellóleikari flytja tónlist eftir Hjálmar H. Ragnarsson, Tapio Tuomela, Leevi Madetoja og Arvo Pärt á síðustu tónleikum tónleikaraðarinnar 15.15 í Borgarleikhúsinu þetta starfsárið.

☐ 15.30 Söngkonurnar **Signý Sæmundsdóttir** sópran og **Jóhanna V. Þórhallsdóttir** alt efna til síðdegisskemmtunar í sal F.Í.H. við Rauðagerði. Auk þeirra leikur tríó **Bjarna Jónatanssonar** píanóleikara, sem auk hans er skipað **Hjörleifi Valssyni** fiðluleikara og **Gunnari Hrafnssyni** bassaleikara.

☐ 16.00 **Tónskóli Sigursveins D. Kristinssonar** heldur tónleika í Seltjarnarneskirkju. Fram koma Hljómsveit Tónskólans og einleikarar undir stjórn Arnar Magnússonar píanóleikara ásamt einleikurum. Auk þess kemur fram strengjakvartettinn Tumi.

☐ 16.00 **Auður Gunnarsdóttir** sópran og **Andrej Hovrin** halda ljóðatónleika í Salnum og flytja verk eftir Alban Berg, Siebelius, Grieg og Rachmaninov.

☐ 16.00 **Karlakór Siglufjarðar** heldur tónleika í Hafnarfjarðarkirkju ásamt karlakórnum **Þröstum**. Kórarnir syngja hvor um sig og einnig sameiginlega.

☐ 17.00 **Kristjana Stefánsdóttir** og **Agnar Már** verða með tónleika í Húsinu, menningarmiðstöð ungs fólks á Akureyri, í Hafnarstræti 73.

☐ 19.30 Rússneski fiðlusnillingurinn **Maxim Vengerov** leikur ásamt **Sinfóníuhljómsveit Íslands** á tónleikum í Háskólabíói. Hljómsveitarstjóri er **Benjamin Júsopov**.

☐ 23.00 Hljómsveitirnar **Changer, Hostile** og **Momentum** spila á Grand Rokk.

■ ■ **OPNANIR**

☐ 14.00 **Helgi Þorgils Friðjónsson** opnar sýningu í Listasafni ASÍ, Freyjugötu 41.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

APRÍL

6 7 8 **9** 10 11 12

Laugardagur

### OPNANIR

- 14.00 **Fríða Rögnvaldsdóttir** opnar sýningu á lágmyndum í Listsýningarsal Saltfisksetur Íslands í Grindavík. Allar myndirnar eru unnar með steypu á striga.
- 15.00 **Jóhannes Dagsson** opnar sýninguna Endurheimt í Hafnarborg.
- 16.00 **Sigríður Hanna Sigurbjörnsdóttir** opnar sýninguna Textile Collage í Listhúsi Ófeigs, Skólavörðustíg 5.
- 17.00 **Helgi Þorgils Friðjónsson** opnar sýninguna „Skáhalli tilverunnar" í Gallerí 101, Hverfisgötu 18a.
- 17.00 **Guðrún Benónýsdóttir, Lars Laumann** og **Benjamin Alexander Huseby** opna sýningu á verkum sínum í Kling og Bang, Laugavegi 23.

### SKEMMTANIR

- 22.00 **Harmonikufélag Reykjavíkur** heldur harmonikuball í Glæsibæ við Álfheima.
- 23.00 **Eyþór** og **Helga** spila í Café Cúltura í Alþjóðahúsinu.
- 23.00 Kveðjupartí Hiphopþáttarins Kronik verður á Prikinu. Plötusnúðar kvöldsins eru Dj Rampage, Dj Fingapring og Dj B-ruff, einnig munu helstu rapparar landsins láta á sér kveða og taka nokkrar rímur.
- 23.00 Hljómsveitin **Dans á rósum** frá Vestmannaeyjum verður með dansleik á Kringlukránni.
- **Hermann Ingi jr** skemmtir gestum Búálfsins í Breiðholti.
- **Helgi og hljóðfæraleikararnir** verða í dúndurfíling á Oddvitanum, Akureyri.
- Hljómsveitin **Karma** heldur uppi stemningu í Vélsmiðjunni á Akureyri.
- Hljómsveitin **Tilþrif** leikur í Lundanum í Vestmannaeyjum.
- Stórsveitin **Brimkló** heldur uppi hörku stuði á hestamannadansleik í Klúbbnum við Gullinbrú.
- Hljómsveitin **Spritttlamparnir** verða með grímu- og náttfataball á Classic Rock, Ármúla 5.
- Dúettinn **Acoustics** skemmtir á Ara í Ögri.
- Hljómsveitin **Pónik og Einar** leikur á Ránni í Keflavík.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

» FASTUR birta » PUNKTUR


Leikfélag Mosfellssveitar

Ævintýrabókin
barnaleikrit eftir Pétur Eggertz
í Bæjarleikhúsinu Mosfellsbæ
Leikstjóri Ingrid Jónsdóttir

5. sýning Sunnud. 10.apríl kl. 14:00
6. sýning Sunnud. 17.apríl kl. 14:00
7. sýning Laugard. 23.apríl kl. 14:00
8. sýning Sunnud. 01.maí kl. 14:00
9. sýning Sunnud. 08.maí kl. 14:00

*Leikritið segir frá hinum ýmsu persónum ævintýranna sem allir þekkja svo vel þó á annan hátt en í hinum raunverulegu ævintýrim. Persónur eru m.a. Mjallhvít, Rauðhetta og úlfurinn, Prinsessan á bauninni, Öskubuska, Stígvélaði kötturinn og fl.*

Miðasala í síma 5 66 77 88
Miðaverð kr. 1500,-



GERÐUBERG

HRATT OG HÖMLULAUST
- Raunveruleiki íslensku fjölskyldunnar
Sýningunni lýkur 17. apríl

ALPÝÐULISTAKONAN MARÍA JÓNSDÓTTIR
sýnir klippimyndir, verk úr muldu grjóti, leirmuni o.fl. í Boganum
www.gerduberg.is













Tenórinn

Vegna fjölda áskorana
verða tvær aukasýningar

Föstudaginn 15. apríl kl. 20 • Laugardaginn 23. apríl kl. 20

IÐNÓ Miðasala í síma 562 9700 www.idno.is
Tjarnarbakkinn restaurant



"Komdu í kvöld ........."

HARMONIKUBALL
í kvöld frá kl. 22:00
í Glæsibæ við Álfheima.

Fjölbreytt lifandi dansmúsik. Allir velkomnir. - Aðgangseyrir kr. 1.500.


















DVD sýning Vinafélags Íslensku óperunnar

**Ariadne auf Naxos eftir Richard Strauss**
Laugardaginn 9. apríl kl.14.00-17.00. Sýningin er á hliðarsvölum Íslensku óperunnar (gengið er inn um aðalinngang). Allir velkomnir - Aðgangur ókeypis

**Óperustúdíó: Apótekarinn eftir Haydn**
29. apríl kl. 20 - Frumsýning
1. maí kl. 20 - 2. sýn - 3. maí kl. 20 - 3. sýn
8. maí kl. 20 - 4. sýn - 10. maí kl. 20 - 5. sýn - Lokasýning
Ath. Aðgangur ókeypis

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200 | ÍSLENSKA ÓPERAN
Íslenska óperan v/Ingólfsstræti Pósthólf 1416 - 121 Reykjavík Sími: 511 6400



STÖÐ 2-BÍÓ ER ALLTAF ÓKEYPIS FYRIR M12 ÁSKRIFENDUR STÖÐVAR 2

2 BÍÓ

Í OPINNI DAGSKRÁ Í KVÖLD
kl. 20 Divine Secrets of the Ya Ya Sisterhood
kl. 22 Texas Rangers














# Horft fram hjá goðsögninni

„Þetta er áhugavert vor hjá ykkur. Ég kom hingað beint í frostið úr 42 stiga hita í Brasilíu," segir brasilíski kvikmyndaleikstjórinn Walter Salles sem opnaði IIFF 2005 kvikmyndahátíðina í Háskólabíói á fimmtudag með, Motorcycle Diaries, margverðlaunaðri mynd sinni um mótorhjólaferðlag Ernesto Guevara um Suður-Afríku.

Mig hefur lengi langað að koma hingað eða alveg frá því ég hitti Friðrik Þór Guðmundsson á kvikmyndahátíð og sá Börn náttúrunnar. Litli bróðir minn, sem er heimildarmyndagerðarmaður, eyddi líka áramótunum hérna einu sinni og fannst svo gaman að það lá við að við þyrftum að senda einhvern hingað til að draga hann aftur heim til Brasilíu."

Salles byggir mynd sína á dagbókum sem Guevara hélt þegar hann ferðaðist um Suður-Ameríku, 23 ára gamall, löngu áður en hann varð byltingarhetjan Che. „Dagbækurnar fundust í bakpoka árið 1993 og ég hef alið þann draum í allmörg ár að kvikmynda þær. Bókin á svo sterkar rætur í þjóðarvitund Suður-Ameríkana að ég sá strax að hana yrði að taka í Suður-Ameríku á spænsku. Það er svo Robert Redford að þakka að ég gat gert það. Hann las bækurnar og tryggði sér kvikmyndaréttinn og var alveg sammála mér um að myndina mætti ekki gera í Hollywood."

Che er dýrkaður í Suður-Ameríku og er fyrir löngu orðinn íkon og einhvers konar menningarfyrirbæri. Hvernig nálgast maður svona persónu í kvikmynd?



**WALTER SALLES** Nálgast goðsögnina á bak við Che Guevara á mannlegu nótunum í Motorcycle Diaries mynd sem hefur vakið gríðarlega athygli út um allan heim.

„Með því að horfa fram hjá goðsögninni á veggspjöldunum og stuttermabolunum. Bókin lýsir Ernesto eins og hann var áður en hann varð Che. Þetta er ungur maður sem er að reyna að átta sig á því hvað hann ætlar að gera í lífinu. Ég er ekki að fást við íkonið heldur ungan mann sem er fullur efasemda og óöryggis."

Motorcycle Diaries hefur slegið í gegn úti um allan heim en viðtökurnar komu Salles verulega á óvart. „Okkur óraði ekki fyrir því að 10 milljón manns úti um allan heim myndu sjá myndina. Við vorum ekkert að hugsa um það á meðan við tókum hana. Við einbeittum okkur aðeins að sögunni og innihaldi hennar og gáfum okkur öll í það. Síðan komu öll verðlaunin, vinsældirnar og öll lætin. Það sér ekki fyrir endann á þessari ferð en mótorhjólið er núna að ferðast yfir Ísland."

thorarinn@frettabladid.is




## FRÉTTIR AF FÓLKI

Talsmaður leikarans **Brads Pitt** segir grein sem fjallar um ástarsamband hans og **Angelinu Jolie** vera „algjörlega ósanna." Í greininni sem birtist í US Weekly er vitnað í starfsfólk hótels í Kaliforníu sem segir parið hafa verið afar innilegt hvort við annað í nýlegri dvöl sinni á hótelinu. Cindy Guagenti, talsmaður Brads, neitaði sögunni algerlega í tilkynningu sem sýnd var í bandarísku sjónvarpi. Jennifer Aniston sótti um skilnað í síðasta mánuði.













# Maðurinn á bak við hetjuna

**[ KVIKMYNDIR ]**

**UMFJÖLLUN**

Kvikmyndin Diarios de motorcicleta er byggð á dagbókum Ernesto Guevara en þær skrifaði hann á ferðalagi sem hann fór 23 ára gamall, um Suður-Ameríku. Myndin segir frá þessu ferðalagi Guevara og vini hans, vísindamanninum Alberto Granado, en saman reyndu þeir að keyra Suður – Ameríku endana á milli á gömlu mótorhjóli. Þeir lenda í ýmsum hremmingum en fá fyrst og fremst tækifæri til þess að kynnast þeirri hlið á álfunni sem þeir höfðu aldrei séð áður. Í fyrstu er tilgangur ferðarinnar að svala ævintýraþrá þeirra eða eins og þeir segja sjálfir: „Við ferðumst til þess að ferðast.“ Þegar ferðin er á enda hefur þetta ferðalag þó markað djúp og afgerandi spor í líf þeirra.

Í ljósi þess hversu mikið Guevara er dýrkaður í Suður-Ameríku voru gryfjurnar margar sem leikstjóri myndarinnar, Walter Salles, hefur þurft að forðast þannig að ekki yrði úr klisjukennd væmin kvikmynd um frelsishetju. Þetta heppnast mjög vel því eins og einn viðstaddra sagði á leiðinni út: „Mér varð ekki ljóst fyrr en stafirnir komu upp að myndin væri um Che Guevara.“ Hún var því aldrei um þessa hetju sem hefur verið prentuð á boli og plaköt heldur um manninn á bak við byltingarhetjuna. Hún féll aldrei niður á það stig að vera óður til Che Guevera heldur lýsir hún vel þroskaferli hans, hvernig hann breytist úr ævintýragjörnum glaumgosa í fullþroskaðan einstakling sem vill leggja sitt af mörkum til þess að breyta heiminum.

Nálgun Salles heppnast mjög vel. Hún er bæði einlæg og hlutlaus. Leikur Gael Garcia Bernal sem Guevara er mjög góður þótt það sé Rodrigo De la Serna sem steli senunni sem hinn lífsglaði Alberto Granado. Frábært handrit Jose Rivera ásamt góðri tónlist gera Mótorhjóladagbækurnar að vel heppnaðri sögulegri kvikmynd sem stenst allar þær væntingar sem til hennar voru gerðar.

**Freyr Gígja Gunnarsson**



**DIARIOS DE MOTORCICLETA (MOTORCYCLE DIARIES)** IIFF 2005

**LEIKSTJÓRI:** WALTER SALLES

**LEIKARAR:** GAEL GARCÍA BERNAL, RODRIGO DE LA SERNA, MERCEDES MORÁN

**NIÐURSTAÐA:** Myndin er fyrst og fremst vel skrifuð, frábærlega leikin, kvikmyndatakan er hreint augnakonfekt og tónlistin er rúsínan í pylsuendanum. Hún hefur því allt til brunns að bera að geta verið góð kvöldskemmtun.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Umræður standa yfir um nýja rómantíska gamanmynd og kemur til greina að **George Clooney** og **Cate Blanchett** leiki í myndinni. Myndin á að gerast við stríðslok í Þýskalandi. Hún heitir The Good German og er leikstýrt af Steven Soderbergh. Myndin fjallar um bandarískan blaðamann sem er sendur til Þýskalands í sambandi við grein. Í rauninni fer hann þangað til þess að finna týnda ást.






# Adrenalín gegn rasisma

Jóna Hrönn Bolladóttir, miðborgarprestur, hefur unnið markvisst með ungum innflytjendum og Íslendingum gegn fordómum með því að leiða krakkana saman og láta þá starfa saman í gegnum listir og hópefli. Þetta er sannkallað frumkvöðlastarf og með leik, dans og gleði reyna krakkarnir að auka þekkingu sína og slá á fordóma.

Hópurinn kemur saman á hátíð KFUM og KFUK í Smáralindinni í dag og mun berja trommur og dansa undir yfirskriftinni „adrenalín gegn rasisma.“ ■



**GAGN RASISMA** Hópur ungra innflytjenda og Íslendinga koma saman á vegum Miðborgarstarfs Þjóðkirkjunnar til þess að kynnast og sporna gegn fordómum.

## STÖÐ 2 BÍÓ



**Skammdegi. Elsa er ung ekkja sem kemur í afskekkt byggðarlag á Vestfjörðum til að krefjast stórrar jarðar sem hún erfði eftir mann sinn. Aðalhlutverk leika Eggert Þorleifsson og María Sigurðardóttir.**

**6.00** Divine Secrets of the Ya-Ya (Bönnuð börnum) **8.00** Two Against Time **10.00** The Diamond of Jeru **12.00** All Dogs Go to Heaven 2 **14.00** Two Against Time **16.00** The Diamond of Jeru **18.00** All Dogs Go to Heaven 2 **20.00** Divine Secrets of the Ya-Ya (Bönnuð b.) **22.00** Texas Rangers (Strangl. bönnuð börnum) **0.00** Skammdegi (Bönnuð b.) **2.00** Rated X ( Strangl. bönnuð börnum) **4.00** Texas Rangers (Strangl. bönnuð börnum)

## AKSJÓN

**7.15** Korter **13.00** Bravó **14.00** Samkoma í Fíladelfíu **16.00** Bravó **18.15** Korter

## OMEGA

**7.00** Blandað efni **9.00** Jimmy S. **10.00** Daglegur styrkur **11.00** Robert S. **12.00** Maríusystur **12.30** T.J. Jakes **13.00** Daglegur styrkur **14.00** Kvöldljós **15.00** Ísrael í dag **16.00** Daglegur styrkur **17.00** Acts Full Gospel **17.30** Ron P. **18.00** Robert S. **19.00** Daglegur styrkur **20.00** Believers Christian Fellowship **21.00** Kvöldljós **22.00** Daglegur styrkur **23.00** Robert S.

## POPP TÍVÍ

**14.00** Sjáðu (e) **16.00** Game TV (e) **17.00** Íslenski popp listinn (e)

## Í TÆKINU

**GOLDIE LEIKUR Í DEATH BECOMES HER Á SKJÁEINUM KL. 21.00 Í KVÖLD**

# *Átti eigið dansstúdíó sautján ára*

Goldie Jean Studlendgehawn, betur þekkt sem Goldie Hawn, fæddist 21. nóvember árið 1945 í Washington borg en var alin upp í Gyðingahverfi í úthverfi Maryland. Goldie byrjaði í danstímum þegar hún var þriggja ára og rak sitt eigið dansstúdíó sautján ára á meðan hún lærði leiklist í háskóla.

Goldie flutti á endanum til Kaliforníu og fékk hlutverk í gamanþáttunum Good Morning, World sem lifði stutt. Hún fékk stórt tækifæri þegar hún var valin til að dansa í þættinum Rowan & Martin's Laugh-In í janúar árið 1968. Hún fékk nokkrar setningar í þættinum og var brátt ein sú vinsælasta meðal áhorfenda.

Goldie sást fyrst á hvíta tjaldinu í The One and Only, Genuine, Original Family Band árið 1968 en þar hitti hún Kurt Russell, lífsförunaut sinn. Þau náðu samt ekki saman strax og Goldie giftist Gus Trikonis árið 1969 en skildi við hann sjö árum seinna. Næsta mynd Goldie, Cactus Flower árið 1969, sló í gegn og vann hún Óskarinn sem besta leikkona í aukahlutverki. Með þeirri mynd stimplaði hún sig inn sem gamanleikkona og lék í myndum eins og There's a Girl in My Soup árið 1970, Butterflies Are Free árið 1972 og The Girl from Petrovka árið 1974.



Síðan þá hefur frægðarsól Goldie bara risið. Hún og Kurt byrjuðu saman árið 1983 og árið 2003 stofnaði hún fyrirtækið Cosmic Entertainment með Kurt Russell og börnum sínum Kate og Oliver Hudson. Goldie fékk síðan að leika ömmuhlutverkið í janúar á síðasta ári þegar Kate fæddi soninn Ryder Russell Robinson.

**Þrjár bestu myndir Goldie:** **Cactus Flower** – 1969 **Private Benjamin** – 1980 **Deceived** – 1991





*Ferðin á leikinn er dreginn úr öllum innsendum SMS skeytum og nafn vinningshafa verður birt á www.gras.is 15.apríl 2005. Svo vertu búinn að pakka. Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind. Kópavogi, Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 99 kr/skeytið




**▶ 00.45**

*Mexíkóskt*

**Y tu mamá también. Mexíkósk mynd um unglingsstrákana Tenoch og Julio sem hitta Luisu í brúðkaupi.**

## SJÓNVARPIÐ

**8.00** Morgunstundin okkar **8.01** Brandur lögga (23:26) **8.12** Bubbi byggir **8.22** Brummi (34:40) **8.35** Fræknir ferðalangar (32:52) **9.02** Ævintýri H.C Andersens (22:26) **9.28** Gæludýr úr geimnum (11:26) **9.57** Kattalíf (1:6) **10.03** Stundin okkar **10.32** Krakkar á ferð og flugi (20:20)

**11.10** Brúðkaup Karls og Camillu **14.30** Skíðamót Íslands **16.10** Íslandsmótið í handbolta. Úrslitakeppnin, 8 liða úrslit karla, oddaleikur, bein útsending. **18.00** Táknmálsfréttir **18.10** Geimskipið Enterprise

**18.54 Lottó**

**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**

**19.40 Laugardagskvöld með Gísla Marteini**

**20.30 Spaugstofan**

**21.00 Skuggi** (The Phantom)Bandarísk ævintýramynd frá 1996 um ofurhetju af afrískum uppruna sem heldur til New York til að lækka rostann í stórhættulegum glæpamanni. Leikstjóri er Simon Wincer og aðalhlutverk leika Billy Zane, Kristy Swanson, Treat Williams og Catherine Zeta Jones. Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa fólki yngra en 12 ára.

**22.40 Með lífið að veði** (The Life Of David Gale)Bandarísk bíómynd frá 2004. Baráttumaður fyrir afnámi dauðarefsingar er sakaður um að hafa myrt félega sinn og sendur á dauðadeildina. Leikstjóri er Alan Parker og meðal leikenda eru Kevin Spacey, Kate Winslet og Laura Linney. Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa fólki yngra en 16 ára.

▶**0.45** Og mamma þín líka **2.25** Útvarpsfréttir í dagskrárlok.



**▶ 21.05**

*Bíó*

**Master and Commander: Far Side of the World. Jack Aubrey er feykisnjall þegar kemur að sjóorrustum.**

## STÖÐ 2

**7.00** Barnatími Stöðvar 2 (Svampur, Snjóbörnin, Jellies, The, Músti, Póstkort frá Felix, Í Erilborg, Sullukollar, Barney 4 – 5, Með Afa, Véla Villi, Hjólagengið, Thumbelina)

**12.00** Bold and the Beautiful **13.45** Joey (7:24) **14.10** Það var lagið **15.05** Kevin Hill (1:22) **15.50** Eldsnöggt með Jóa Fel IV **16.20** Sjálfstætt fólk **16.55** Oprah Winfrey **17.40** 60 Minutes I 2004

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.54 Lottó**

**19.00 Íþróttir og veður**

**19.15 Whose Line Is it Anyway? 3**

**19.40 Liar Liar** (Lygarinn) Fletcher Reede er útsmoginn lögfræðingur og sérfræðingur í að hagræða sannleikanum. Hann snýr út úr öllu og kemst í raun alltaf hjá því að segja satt. Fletcher hefur hins vegar vanrækt son sinn og þegar stráksi óskar þess á afmælisdaginn sinn að pabbi hans segi alltaf satt og óskin rætist lendir lögfræðingurinn heldur betur í bobba.Aðalhlutverk: Jim Carrey, Maura Tierney, Jennifer Tilly. Leikstjóri: Tom Shadyac. 1997. Leyfð öllum aldurshópum.

▶ **21.05 Master and Commander: The Far Side of the World** (Sjóliðsforingi á hjara veraldar) Enginn er snjallari en Jack Aubrey þegar sjóorrustur eru annars vegar. Þessi virti skipstjóri í breska flotanum þarf nú á allri sinni kunnáttu að halda. Skip hans, HMS Surprise, siglir undan ströndum Suður-Ameríku á tímum Napóleons og mætir þar stærra og miklu öflugra herskipi, Acheron. Aðalhlutverk: Russell Crowe, Paul Bettany, James D'Arcy. Leikstjóri: Peter Weir. 2003. Bönnuð börnum.

**23.20** Dead Man Walking (Stranglega bönnuð börnum) **1.20** Riding in Cars with Boys (Bönnuð börnum) **3.25** Mr. Baseball **5.10** Fréttir Stöðvar 2 **5.55** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí.



**▶ 16:10**

*Enski boltinn*

**Norwich – Manchester United. United þarf að herða sig ef þeir vilja ná 2. sætinu.**

## SKJÁREINN

**12.10** Þak yfir höfuðið **13.00** Upphitun (e) **13.30** Á vellinum með Snorra Má **14.00** Chelsea – Birmingham ▶**16.10** Norwich – Man. Utd **18.15** Will & Grace (e)

**19.00 Survivor Palau (e)** Nú fer keppnin fram á S-Kyrrahafeyjunni Palau.

**20.00 Law & Order: Criminal Intent** Lögregluþættir um stórmáladeild í New York borg. Stórmáladeildin fær til meðhöndlunar flókin og vandmeðfarin sakamál.

**21.00 Death Becomes Her** Grínmynd sem fjallar um græðgi, hégóma, líf og dauða. Í aðalhlutverkum eru Goldie Hawn, Meryl Streep og Bruce Willis.

**22.40 The Swan (e)** Veruleikaþættir þar sem sérfræðingar breyta nokkrum ósköp venjulegum konum í sannkallaðar fegurðardísir! Hinar útvöldu eru sendar í æfingabúðir þar sem þær eru teknar í gegn frá toppi til táar. Búðirnar eru mikil þolraun og þær sem ekki standast álagið eru sendar heim því engir sénsar eru teknir. Hinar sem halda yfirhalninguna út keppa sína á milli um hinn eftirsótta titil „Fegursti svanurinn".

**23.25** Jack & Bobby (e) **0.10** Blue Velvet **2.05** Tvöfaldur Jay Leno (e) **3.35** Óstöðvandi tónlist.

## ERLENDAR STÖÐVAR

### SKY NEWS

Fréttir allan sólarhringinn.

### CNN INTERNATIONAL

Fréttir allan sólarhringinn.

### FOX NEWS

Fréttir allan sólarhringinn.

### EUROSPORT

**12.00** Motorcycling: Grand Prix Spain **13.15** Motorcycling: Grand Prix Spain Jerez **14.00** Ice Hockey: World Women's Championship Sweden **16.00** Tennis: WTA Tournament Amelia Island **17.30** FIA World Touring Car Championship By LG: Monza **17.45** Rally: World Championship New Zealand **18.15** Curling: World Men's Championship Canada **21.00** Xtreme Sports: Yoz Mag **21.30** News: Eurosportnews Report **21.45** Ice Hockey: World Women's Championship Sweden **22.45** Sumo: Hatsu Basho Japan **23.45** News: Eurosportnews Report

### BBC PRIME

**12.00** Doctors **14.00** The Good Life **14.30** Dad's Army **15.00** Top of the Pops **15.55** The Weakest Link Chef's Special **16.45** Friends Like These **17.40** Casualty **18.30** Born to Be Wild: Giraffes On the Move With Joanna Lumley **19.30** Maria Callas: a Big Destiny **20.30** Happiness **21.00** Shooting Stars **21.30** Linda Green **22.30** Top of the Pops **23.00** Resurrecting the Dead Sea Scrolls **0.00** Antarctica **1.00** The Lapedo Child

### ANIMAL PLANET

**12.00** Growing Up Grizzly **13.00** Growing Up Grizzly 2 **14.00** The Crocodile Hunter Diaries **16.00** Pet Star **17.00** King of the Jungle Finale **19.00** Ferocious Crocs **20.00** The Jeff Corwin Experience **21.00** O'Shea's Big Adventure **22.00** A Man Called Mother Bear **23.00** Growing Up... **0.00** Big Cat Diary

### NATIONAL GEOGRAPHIC

**12.00** Phar Lap **14.00** Megastructures **15.00** Air Crash Investigation **16.00** Night Hunters **17.00** Battlefront **18.00** Seconds From Disaster **19.00** The FBI **20.00** State of Siege **22.30** Who Dares Wins

### DISCOVERY

**12.00** Ray Mears' Extreme Survival **13.00** Mythbusters **14.00** Speed Machines **15.00** Flying Heavy Metal **15.30** Rivals **16.00** Super Structures **17.00** Blue Planet **18.00** Extreme Engineering **19.00** American Chopper **20.00** Rides **21.00** Journey Through the Valley of the Kings **22.00** Trauma **23.00** Trash Can of Skin **0.00** Mind Body and Kick Ass Moves

### VH1

**12.00** 1983 **12.30** 1984 **13.00** 80s New Wave **14.00** 80s Hip Hop **15.00** 1985 **15.30** 1986 **16.00** 1987 **16.30** 1988 **17.00** 80s Heavy Metal **18.00** 80s Rock **19.00** Bands Reunited **20.00** Impact of the 80s **21.00** Viva la Disco **23.30** Flipside **0.00** Chill Out **0.30** VH1 Hits

### MTV

**12.00** Making the Video **13.00** J-Lo Weekend Music Mix **13.30** The Story of **14.00** TRL **15.00** Dismissed **15.30** Just See MTV **16.30** Cribs **17.00** European Top 20 **18.00** The Fabulous Life Of **18.30** Cribs **19.00** Viva La Bam **19.30** Pimp My Ride **20.00** Top 10 at Ten **21.00** Made **22.00** So '90s **23.00** Just See MTV

### CLUB

**12.10** Spectacular Spas **12.40** City Hospital **13.35** Hollywood One on One **14.00** Weddings **14.25** Matchmaker **14.50** Fantasy Open House **15.15** Cheaters **16.00** Yoga Zone **16.25** The Method **16.50** The Stylists **17.20** Backyard Pleasures **17.45** City Hospital **18.40** The Roseanne Show **19.25** Matchmaker **19.50** Hollywood One on One **20.15** Sex and the Settee **20.40** Cheaters **21.25** City Hospital **22.20** Crime Stories **23.10** Great Gardens **0.00** Fashion House

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** Love is in the Heir **13.00** The E! True Hollywood Story **18.00** Love is in the Heir **19.00** Jackie Collins Presents **20.00** The E! True Hollywood Story **23.00** Gastineau Girls **23.30** Love is in the Heir **1.00** The E! True Hollywood Story

### CARTOON NETWORK

**12.20** The Cramp Twins **12.45** Johnny Bravo **13.10** Ed, Edd 'n' Eddy **13.35** The Powerpuff Girls **14.00** Codename: Kids Next Door **14.25** Dexter's Laboratory **14.50** Samurai Jack **15.15** Megas XLR **15.40** The Grim Adventures of Billy & Mandy **16.05** Courage the Cowardly Dog **16.30** Scooby-Doo **16.55** Tom and Jerry **17.20** Looney Tunes **17.45** Ed, Edd 'n' Eddy **18.10** Codename: Kids Next Door **18.35** Dexter's Laboratory

### JETIX

**12.20** Digimon I **12.45** Super Robot Monkey Team **13.10** Iznogoud **13.35** Life With Louie **14.00** Three Friends and Jerry II **14.15** Jacob Two Two **14.40** Ubos **15.05** Goosebumps **15.30** Goosebumps

### MGM

**12.15** Willy Milly **13.40** Pork Chop Hill **15.20** Romantic Comedy **17.00** Midnight Witness **18.30** High Tide **20.10** Hills Run Red, the **21.40** Koyaanisqatsi **23.05** Scenes from the Goldmine **0.50** Easy Money **2.25** Comanche

# VIÐ MÆLUM MEÐ...

## BRÚÐKAUP KARLS OG CAMILLU *Sjónvarpið kl.* 11.10

### Konunglegt brúðkaup

***Umsjónarmenn verða Baldvin Þór Bergsson fréttamaður og Hildur Helga Sigurðardóttir.***

Sjónvarpið sýnir beint frá brúðkaupi Karls Bretaprins og Camillu Parker Bowles í dag en útsendingin hefst klukkan 11.10 með myndum af komu brúðkaupsgesta í Windsor Guildhall. Fimm mínútum seinna leggja hjónaefnin af stað frá Windsorkastala og aka sem leið liggur til Windsor Guildhall. Fjölmiðlar fá ekki að fylgjast með hjónavígslunni sjálfri, sem hefst klukkan 11.30, en klukkan 11.45 ganga úr húsi þau Karl og frú Parker Powles, sem þá verður orðin hertogaynja af Cornwall, og eftir ljósmyndatöku aka þau aftur að Windsorkastala.



Karl og Camilla.

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„Right, you daughter! I have your asshole here!"**

**Svar:** Robert úr kvikmyndinni A Life Less Ordinary frá árinu 1997.



**13.45** *Íþróttir*

**Meistaradeildin í handbolta. Síðari leikir undarúrslitanna fara fram um helgina.**

## SÝN

**9.00** Veitt með vinum **9.50** US Masters 2005

**12.50** US Masters 2004 **13.45** Interspertdeildin (Keflavík – Snæfell) **15.30** Inside the US PGA Tour 2005 **16.00** Motorworld **16.30** The World Football Show **16.55** World Supercross

**17.50** Spænski boltinn. Bein útsending frá leik Numancia og Atletico Madrid.

**19.55** **US Masters 2005** (Bandaríska meistarakeppnin)Bein útsending frá þriðja keppnisdegi bandarísku meistarakeppninnar í golfi,US Masters, en leikið er á Augusta National vellinum í Georgíu.

**23.00** Hnefaleikar (MA Barrera – Pacquiao)

**0.45** Hnefaleikar (Erik Morales – MA Barrera) **2.00** Hnefaleikar. Bein útsending frá hnefaleikakeppni í El Paso í Texas. **0.45** Hnefaleikar (Erik Morales – MA Barrera) **2.00** Hnefaleikar. Bein útsending frá hnefaleikakeppni í El Paso í Texas.

### TCM

**19.00** Objective, Burma! **21.20** Stand By for Action **23.05** Arturo's Island **0.40** The Picture of Dorian Gray **2.30** Eye of the Devil

### HALLMARK

**12.45** Mrs. Lambert Remembers Love **14.15** Barbara Taylor Bradford: To Be the Best **16.00** Flood: A River's Rampage **17.45** Just Cause **18.30** Mermaid **20.00** Gone But Not Forgotten **21.45** The Murders in the Rue Morgue **23.15** Gone But Not Forgotten **1.00** Mermaid

### BBC FOOD

**12.00** Sophie's Weekends **12.30** Ready Steady Cook **13.00** Deck Dates **13.30** Wild and Fresh **14.00** Can't Cook Won't Cook **14.30** Dinner in a Box **15.30** Ready Steady Cook **16.00** James Martin Delicious **16.30** Worrall Thompson **17.00** Food Source **17.30** Forever Summer With Nigella **21.30** Ready Steady Cook

### DR1

**12.50** DR Dokumentar: Kærlighed og Kaviar **13.30** Muppet Show **14.00** Boogie Listen **15.00** Ungefair **15.40** F¢r s¢ndagen **15.50** Held og Lotto **16.00** Cirkeline – Ost og kærlighed **16.30** TV Avisen med vejret **16.55** SportNyt **17.05** Mr. Bean **17.30** Tæt på Dyrene **18.00** aHA! **18.45** Fætrene på Torndal **20.20** Columbo **21.30** The Long Run **23.20** Boogie Listen

### SV1

**12.00** Simhopp: Europacupen **13.30** Ishockey: VM Damer **16.00** BoliBompa **16.01** Disneydags **17.00** Livet enligt Rosa **17.30** Rapport **17.45** Sportnytt **18.00** Wild Kids **19.00** Ulveson och Herngren **19.30** Kalla spår **20.15** Golf: US Masters **21.15** Rapport **21.20** Golf: US Masters **23.00** Sändningar från SVT24

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**9.00** Bílaþáttur, umsjón Leó M. Jónsson. **10.03** Laugardagsmorgunn, umsjón Eiríkur Jónsson.

**12.10** Hádegisútvarpið – Fréttatengt efni í umsjón Kristjáns Hjálmarssonar og Þórarins Þórarinssonar. **13.00** Sögur af fólki, umsjón Róbert Marshall **15.03** Dýraþátturinn e.

**16.00** Viðtalsþáttur Sigurðar G. Tómassonar e. **17.03** Frjálsar hendur Illuga Jökulssonar **18.00** Úr sögusafni Hitchcocks, Konfekt og kærleikur

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**7.05** Samfélagið í nærmynd **8.05** Músík að morgni dags **9.03** Út um græna grundu **10.15** Öðruvísi mér áður brá **11.00** Í vikulokin

**12.20** Hádegisfréttir **13.00** Laugardagsþátturinn **14.00** Til allra átta **14.30** Gylltir fjötrar **15.20** Með skaffinu **15.45** Íslenskt mál **16.10** Orð skulu standa **17.00** Með tónlistina að vopni

**18.00** Kvöldfréttir **18.28** Rölt á milli grafa **19.00** Íslensk tónskáld **19.30** Stefnumót **20.15** Flugufótur **21.05** Fimm fjórðu **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Uppá teningnum

**23.10** Danslög

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**7.05** Morguntónar **9.03** Helgarútgáfan

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Helgarútgáfan **16.08** Handboltarásin

**18.00** Kvöldfréttir **18.28** Tónlist að hætti hússins **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** PZ-senan **22.10** Næturgalinn

**2.03** Næturtónar

## BYLGJAN FM 98,9

**9.00** Gulli Helga

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Rúnar Róbertsson **16.00** Henný Árna

**18.30** Kvöldfréttir **19.00** Bjarni Ólafur - Danspartý Bylgjunnar

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**12.40** MEINHORNIÐ

**13.00** FRELSIÐ **14.00** Torfi Geirmundsson hársnyrtir – þáttur um hár og hárhirðu **15.00** Áfengisforvarnarþáttur

**16.00** Endurflutningur frá liðinni viku.

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying





## HRÓSIÐ

*...fær tífaldi Grammyverðlaunahafinn Bobby McFerrin fyrir að ætla að heimsækja Ísland í ágúst. Hann heldur tónleika í Háskólabíói 9. ágúst. Vinsælasta lag hans er án efa Don't Worry, Be Happy.*

## INNI



**Stór sólgleraugu.** Verður Audrey Hepburn einhvern tíma hallærisleg? Mjög ólíklega. Fíni stíllinn hennar og stóru sólgleraugun eru ennþá ótrúlega heit. Sérstaklega núna þegar sólin er farin að kíkja á okkur þá er varla hægt að setjast undir stýrið á bílnum án þess að skella stórum sólgleraugum á smettið. Jafnvel þó svo að hitinn láti á sér standa.



**Ekta íslensk nöfn.** Sterk nöfn með mikinn karakter eins og Hrafnhildur, Sigríður, Guðbrandur, Þorvaldur, Styrmir og Hallgerður. Nöfnin eru ótal mörg og um að gera að notfæra sér þessi íslensku fallegu nöfn. Margir falla í þá gryfju að skíra krúttlegu börnin litlum og væmnum nöfnum en rétt er að hafa það í huga að einn daginn verða krúttlegu börnin að fullorðnu fólki. Það er ekkert gaman að vera stór karakter með lítið og væmið nafn.



**Espadrillur.** Líklega vita ekki allir hvað um er að ræða þegar orðið Espadrilla ber á góma. Þessi skófatnaður var þó í tísku á níunda áratugnum og einkennist af bastsólanum. Núna eru espadrillurnar með meiri hæl og rosalega smart og flottar. Espadrillurnar á myndinni eru frá Marc Jacobs og eru með fylltum hæl.

## ÚTI



**Snjór í apríl.** Hvað á þetta að þýða? Snjór í sama mánuðinum og sumardagurinn fyrsti er í? Ekki það að sumarið hafi nokkurn tíma komið í apríl þrátt fyrir þann dag en það er þó óþarfi að skjóta manni skelk í bringu með heljarinnar snjókomu. Vonandi fer þessu að linna og vorið að láta sjá sig fyrir alvöru.



**Jogging gallar.** Fyrir það fyrsta eru íþróttaföt ekkert svakalega smart. En svona matching íþróttagallar eru algjörlega toppurinn á ósmekklegheitunum. Að sjálfsögðu er þetta réttlætanlegt inni á íþróttavellinum meðan á leik stendur. En að sjá fólk á röltinu á Laugaveginum í jogging galla! Svo ekki sé talað um hjón eða par í jogging göllum í stíl. Algjör viðbjóður!



**Litlar kórónuspangir.** Nú er tími árshátíðanna. Því miður þýðir það að tími ljótra galakjóla og ósmekklegra greiðslna stendur líka yfir. Ósmekklegheitin eru svo allt of gjarnan toppuð með lítilli kórónu á kollinum! Hvaða rugl er það? Svona kórónur eru fyrir litlar stelpur í prinsessuleik ekki fullorðnar konur á árshátíðum!

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | 5 |
| 6 | | | ■ | 7 | |
| 8 | | ■ | 9 | | |
| | ■ | 10 | | | ■ |
| ■ | 11 | ■ | 12 | | 13 |
| 14 | | | ■ | 15 | |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | | | ■ | |

**Lárétt:** **1** bliknar, **6** kasta upp, **7** eignast, **8** tveir eins, **9** fæða, **10** gerast, **12** eins um i, **14** ennþá, **15** nes, **16** leit, **17** virti, **18** hró.

**Lóðrétt:** **1** komin í heiminn, **2** tímabil, **3** tónn, **4** ómögulega, **5** sláa, **9** hagnað, **11** orm, **13** glaði, **14** hestur, **17** skóli.

**Lausn.**

**Lárétt:** **1** fölnar, **6** æla, **7** fá, **8** dd, **9** ala, **10** ske, **12** kík, **14** enn, **15** tá, **16** sá, **17** mat, **18** skar.

**Lóðrétt:** **1** fædd, **2** öld, **3** la, **4** afleita, **5** ráa, **9** akk, **11** snák, **13** káti, **14** ess, **17** mr.

## [ VEISTU SVARIÐ ]

Svör við spurningum á bls. 8

1. Grímseyjingar.
2. Mangógrilli.
3. IIFF 2005.









**ÓLAFUR STEFÁNSSON** Einn besti handknattleiksmaður heims ætlaði að skrifa bók um heimspeki en ákvað að fresta því að sinni.

ÓLAFUR STEFÁNSSON: ÆTLAÐI AÐ GEFA ÚT BÓK HJÁ BJARTI

# Heimspeki handboltamanns frestað um sinn

Fyrirhuguðu samstarfi bókaútgáfunnar Bjarts og Ólafs Stefánssonar handboltakappa hefur verið slegið á frest um óákveðinn tíma. Bjartur hafði farið þess á leit við Ólaf að hann myndi skrifa fræðibók um handbolta en vegna anna hjá handboltakappanum hefur bókin verið sett í salt.

„Við ákváðum að fresta því að gera bókina með Ólafi. Við ætlum bara að sjá til en hann hefur mikið að gera í náminu og handboltanum," segir Snæbjörn Arngrímsson, útgefandi hjá Bjarti. „Ólafur er opinn og skemmtilegur maður og þess vegna tókum við upp samband við hann. En það verður ekkert úr þessu, allavega ekki í bili."

Að sögn Snæbjörns átti bók Ólafs að vera fræðibók um það hvernig það er að vera handboltamaður. „Bókin átti að koma út í svörtu línunni hjá okkur um heimspeki handboltamannsins," segir Snæbjörn en það eru aðallega menn í Bjartsklíkunni sem hafa gefið út í Svörtu línunni. Þar á meðal eru Bragi Ólafsson, Eiríkur Guðmundsson, Þröstur Helgason, Hermann Stefánsson og Jón Karl Helgason.

Ólafur stundar fjarnám í heimspeki og hefur farið á kostum á bloggsíðu sinni, blog.central.is/melankoli/, þar sem hann deilir vangaveltum sínum með lesendum.

Bjartsmenn hafa átt í fínu sambandi við Ólaf og hafa meðal annars sent honum gjafir. „Ólaf langar að mennta sig og við sendum honum bækur. Hann var til dæmis að lesa bókina Eftir skjálftann eftir japanska rithöfundinn Haruki Murakami sem við gáfum út fyrir skömmu," segir Snæbjörn. ■



**KÖFUNARDAGUR** Sportkafarafélag Íslands býður almenningi upp á að prófa sportið í Sundhöll Reykjavíkur í dag.

# Köfun í Sundhöllinni

Köfunardagurinn er haldinn í dag í tíunda skiptið. Árlega heldur Sportkafarafélag Íslands þennan dag hátíðlegan og bjóða þá meðlimir félagsins almenningi að prófa köfun. „Þarna getur hver sem er mætt á sundskýlunni og fær þá allar græjur og upplýsingar. Reyndir kafarar verða á staðnum fólki til aðstoðar. Við gerum þetta aðallega til þess að kynna sportið og leyfa þeim sem aldrei hafa prófað að upplifa þyngdarleysið og hversu skemmtilegt sport þetta er," segir Simbi Hjálmarsson formaður Sportkafarafélagsins.

Aðspurður hvort aðsóknin hafi hingað til verið góð segir hann að um tvö til þrjúhundruð manns hafi komið hvert ár til þess að prófa. „Það er um að gera fyrir áhugasama að mæta snemma í dag því yfirleitt myndast fljótt örtröð. Það geta nánast allir stundað þetta sport og fólk á öllum aldri. Sá yngsti sem ég veit til þess að hafi prófað köfun er fimm ára og sá elsti sextíu og sjö ára. Algengasti aldurshópurinn sem mætir á köfunardaginn eru þó krakkar á aldrinum tíu til fimmtán ára."

Köfunin fer fram í Sundhöll Reykjavíkur og húsið opnar klukkan tíu. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Sportkafarafélagsins, www.kofun.is. ■



**KRONIK** Þeir Benni B-Ruff og Robbi Kronik voru umsjónarmenn útvarpsþáttarins Kronik og standa fyrir kveðjupartíi á Prikinu í kvöld.

# Kveðjupartí á Prikinu

Í kvöld er kveðjupartí Hiphop-þáttarins Kroniks á Prikinu. Þættinum var kippt af dagskrá eftir tólf ár í loftinu þegar X-ið 97,7 var lagt niður. Kronik var afar vinsæll af hiphop-aðdáendum og átti mikinn þátt í þeirri grósku sem hefur átt sér stað í íslensku hiphop-senunni.

Benni B-ruff og Robbi Kronik hafa nú í sameiningu útbúið mixdisk með helstu lögum síðasta áratugar. „Þegar Kronik hætti þá ákváðum við að gera nokkra diska og þetta er fyrsti mixdiskurinn sem kemur út. Þetta eru lög sem minna okkur mest á þetta tímabil sem þátturinn var í loftinu. Við höfum verið með árslista Kronik á hverju ári síðan 1993 og þessi lög sitja fastast í minningunni. Þetta eru lög sem koma manni í góðan fíling og mörg lögin höfum við ekki spilað mjög lengi," segir Benni.

Þrátt fyrir að Kronik heyrist ekki ennþá í loftinu þá halda Kronik-kvöldin svokölluðu áfram. Þátturinn hefur staðið fyrir ýmsum uppákomum í gegnum tíðina og má þar nefna ýmsa tónleika, rímnastríð, plötusnúðakeppnir og fleira sem hefur verið gríðarlega vinsælt hjá íslenskum hiphop-unnendum.

Kveðjupartíið hefst um ellefu og stendur fram eftir morgni. Plötusnúðar kvöldsins eru Dj Rampage, Dj Fingaprint og Dj B-Ruff og verður mixdiskurinn seldur á þúsund krónur. ■

# Teboð yfir brúðkaupi



**HIÐ KONUNGLEGA FJELAG** Stjórnarmeðlimir efndu til kvæðakeppni í tilefni brúðkaupsins. Hér má sjá Margréti Sveinbjörnsdóttur lúðurþeytara og Eyrúnu Ingadóttur kammerjómfrú með verðlaunagripinn.

Hið konunglega fjelag nefnist félag áhugafólks um kóngafólk. Stjórn Hins konunglega fjelags ætlar að sjálfsögðu að hittast í teboði og horfa saman á beina útsendingu frá brúðkaupi þeirra Karls Bretaprins og Kamillu Parker-Bowles í dag. „Við erum mikið að fjalla um breska kóngafólkið og höfum því haldið okkur við teboð. Stjórnarfundirnir fara þannig fram að einn stjórmarmeðlimur býður stjórninni í teboð. Við sendum svo reglulega fréttabréf til meðlima sem innihalda fréttir af konungbornu fólki. Þetta áhugamál okkar er gríðarlega skemmtilegt svo ef fólk vantar áhugamál þá mæli ég hiklaust með þessu," segir Eyrún Ingadóttir kammerjómfrú í Hinu konunglega fjelagi.

Breska konungsfjölskyldan er félaginu augljóslega hugleikin og í tilefni brúðkaupsins efndi stjórnin til konunglegrar kvæðakeppni. Sigurvegari keppninnar er Einar Kolbeinsson með kvæðið Prinsinn af Wales – Kveðja frá íslensku þjóðinni. Hlaut hann innrammaða mynd af brúðhjónunum í verðlaun.

„Við byrjuðum formlega í maí árið 2004 og eigum því bráðum ársafmæli," segir Eyrún. Stjórn félagsins skipa um fjögur manns sem ganga öll undir heitum líkt og Eyrún. „Við erum með hirðskáld, lúðurþeytara, hirðsiðameistara og kæmeistara. Það eru glettilega margir í félaginu en margir sem eru leynifélagar og því ekki hægt að segja til um fjölda félagsmanna." ■




# habitat

Hönnun, litir og efnisval, ein heild

## Sumarvörurnar streyma inn!
















Úrval og litir sem aldrei fyrr.







HUGTÖK APR.05

**1.** Bamboo sólhlíf, bambusgrind, litir grænn, hvítur, rauður. Þvermál 270 cm,. kr. 5.800.-. Fleiri gerðir til, stærri og minni. **2.** Tang hnífaparabakki, akrylik/plast, blár, bleikur og appelsínugulur. kr. 750.-. **3.** Myndstruð viskustykki úr bómull, 3 saman í pakka kr 1.450.-. Mikið úrval, fleiri litir og verð. **4.** Solid Rib 50 x 50 púðar, bómull, fjöldi lita, kr 1.850.-. Aðrar gerðir púða í úrvali stærða og lita. **5.** Sumarlegar skálar ýmsar stærðir og glös frá kr. 150.- **6.** Myndstarðir plastdiskar, kr 390.-, plastsalatskál og áhöld kr 1.550.-. Doppótt, stórt kerti kr. 1.650.-. Bush hi.fi. útvarp kr. 9.900.-. **7.** Plastbakki kr 1.800.-, bjórglas kr. 125.-, Pappírsservéttur í ýmsum litum og myndstri, 20 í pk. frá kr 450.-. **8.** Nýstárleg kerti í fjölbreyttu úrvali og af ótrúlegum gerðum.

**habitat**

Virka daga 10-18. Laugardaga 11-17
Askalind 1 • Kópavogur • 568 9700
www.habitat.net • habitat@simnet.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000









BAKÞANKAR

GUÐMUNDAR STEINGRÍMSSONAR

## Fyrirmyndir

Nú dynur á manni auglýsingaherferð frá Umferðarstofu þar sem fimm, sex ára patti er látinn gefa manni fokkmerki á heilsíðum dagblaðanna og annar segir „hægðu á þér keelling“ í sjónvarpinu. Ég verð að játa að mér brá dálítið við að sjá þennan unga dreng sýna mér löngutöng og eitthvað finnst mér stórundarlegt að sjá unga piltinn tala af svo mikilli óvirðingu til kvenfólks.

**EN** þannig er það nú með auglýsingar, að menn segja að ef þær veki athygli að þá sé takmarkinu náð. Þessar vekja athygli. En ég ætla nú samt að leyfa mér að halda því fram að það hefði verið betra að sleppa þessum auglýsingum og að Umferðarstofa hefði bara átt að halda þeim fyrir sjálfa sig, innanhúss.

**ÉG** vil meina að ókurteisi í umferðinni sé ekki það mikið vandamál að það sé ástæða til þess að kenna börnum að gefa fokkmerki með heilsíðuauglýsingum og að segja „hægðu á þér keelling“ með auglýsingum bæði í sjónvarpi og útvarpi. Ég held að ókurteisi í umferðinni geti vissulega verið bagaleg en ég tel að hún sé alls ekki svo mikið þjóðfélagslegt mein að það sé nauðsynlegt að láta börn sýna landsmönnum fingurinn.

**OG ÞAR** fyrir utan: Af hverju hafa menn svona miklar áhyggjur af því að fólk bölvi hvort öðru endrum og eins í umferðinni? Hvers konar láideiðu- og tuskuþjóðfélag vilja menn búa til? Af hverju skyldi maður ekki bölva ökumanni í sand og ösku stundarkorn sem kannski svínar fyrir mann? Ég held að það sé líka allt í lagi fyrir börnin að sjá það að pabbi og mamma verða stundum reið. Ég man eftir því að hafa orðið vitni að fólki blóta þegar ég var krakki. Fannst það oft fyndið, stundum skrýtið. Ég man líka eftir því að fyrir gífuryrðunum voru yfirleitt einhverjar ástæður sem jafnvel ég skildi.

**ÞESSAR** auglýsingar draga upp fáránlega mynd af börnum. Eins og börn gangi um og segi ìhægðu á þér keellingî bara út því að pabbi sagði það einhvern tímann í bílnum? Án þess að ég ætli mér að verja pabbann, sem lítur út fyrir að vera mjög athyglisverð týpa (eða fyndin týpa, ef út í það er farið) að þá finnst mér Umferðastofa hafa séð fyrir sér einum of einfalt orsakasamhengi í samskiptum barna og foreldra þegar sú mynd er dregin upp af börnum að þau einfaldlega bara lepji upp einhverja fýlulega, andlausa frasa frá fullorðnum og segi þá síðan á leikskólanum upp úr þurru eins og forrituð vélmenni.

**TÖLUM** um fyrirmyndir. Gerum frekar auglýsingaherferð þar sem við reynum til dæmis að segja fullorðnum að hætta að ota þeirri hugsun að börnum að tilgangur lífsins sé fyrst og fremst fólginn í því að eignast sem mesta peninga. Þar er miklu meiri hætta á ferðinni heldur en sú sem felst í því að mamma og pabbi blóti stundum í umferðinni. Ekki þar fyrir: Hugsanlega blóta þau svona mikið í umferðinni vegna þess að þeim finnst þau ekki eiga nógu mikla peninga. En það er bara tilgáta.


